**JOSY ZAREEN**

*Magadans í uppsveiflu*

• Heilsa • Heimili

**Í MIÐJU BLAÐSINS**

allt



**GÍSLI KRISTJÁNSSON**

*Semur fyrir Luc Besson*

Á lag í nýjustu mynd leikstjórans kunna

**FÓLK 38**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. júní 2007 — 150. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Tugmilljónadeila



Enn er deilt um ráðningu Egils Helgasonar til Ríkisútvarpsins. Fundað verður um málið í dag en bæði Egill og 365 hafa sett málið í hendur lögfræðinga.

**FÓLK 38**

### Húðflúrhátíð um helgina

Grand Rokk verður breytt í stóra húðflúrstofu um helgina. Erlendir sérfræðingar sækja Íslendinga heim annað árið í röð.



**FÓLK 32**

### Erfitt verkefni í Svíþjóð

Íslenska landsliðsins í knattspyrnu bíður erfitt verkefni í Stokkhólmi þar sem Svíar hafa borið höfuð og herðar yfir Ísland.

**ÍÞRÓTTIR 34**

### Sport

Æðsti draumurinn er meistaratitill með KR.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




## VEÐRIÐ Í DAG




**HITI 22 STIG** - Í dag verður stíf suðaustanátt á vestanverðu landinu en hægari austan til. Rigning af og til vestan til en skýjað með köflum á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 10-22 stig, hlýjast á landinu norðaustan- og austanverðu.

# Bílastæðahús talið ógna öryggi barna

**Fyrirhuguð bygging bílastæðahúss í nágrenni Austurbæjarskóla og leikskólans Óss er talin geta ógnað öryggi barnanna sem þangað sækja. Foreldrafélag Austurbæjarskóla telur það glapræði að auka umferð skólanna umfram það sem nú er.**

**SKIPULAGSMÁL** Fyrirhugað er að byggja bílastæðahús fyrir 130 bifreiðar á milli Iðnskólans í Reykjavík og Hallgrímskirkju. Aðkoma að bílastæðahúsinu á að vera um Vitastíg en við gatnamótin er Austurbæjarskóli öðru megin og leikskólinn Ós hinum megin. Formaður foreldrafélags Austurbæjarskóla segir að fólki sé illa brugðið og hefur sent foreldrum bréf þar sem áhyggjum félagsins er lýst. Fulltrúar íbúasamtaka og sóknarnefndar Hallgrímskirkju trúa því vart að af framkvæmdum verði.

„Það eru allir í sjokki,“ segir Hlín Íris Arnþórsdóttir, formaður foreldrafélags Austurbæjarskóla, um fyrirhugað bílastæðahús við Iðnskólann og aðkomu að því. „Það er einmitt um Vitastíg sem flest börnin koma í Austurbæjarskóla. Það er hreint og beint skelfileg tilhugsun að það verði bætt við þungri umferð í þetta bílastæðahús einmitt þegar krakkarnir eru að koma í skólann.“

Fulltrúar íbúasamtaka og sóknarnefndar Hallgrímskirkju hafa einnig sett fram efasemdir um að framkvæmdin sé réttlætanleg. Samkvæmt deiliskipulagstillögu sem nú er til kynningar og varðar nýbyggingar fyrir Iðnskólann kemur fram að byggingin er 4.400 fermetrar og 18.000 rúmmetrar að stærð.

Hlín telur að koma verði með öllum ráðum í veg fyrir fyrirætlanir borgarinnar um að reisa bílastæðahús á reitnum. „Staðreyndin er sú að það er ekki pláss fyrir þessa stækkun hér. Það væri nær að nýjar deildir fyrir Iðnskólann yrðu byggðar annars staðar. Austurbæjarskóli er fyrir börnin hér í hverfinu og hann getur hvergi annars staðar verið.“

**- gar /** **sjá síðu 6**



**SUNDKAPPAR Í SIGNU** Sex hundruð manns þreyttu 1.500 metra kappsund í ánni Signu. Sundið var fyrsti hluti Parísarþríþrautarinnar sem fram fór í gær. Auk þess hjóluðu íþróttamennirnir fjörutíu kílómetra og hlupu tíu. NORDICPHOTOS/AFP

Áfengisdrykkja á fótboltavöllum til umræðu eftir atburðinn á Parken:

# Eftirlit hert eftir hneykslið

**ÍÞRÓTTIR** „Það er auðvelt að kenna áfenginu um en ég held að eftirlitið á vellinum hafi ekki verið nægilega gott,“ segir Christian Heide-Jørgensen, blaðamaður hjá Politiken, um árás dansks áhorfanda á þýska dómarann Herbert Fandel í leik Dana og Svía á laugardag. Heide-Jørgensen hefur skrifað um málið fyrir blaðið en um fátt hefur verið meira rætt í Danmörku undanfarna daga en dramatísk endalok á leik Dana og Svía í undankeppni Evrópukeppninnar í knattspyrnu.

Ritstjórn Politiken fór þá leið, eins og aðrir danskir fjölmiðlar, að birta ekki nafn áhorfandans að ótta við ofsafengin viðbrögð Dana sem brugðust margir hverjir reiðir við eftir leikinn. „Okkur fannst það of langt gengið að nafngreina manninn og aðrir fjölmiðlar hafa haldið þeirri stefnu hingað til. Ég held að það hefði getað ógnað öryggi hans, sérstaklega skömmu eftir leikinn.“

Árásin hefur vakið spurningar um áfengisneyslu á knattspyrnuleikvöngum en danski áhorfandinn hefur við yfirheyrslur sagt að hann hafi verið búinn að drekka fimmtán til tuttugu bjóra og muni ekkert eftir atvikinu. Líklegt er talið að áhorfandinn fái þunga peningasekt fyrir árásina á dómarann og danska knattspyrnusambandið fái þunga refsingu.

Samkvæmt reglum Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, og Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, er sala og neysla drykkja sem eru með meira en 2,6 prósent áfengishlutfall innanborðs bönnuð á leikvöngum. Misjafnlega hefur gengið að fara eftir þessum reglum og hafa Danir, Þjóðverjar og Bretar sérstaklega verið tregir til þess að fara nákvæmlega eftir þeim fram að þessu.

Hér á Íslandi hefur áfengisneysla á Laugardalsvelli aðeins tíðkast í samkvæmissal vallarins, þá fyrir boðsgesti KSÍ og íþróttafélaga.

**- mh/** **sjá síðu 16**



**VIÐ NORÐURÁ** Bjarni Júlíusson, formaður SVFR, við opnun Norðurár í fyrrasumar.

Eftirvænting við Norðurá:

# Laxveiðin hefst í dag

**VEIÐI** Laxveiðisumarið hefst í dag þegar stjórnarmenn Stangveiðifélags Reykjavíkur egna fyrir konung fiskanna í Norðurá. Átta veiðimenn voru mættir í veiðihús félagsins á Rjúpnahæð í gærkvöldi og veltu fyrir sér veðri og vindum. Bjarni Júlíusson, formaður SVFR, segir að sést hafi göngulax í ánni síðustu daga og aðstæður séu ágætar.

Á síðustu árum hefur fyrsta hollið í Norðurá veitt átta laxa að meðaltali á tveimur og hálfum veiðidegi. Það er mun minna en áður gerðist en 35 ára meðaltal er 24 laxar í fyrsta holli. Skýringin er minnkandi gegnd tveggja ára fisks í Norðurá og verður honum öllum sleppt þetta sumarið. **- shá**

Mesta lækkun krónu í hálft ár:

# Sá guli fellir krónuna

**GENGIÐ** Krónan veiktist töluvert í gær eftir að fréttir bárust um tillögur Hafrannsóknastofnunar um niðurskurð á þorskafla fyrir næsta fiskveiðiár. Nam dagslækkun krónunnar um 2,3 prósentum en gengisvísitalan féll úr 112 stigum í 114,6 stig.

Greiningardeild Landsbankans benti á að krónan hefði ekki lækkað meira innan dags síðan í desember á síðasta ári. Velta á gjaldeyrismarkaði var um 32,2 milljarðar króna. Krónan, sem styrktist verulega í maí, er um 10,5 prósentum sterkari en hún var í byrjun árs. **- eþa**








**Blað Frumtaka fylgir Fréttablaðinu í dag**

FRUMTÖK

Samtök framleiðenda frumlyfja



*Egill, er þetta ekki bara út af því þú ert rauðhærður?*

„Rauðhærðir eru víkjandi stofn. Það stefnir í að þeir deyi út smátt og smátt og þess vegna eiga menn að vera góðir við rauðhærða.“

Bresk fjölskylda þar sem allir fjölskyldumeðlimir eru rauðhærðir hefur verið ofsótt undanfarið vegna háralitarins. Rauðhærða sjónvarpsmanninum Agli Helgasyni hefur verið hótað lögbanni vegna fyrirhugaðra starfa á RÚV.

Réttarhöld yfir föngum Bandaríkjahers við Guantanamo á Kúbu:

# Máli Kanadamanns vísað frá

**GUANTANAMO, AP** Peter Brownback, dómari við einn af herdómstólum Bandaríkjahers yfir föngunum sem eru í haldi í Guantanamo á Kúbu, vísaði í gær frá dómi máli eina Kanadamannsins sem þar er í haldi.

Fanginn, sem heitir Omar Khadr, var handtekinn í Afganistan árið 2002, þá aðeins fimmtán ára gamall, og sakaður um að hafa drepið bandarískan hermann í átökum með því að kasta handsprengju.

Brownback dómari sagði málið ekki falla undir lögsögu sérdómstólanna í Guantanamo vegna þess að Khadr hefði ekki verið úrskurðaður „ólögmætur óvinveittur bardagamaður“. Sérstök úrskurðarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að Khadr væri „óvinveittur bardagamaður“ en samkvæmt bandarískum lögum eiga dómstólarnir í Guantanamo einungis að fjalla um mál „ólöglegra“ bardagamanna úr óvinaliði.

Dómarinn útilokaði ekki að mál Khadrs gæti komið fyrir dómara síðar, yrði þá búið að breyta skilgreiningunni á því hvers konar fangi Khadr væri.

Yfirmaður þeirra lögfræðinga sem sjá um vörn fangans á Kúbu sagði í gær að frávísun málsins frá dómi væri afar mikilvæg og gæti haft mikil áhrif, því enginn fangi þar hefði til þessa verið skilgreindur sem „ólöglegur“ bardagamaður. - gb



**FRÁ FANGELSI BANDARÍKJAHERS VIÐ GUANTANAMOFLÓA** Skilgreiningaratriði varð til þess að máli eins fangans var vísað frá dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morðið á Jóni Þór Ólafssyni:

# Tveir menn dæmdir

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið dæmdir í 70 ára fangelsisvist fyrir að myrða Jón Þór Ólafsson og vinkonu hans Brendu Salinas í El Salvador í febrúar í fyrra. Fjórir menn voru ákærðir vegna málsins en tveir voru sýknaðir. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Sjónvarpsins í gær.

Jón Þór var verkfræðingur og vann við gerð jarðvarmaorkuvers í El Salvador þegar hann var myrtur. Ekki er ljóst hvers vegna þau Brenda voru myrt og litlar upplýsingar hafa verið gefnar upp um rannsókn málsins. Þó má telja líklegt að þrjótarnir hafi verið á höttunum eftir peningum. - þo

Prestar kærðu fríkirkjuprest:

# Siðanefnd vill að sættir takist

**SAMFÉLAGSMÁL** Siðanefnd Prestafélags Íslands hefur kallað séra Hjört Magna Jóhannsson fríkirkjuprest á sinn fund næstkomandi fimmtudag til að ræða kæru átta þjóðkirkjupresta á hendur Hirti.



**HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON**

Að sögn Hjartar er ætlunin að ræða kæruna og verður fulltrúi eða fulltrúar prestanna sem kærðu viðstaddur. Markmiðið með fundinum mun vera að reyna að ná sátt milli kærendanna og Hjartar. Prestarnir kærðu Hjört í byrjun mars vegna ummæla hans um trúmál í fréttaskýringaþættinum Kompási.

Séra Birgir Ásgeirsson, formaður siðanefndarinnar, vildi ekki tjá sig um málið í gær. - bj

Heimildir vegna Íraksstríðsins:

# Fallnar úr gildi segir ráðherra

**ALÞINGI Heimildir bandarískra stjórnvalda til að fljúga um íslenska lofthelgi og nota íslenska flugvelli vegna stríðsins í Írak eru ekki lengur í gildi. Þetta upplýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á Alþingi í gær.**

**Katrín Jakobsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, spurði ráðherra í fyrirspurnartíma hvort slíkar heimildir væru enn í gildi, í ljósi þess að ný ríkisstjórn hefði sagst harma Íraksstríðið.**

**Ingibjörg sagði að eftir því sem henni hefði best verið kunnugt hefðu slíkar heimildir verið veittar tímabundið og giltu ekki lengur. Í ljósi breyttra tíma á Keflavíkurflugvelli væri til skoðunar hvernig slíkum heimildum yrði háttað í framtíðinni.** - bj

# Brauðmolar með lyfi settir í mávahreiðrin

**Fuglafræðingur segir brauðmola með svefnlyfi aðeins munu verða einn sólarhring á hverjum þeirra þriggja staða þar sem svæfa á sílamáva og snúa úr hálslið. Íbúi í nágrenni Leirvogshólma undirbýr kæru til umhverfisráðuneytisins.**

**UMHVERFISMÁL** Arnór Sigfússon fuglafræðingur, sem stýrir tilraunaverkefni um eyðingu sílamáva með notkun svefnlyfja, segir fólki ekki hætta búinn af lyfjunum.

Umhverfisstofnun veitti undanþágu frá banni við notkun slíkra lyfja á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu; Garðaholti, Leirvogshólma og Þerney. Arnór segir að tilraunin standi aðeins í sólarhring á hverjum stað nú í júní.

„Það verða sett svefnlyf í brauðmola sem komið verður fyrir í hreiðrum mávanna. Skammturinn miðast við að svæfa fuglinn en drepa hann ekki. Mávurinn étur brauðið, leggst á eggin og sofnar þar. Við göngum svo í varpið þegar lyfið er byrjað að virka og sofandi mávar eru teknir og þeim lógað á sársaukalausan hátt. Þeir finna aldrei fyrir neinu,“ segir Arnór.

Að sögn Arnórs verða öll hreiður sem lyf verða sett í merkt þannig að hægt verði að fjarlægja alla brauðmola sem ekki hafa verið étnir þegar tilrauninni lýkur.

Arnór segir fólki ekki hætta búin af verkefninu. Umrædd svefnlyf hafi meðal annars verið notuð í útlendum borgum með ágætum árangri. Magnið af lyfinu miðist við að svæfa fugl sem sé aðeins tæplega eitt kíló. „Fimmtíu kílóa manneskja þyrfti að borða fimmtíufaldan skammt til að verða fyrir sömu áhrifum og fuglarnir,“ bendir Arnór á.

Hákon Már Oddsson, sem býr í nágrenni Leirvogshólma, segist óttast að eitthvað geti farið úrskeiðis með notkun svefnlyfjanna og að hann sé að útbúa kæru til umhverfisráðuneytisins vegna undanþágu Umhverfisstofnunar fyrir því að lyfjunum verði beitt í hólmanum.

Hákon segir einnig í undirbúningi af hálfu íbúa nálægt Leirvogshólma að gera yfirvöldum tilboð um samvinnu við að annast æðarvarp í hólmanum:

„Við viljum hlúa að æðarvarpinu og fæla varginn frá og gera þetta í samvinnu við Náttúrufræðistofnun og skólana hér í hverfinu. Þannig leysist málið á náttúrulegan hátt með því að tengja saman náttúru og menn.“ gar@frettabladid.is



**FJÖRUFERÐ** Íbúar við Bakkastaði segja börn sækja í Leirvogshólma á lágfjöru. Arnór Sigfússon fuglafræðingur segir hólmann óheppilegt leiksvæði vegna æðarvarps sem þar er.

MYND/HÁKON ODDSSON



2 FRÉTTABLAÐIÐ 2. júní 2007 LAUGARDAGUR

SPURNING DAGSINS

*Páll, tekurðu vinnuna oft með þér heim?*

„Já, heima er best.“

Forseti Íslands kynnti í gær tilnefningar til Grímuverðlaunanna sem afhent verða 15. júní næstkomandi:

Leg, Dagur vonar og Killer Joe tilnefnd

Kevorkian látinn laus:

Heldur áfram baráttu sinni

Mávaeitur á leiksvæði vekur ugg í Grafarvogi

Íbúar í Grafarvogi óttast tilraunaverkefni um notkun svefnlyfja gegn sílamávi á leiksvæði barna í Leirvogshólma. Formaður umhverfisráðs segir lyfin viðurkennd. Pólitísk stefna sé að minnka ágang máva sem geri mönnum lífið leitt.

Nýr vefur Veðurstofu Íslands:

Nákvæmur og aðgengilegur

Fimm ungmenni á slysadeild:

Valt út af veginum í Heiðmörk

Sendiherra Portúgals:

Skylda ríkisins að rannsaka

Sumarsýning á Sævarhöfða helgina 2.-3. júní

Framkvæmdastjóri Kaupáss segir Ísafold ekki hafa staðið undir væntingum:

Segir af og frá að Kaupás vilji þagga umfjöllun um mansal

**FRÉTTABLAÐIÐ** Greint var frá mótmælum við notkun svefnlyfja gegn sílamávi í Fréttablaðinu á laugardag.

Hlýnun jarðar:

# Bráðnun íss hraðar hlýnun

**NOREGUR, AP Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna segir að bráðnun jökla, íss og snjós geti haft áhrif á allt að fjórutíu prósent jarðarbúa, að því er fram kemur í nýrri skýrslu frá stofnuninni.**

**Áhrifin koma fram í hækkandi yfirborði sjávar, fleiri og stærri flóðum og auknum vatnsskorti. Auk þess verður hlýnun jarðar hraðari eftir því sem hlutfall íss af yfirborði jarðar minnkar, þar sem ís og snjór endurkasta geislum sólar meira en aðrir hlutar jarðarinnar.**

**Um sjötíu vísindamenn unnu að gerð skýrslunnar, sem birt var í Noregi í gær, daginn fyrir alþjóðlega umhverfisdaginn, sem er í dag.** - gb

Nicolas Sarkozy heitir hörku:

# Mun ræða opinskátt við Pútín

**PARÍS, AP** Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, segist í vikunni ætla að ræða opinskátt við Vladimír Pútín Rússlandsforseta. Tilefnið er aðvörun Pútíns um að hann muni hvergi hika við að beina kjarnorkuvopnum að Evrópu og Bandaríkjunum ef Bandaríkjamenn láti verða af því að reisa eldflaugavarnarkerfi í Tékklandi og Póllandi.



**NICOLAS SARKOZY**

Sarkozy mun ræða við Pútín á ráðstefnu G8-ríkjanna svonefndu, sem hefst í bænum Heiligendamm í Þýskalandi á morgun. Hann hefur meðal annars lofað því að spyrja Pútín um mannréttindabrot í Tsjetsjeníu og morðið á blaðakonunni Önnu Politkovskayu í fyrra. - sh


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN PATROL LUXURY**

Nýskr. 10.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 78 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Sjávarútvegsráðherra hafnar róttækum hugmyndum um fiskveiðistjórnun:

# Tekið er tillit til landsbyggðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur hugmyndir Björns Inga Hrafnssonar borgarfulltrúa um að beita auknum aflaheimildum í framtíðinni sem undirstöðu nýrrar byggðastefnu ekki vænlegar. Hann telur að fiskveiðistjórnunarkerfið taki nú þegar tillit til landsbyggðarinnar og sértækar aðgerðir hafi gefið góða raun.

Björn Ingi sagði í sjómannadagsávarpi sínu að nú þegar við blasti verulegur samdráttur í þorskveiðum á næsta fiskveiðiári væri tímabært fyrir stjórnvöld að huga að nýjum byggðaúrræðum. Hann telur að stjórnvöld eigi að íhuga þegar hámarksafli verði aukinn að þeirri viðbót verði ekki útdeilt sjálfvirkt á milli eigenda aflahlutdeilda „heldur verði einnig skoðað að beita henni með markvissum hætti til að efla og styrkja með svæðisbundinni fiskveiðistjórnun stöðu þeirra byggða sem eiga allt sitt undir fiskveiðum og sjávarútvegi.“

Sjávarútvegsráðherra segir að margt í ræðunni hafi komið sér á óvart og ekki komi annað til greina en að aukning gangi til eigenda aflahlutdeildar. „Það verður að hafa í huga að eigendur fiskveiðiréttarins í dag starfa á landsbyggðinni. Þar á meðal eru minni útgerðir sem ég hygg að eigi ekki mikla lífsvon ef þær fá ekki að njóta þess þegar betur árar með fiskistofnana.“ - shá



**Í FRYSTIHÚSINU** Fiskveiðistjórnun er umdeild nú sem fyrr.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt samstarfsfyrirtæki

3%

endurgreiðsla á öllum stöðvum Skeljungs í júní!

# e-kortið og e² Vildarkortið fá aukinn kraft!







## Skeljungur – nýtt samstarfsfyrirtæki

Það er full ástæða fyrir handhafa e-kortsins og e² Vildarkortsins að gleðjast því **Skeljungur** mun veita korthöfum betri kjör en áður. Föst endurgreiðsla verður **1,5%** en til að fagna þessum spennandi tímamótum fá korthafar **3%** endurgreiðslu á stöðvum Skeljungs um allt land í júní.

**Til hamingju, korthafar!**

KORT
www.ekort.is

VILDARKORT
www.e2.is

## GENGIÐ 04.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,97 | 62,27 |
| Sterlingspund | 123,13 | 123,73 |
| Evra | 83,41 | 83,87 |
| Dönsk króna | 11,195 | 11,261 |
| Norsk króna | 10,286 | 10,346 |
| Sænsk króna | 8,941 | 8,993 |
| Japanskt jen | 0,5078 | 0,5108 |
| SDR | 93,79 | 94,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 113,3578

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hjónin sem urðu fyrir gaseitrun í tjaldvagni á sunnudag eru á batavegi:

# Vinnueftirlitið rannsakar búnað

**SLYS** Hjónin sem fundust meðvitundarlaus í tjaldvagni í Djúpadal í Reykhólahreppi á sunnudagsmorgun eru á batavegi. Lögreglan á Vestfjörðum rannsakar hvort gas hafi lekið úr viðlegubúnaði sem var í tjaldvagninum og hefur búnaðurinn verið sendur vinnueftirlitinu til rannsóknar.

„Rannsóknin beinist að því hvort búnaðurinn hafi brugðist á einhvern hátt en við getum ekki gefið upp að svo stöddu um hvers konar búnað er að ræða,“ segir Jón Svanberg Hjartarson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Ísafirði. Hann segir að ekki hafi verið gasskynjari í vagninum.



**COMBI CAMP TJALDVAGN** Vagninn sem hjónin sváfu í var af gerðinni Combi Camp. Gasskynjarar eru ekki staðalbúnaður í slíkum vögnum en eru æskilegt öryggistæki sé gas notað.

Björgvin Barðdal, framkvæmdastjóri seglagerðarinnar Ægis, segir að gasskynjarar séu mikilvæg öryggistæki í alla frístundavagna en algengt er að gas sé notað til upphitunar og matargerðar í slíkum vögnum. „Gas- og súrefnisskynjarar eru staðalbúnaður í öllum fellihýsum og A-hýsum hjá okkur. Þar sem slíkir skynjarar eru ekki til staðar mælum við eindregið með því að fólk kaupi þá enda er þetta ódýr en mikilvægur öryggisbúnaður,“ segir Björgvin.

Hjónin voru í tjaldvagni af gerðinni Combi Camp. Þau voru flutt með þyrlu á Landspítalann í Fossvogi og var karlmaðurinn lagður inn á gjörgæsludeild. Hann var útskrifaður þaðan í gær og að sögn lækna er heilsa þeirra beggja góð eftir atvikum. - þo

Áreitni á Kárahnjúkum:

# Áhættumat verði kannað

**KÁRAHNJÚKAR Samráðsnefnd landssambanda innan ASÍ hefur óskað eftir því við Vinnueftirlitið að það kanni hvort áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnusvæði Kárahnjúkavirkjunar hafi að geyma forvarnir og áhættumat vegna kynferðislegrar áreitni.**

**Óskað er eftir því að kannað verði hvaða þjónusta þolendum kynferðislegrar áreitni standi til boða af hálfu fyrirtækisins og hvernig tekið sé á málum. Einnig er óskað eftir því að kannað verði hvernig staðið sé að kynningum á ofannefndum reglum meðal starfsmanna og yfirmanna.** - ghs

# Taylor segist ætla að verja mál sitt sjálfur

**Charles Taylor mætti ekki við upphaf stríðsglæparéttarhalda í Haag í gær. Rak lögmann sinn og ætlar að verja sig sjálfur. Sækjandi lýsir hryllilegum glæpum.**

**HOLLAND, AP** Charles Taylor, fyrrverandi stríðsherra í Líberíu, mætti ekki í réttarsalinn þegar réttarhöld yfir honum hófust í gærmorgun hjá alþjóðlegum stríðsglæpadómstól í Haag.

Strax við upphaf réttarhaldanna tilkynnti Karim Khan, lögmaður Taylors, að hann hefði rekið sig og ætlaði að verja sig sjálfur. Síðan gekk Khan út úr réttarsalnum, þrátt fyrir að dómarinn þrábæði hann um að sitja áfram og verja Taylor, að minnsta kosti þennan fyrsta dag réttarhaldanna.

Í yfirlýsingu frá Taylor, sem Khan las upp, segist Taylor sannfærður um að hann muni ekki fá sanngjarna málsmeðferð.

„Þetta er engin varnarbrella,“ sagði Khan við fréttamann AP-fréttastofunnar fyrir utan réttarsalinn. Khan segir Taylor hafa litið svo á að réttarhöldin myndu leiða beint til sakfellingar, „og við



**KARIM KHAN** Lögmaður Taylors segir sakborninginn sannfærðan um að hann fái ekki réttláta málsmeðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þær kringumstæður nýtti hann rétt sinn til að víkja mér úr starfi og verja sig sjálfur.“ Dómarinn ákvað engu að síður að réttarhöldin skyldu halda áfram. Stephen Rapp, aðalsaksóknari í málinu, hóf þá málflutning sinn og lýsti þeim hryllingi sem þorpsbúar í Líberíu máttu þola af hendi hersveita, sem sagðar eru hafa verið undir stjórn Taylors.

Rapp segir að hersveitirnar hafi myrt fólk af handahófi og hneppt aðra í þrældóm til að nota ýmist sem hermenn, námuverkamenn eða við landbúnaðarstörf. Rapp segir árásarmennina hafa „limlest fólk, skorið af því hendur og útlimi, stungið í augu. Börn voru þvinguð til þess að drepa foreldra sína.“

Taylor er ákærður fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni og er ákæran í ellefu liðum. Ákærurnar lúta allar að voðaverkum



**CHARLES TAYLOR**

hersveita Taylors, sem framin voru í nágrannaríkinu Sierra Leone á árunum 1991 til 2002, þegar þar ríkti borgarastyrjöld. Líklegt þykir að Taylor muni síðar þurfa að svara til saka fyrir sams konar glæpi stríðsmanna sinna í Líberíu.

Réttarhöldunum verður haldið áfram hinn 25. júní næstkomandi og er reiknað með að þau standi í hálft annað ár.

gudsteinn@frettabladid.is

## CHARLES TAYLOR

**1948** Fæddur í Líberíu.
**1977** Lauk námi í hagfræði í Bandaríkjunum.
**1980** Snýr aftur til Líberíu eftir stjórnarbyltingu Samuels Doe.
**1989** Stjórnar uppreisn gegn stjórn Does.
**1991** Borgarastyrjöld hefst í nágrannaríkinu Sierra Leone.
**1995** Friðarsamningur undirritaður í Líberíu.
**1997** Taylor kosinn forseti.
**1999** Uppreisn gegn Taylor hefst.
**2003** Taylor flýr land til Nígeríu.
**2006** Handtekinn í Nígeríu og sendur til Haag.

Ráðherra sagður svíkja loforð:

# Fundað um Vaðlaheiðargöng

**ALÞINGI** Nýr samgönguráðherra hefur svikið loforð um að fara í Vaðlaheiðargöng strax, og að þau verði gjaldfrjáls, sagði Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, í fyrirspurnum til ráðherra á Alþingi í gær.

Valgerður spurði ráðherra um göngin og benti á að 300 milljónir færu í göngin fram að árinu 2010 samkvæmt samgönguáætlun.

Kristján Möller samgönguráðherra upplýsti að tveir fundir hefðu átt sér stað milli Vegagerðar og samtaka sem ynnu að því að göngin yrðu gerð með einkaframkvæmd. Hann hefði í hyggju að ræða við forsvarsmenn samtakanna á næstunni. Sjálfur útilokaði hann hvorki ríkisframkvæmd né einkaframkvæmd. - bj

Lögreglan á Akranesi:

# Óvenju mörg kynferðisbrotamál í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akranesi rannsakar nú fjögur kynferðisbrotamál sem upp hafa komið á síðustu vikum. Öll málin hafa verið kærð; þrjár nauðganir og ein misneyting. Segir lögreglan að öll málin séu langt komin í rannsókn.

Yngsti maðurinn sem grunaður er um kynferðisbrot er sautján ára, tveir þeirra eru um tvítugt og sá fjórði er á sjötugsaldri. Viðar Stefánsson, lögreglufulltrúi á Akranesi, segir að óvenjulegt sé að svo mörg alvarleg mál af þessum toga séu til rannsóknar hjá embættinu. Hann bendir þó á að tvö þessara mála hafi átt sér stað á Snæfellsnesi en rannsóknardeild lögreglunnar á Akranesi fer með alvarlegri mál sem upp koma hjá öðrum sýslumannsembættum á Vesturlandi. - kdk



**SUMARFRÍ** Það fer hver að verða síðastur að panta pláss á gæludýrahótelum fyrir sumarið.

Gæludýrahótel að fyllast:

# Aðsóknin eykst í góðæri

**DÝRAHALD Öll pláss fyrir ketti eru uppbókuð á gæludýrahótelinu Voffaborg í Víðidal en nokkur pláss eru enn laus fyrir hunda.**

**Sigríður Heiðberg, forstöðumaður Kattholts, segir alltaf nóg að gera í Kattholti yfir sumartímann „Í dag er fimmtíu og einn köttur hjá okkur og það er mikið bókað í júlí og ágúst. Við getum tekið allt upp í hundrað ketti og að meðaltali yfir sumartímann eru hótelgestir frá fimmtíu til sextíu kettir,“ segir Sigríður og bætir við að því betur sem gangi í þjóðfélaginu, því meira sé að gera á hótelinu í Kattholti.** - lbb

## EITUREFNI

### Saltsýra helltist niður

Saltsýra helltist niður í fyrirtækinu Parlogis á Krókhálsi í gær. Einn var sendur á slysavarðstofu til athugunar en ekkert reyndist ama að honum.

## LEIÐRÉTTINGAR

Ríkið Gvæjana er í Suður-Ameríku, ekki Afríku eins og sagt var í Fréttablaðinu í gær.

Vikuritið The Economist er breskt en ekki bandarískt eins og ranghermt var í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. www.lagadeild.hi.is.

Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SVIPAÐ Í DAG OG Í GÆR**

Hitastigið austan til á Norðausturlandi og á Austurlandi er hærra í spánum í dag en í gær. Má búast við hita nálægt 22-23 gráðum í dag á þeim svæðum. Það sem einkennir veðrið er þessi skipting þess milli landshluta. Vesturhlutinn í vinda- og vætusömu veðri en austurhlutinn í þurrki og nokkuð björtu veðri. Eru svipaðar horfurnar fram undir helgi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðaustan 8-13 m/s. Rigning. Hiti 10-12 stig að deginum.





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C hálfskýjað | London | 22°C hálfskýjað | Alicante | 25°C hálfskýjað |
| Billund | 23°C léttskýjað | París | 24°C hálfskýjað | Mallorca | 25°C léttskýjað |
| Osló | 25°C hálfskýjað | Frankfurt | 24°C skúrir | Basel | 25°C skúrir |
| Stokkhólmur | 25°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 23°C skúrir | Eindoven | 24°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 24°C heiðskírt | Berlín | 24°C skúrir | Las Palmas | 24°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# **Meira** rými




## Frábær nýting á plássi

Meira innanrými í nýrri Corolla
Meira öryggi
Hljóðlátastur í sínum flokki
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og
reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.960.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37941 06/07

TODAY TOMORROW TOYOTA

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

EURO NCAP www.euroncap.com ADULT OCCUPANT PROTECTION TOYOTA COROLLA



*Tókstu þátt í hátíðahöldum í tilefni sjómannadagsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,6% |
| Nei | 84,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér í lagi að íþróttahreyfingar bjóði upp á áfengi í Laugardalshöllinni?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Samtök atvinnulífsins vilja að ríkisstjórnin taki stjórn peningamála föstum tökum:

# Hafa áhyggjur af stýrivaxtastefnu

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins telja að stjórn peningamála sé komin í ógöngur og að aðgerðir Seðlabankans hafi skaðað atvinnulífið. Forsvarsmenn samtakanna funduðu með forsætisráðherra og utanríkisráðherra í gær.

Í fréttabréfi samtakanna segir að ríkisstjórnin þurfi nú þegar að taka á þeirri sjálfheldu sem stjórn peningamála hafi ratað í. Þar er seðlabankinn gagnrýndur fyrir vaxtahækkanir sem samtök atvinnulífsins segja að hafi litlu skilað í baráttunni við verðbólguna.

Samtökin leggja til að hafin verði sérstök úttekt og endurskoðun á stjórn peningamála og segja brýnt að niðurstöður af slíkri vinnu fái afgreiðslu í þinginu í haust. Þá leggja samtökin til að lögð verði áhersla á önnur hagstjórnartæki en vexti enda hafi stýrivaxtastefna Seðlabankans ekki borið nægjanlegan árangur.

Samtökin telja að aðgerðir í málefnum íbúðalánasjóðs og fasteignamarkaðarins gegni lykilatriði í því að minnka verðbólgu. Þá lýsa samtökin ánægju með markmið ríkisstjórnarinnar um að tryggja lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum og jafnan og öflugan hagvöxt. **- þo**



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Samtök atvinnulífsins hafa áhyggjur af stýrivaxtastefnu seðlabankans og stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Réðst á mann í húsasundi:

# Afplánar dóm vegna árásar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmt mann til að afplána 135 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar sem hann hlaut með þremur dómum árin 2005 og 2006. Maðurinn réðst ásamt vinkonu sinni á 67 ára gamlan karlmann í húsasundi við Frakkastíg aðfaranótt sunnudagsins síðasta.

Konan tældi manninn inn í húsasundið með loforði um samfarir, en þegar þangað var komið réðst hinn maðurinn á hann með höggum og spörkum. Fólkið rændi síðan af fórnarlambinu veski með mörg þúsund krónum og tveimur debetkortum. Maðurinn telst hafa brotið gróflega gegn skilyrðum reynslulausnar. **- sh**


Frá kr. 2.790.000

TUCSON

Gerðu góð kaup og veldu Hyundai

Hyundai hefur gæðin



Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is


# Foreldrar skólabarna á móti bílastæðahúsi

**Bílastæðahús sem fyrirhugað er milli Hallgrímskirkju og Iðnskólans vekur hörð viðbrögð foreldra barna í Austurbæjarskóla. Stjórn foreldrafélagsins segir hugmyndina „brjálaða“ og óttast um öryggi barnanna við aðkomu að húsinu.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það eru allir í sjokki,“ segir Hlín Íris Arnþórsdóttir, formaður foreldrafélags Austurbæjarskóla, um fyrirhugað bílastæðahús við Iðnskólann og aðkomu að því.

Samkvæmt deiliskipulagstillögu sem nú er til kynningar og varðar nýbyggingar fyrir Iðnskólann verður niðurgrafið hús fyrir 130 bíla milli skólans og Hallgrímskirkju. Aðkoma að bílastæðahúsinu á að vera um Vitastíg. Við þau gatnamót er Austurbæjarskóli öðru megin og leikskólinn Ós hinu megin.

„Það er einmitt um Vitastíg sem flest börnin koma í Austurbæjarskóla. Það er hreint og beint skelfileg tilhugsun að það verði bætt við þungri umferð í þetta bílastæðahús einmitt þegar krakkarnir eru að koma í skólann,“ segir Hlín.

Í bréfi sem stjórn Foreldrafélags Austurbæjarskóla hefur sent foreldrum barna í skólanum segir að þeir sem komi akandi með börn sín í skólann og setji þau úr á horni Vitastígs og Bergþórugötu til að nota Vitastígsinngang skólans viti hvaða öngþveiti geti myndast þar á horninu um áttaleytið á morgnanna:

> Í sem stystu máli á að sprengja bílakjallara ofan í holtið milli Iðnskólans og Hallgrímskirkju!
>
> **HLÍN ÍRIS ARNÞÓRSDÓTTIR**
> FORMAÐUR FORELDRAFÉLAGS AUSTURBÆJARSKÓLA

„Það er engin leið að ímynda sér glundroðann og slysahættuna ef 130 bílar til viðbótar eiga erindi um þessi gatnamót á sama tíma og misvel vöknuð börn eru að mæta í skólann á dimmum vetrarmorgnum. Þessi hugmynd er svo brjáluð að það er ekki nema eitt að gera: Koma í veg fyrir að hún komist lengra í kerfinu,“ segir í bréfinu, þar sem einnig er vikið að því ónæði sem þau telja að muni verða meðan á framkvæmdum stendur við bílastæðahúsið:

„Í sem stystu máli á að sprengja bílakjallara ofan í holtið milli Iðnskólans og Hallgrímskirkju! Um er að ræða 4.400 fermetra, 18.000 rúmmetra og örugglega margra mánaða tímabil þar sem allt holtið leikur á reiðiskjálfi.“

Að sögn Hlínar hafa fleiri en foreldrar barna í Austurbæjarskóla áhyggjur. Fulltrúar íbúasamtaka og sóknarnefndar Hallgrímskirkju séu einnig hugsi:

„Það eru allir einfaldlega gapandi hissa. Þótt Iðnskólinn sé búinn að sprengja húsnæðið gjörsamlega utan af sér er staðreyndin sú að það er ekki pláss fyrir þessa stækkun hér. Það væri nær að nýjar deildir fyrir skólann yrðu byggðar annars staðar. Austurbæjarskóli er fyrir börnin hér í hverfinu og hann getur hvergi annars staðar verið.“ **gar@frettabladid.is**



**STJÓRN FORELDRAFÉLAGS AUSTURBÆJARSKÓLA** Foreldrar barna í Austurbæjarskóla vilja varna því að byggt verði bílastæðahús við Iðnskólann sem hafi aðkomu einmitt þar sem flest börnin komi til skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**Lórítín®**
*– Kröftugt ofnæmislyf*

**Notkun:** Lórítín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lórítín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lórítín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

LYFJA - Lifið heil

actavis hagur í heilsu

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR


Starfsmaður Mjallar-Friggjar varð fyrir klórgaseitrun:

# Sýndi snarræði með því að skrúfa fyrir

**SLYS** Klórgas lak út í kjallara efnaverksmiðjunnar Mjallar-Friggjar á Akureyri í gærmorgun. Þorbjörn Haraldsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri, segir leiðslu fyrir klórgas hafa gefið sig en starfsmaður verksmiðjunnar hafi sýnt snarræði með því að skrúfa samstundis fyrir upptök lekans.

Skamman tíma tók að rýma húsið og sakaði engan utan þess sem skrúfaði yfir lekann. Hann er talinn hafa orðið fyrir lítilsháttar klórgaseitrun og var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til skoðunar.



**VERKSMIÐJAN** Leiðsla fyrir klórgas gaf sig í verksmiðjunni í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Lítið af klórgasi er talið hafa lekið. Vindur blés í suður og fór gasið út á Eyjafjörð. Efnakafarar athuguðu að frekari leki væri ekki og var eiturefnaskýið í kjallaranum fellt með vatni. **- kdk**

Dópaðir undir stýri:

# Ökumenn með fíkniefni í för

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akranesi stöðvaði tvo ökumenn í vikunni sem grunaðir voru um að aka undir áhrifum fíkniefna. Annar mannanna hefur verið ökuréttindalaus frá árinu 2005 en þá var hann sviptur þeim ævilangt. Í fórum hans fundust lyfseðilsskyld lyf.

Hinn ökumaðurinn hafði meðferðis mikið magn ólöglegra fíkniefna. Í bíl hans fundust 26 grömm af amfetamíni, 17 grömm af hassi og eitt gramm af marijúana auk lyfseðilsskyldra lyfja.

Alls kærði lögreglan á Akranesi 32 ökumenn vegna hraðaksturs í síðustu viku. Sá sem hraðast ók var mældur á 183 kílómetra hraða og var sviptur ökurétti á staðnum. **- kdk**

Developed with

Shell
# V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Made to move

Samson styrkir rússneskunám í HÍ um átta milljónir króna á ári næstu þrjú árin:

# Von á rússneskum kennara

**MENNTUN** Unnt verður að bjóða upp á rússneskunám við Háskóla Íslands á ný eftir að Samson, fjárfestingarfélag feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar, ákvað að styrkja námið um átta milljónir króna á ári næstu þrjú árin. Vonir standa til að rúmlega tuttugu nemendur hefji nám í haust.

Skrifað var undir yfirlýsingu um styrkveitingu í HÍ í gær. Feðgarnir ráku bjórfyrirtæki í Pétursborg í Rússlandi í tíu ár og er uppgangur þeirra því nátengdur Rússlandi. Með styrkveitingunni vill Samson stuðla að góðum tengslum Íslands og Rússlands.

Rússneska verður kennd til BA-prófs við HÍ frá og með næsta hausti. Fyrir liggja drög að samningi við Moskvuháskóla um samstarf um kennslu, rannsóknir og stúdentaskipti í tengslum við námið. Væntanlegur er rússneskur sendikennari sem mun sjá um námið fyrst um sinn, segir Guðrún J. Backmann, kynningastjóri HÍ.

Rússneska hefur áður verið kennd við HÍ, og á tímabilinu 1997-2002 útskrifuðust 27 nemendur með BA-próf í rússnesku, sem er svipaður fjöldi og útskrifaðist úr dönsku og spænsku á þessu árabili. - bj


**HANDSALAÐ** Björgólfur Guðmundsson og Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, handsöluðu samkomulagið í gær. Með þeim er Victor Tatarintsev, rússneski sendiherrann á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Perkins Powerpart



HEKLA er umboðsaðili Perkins á Íslandi

Veldu aðeins viðurkennda varahluti

HEKLA VÉLASVIÐ | Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími 590 5100 | www.hekla.is/velasvid

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




Lumar þín arkitektastofa á hugmynd?

*Forval vegna enduruppbyggingar í Kvosinni.*

Reykjavíkurborg óskar eftir umsóknum frá arkitektastofum sem hafa áhuga á að taka þátt í hugmyndaleit um enduruppbyggingu í Kvosinni eftir bruna húsanna við Austurstræti 22 og Lækjargötu 2.

Umsóknum þurfa að fylgja almennar upplýsingar um viðkomandi stofu, starfsmenn og fyrri verkefni. Forvalsnefnd skipuð fulltrúum frá Reykjavíkurborg og hagsmunaaðilum fer yfir umsóknirnar og velur 5–6 stofur til að vinna að hugmyndum sínum gegn greiðslu. Fulltrúi frá Arkitektafélagi Íslands verður forvalsnefndinni til ráðgjafar.

Stofurnar taka síðan þátt í opinni hugmyndaleit meðal almennings og allra annarra sem áhuga hafa á verkefninu. Munu framkomnar hugmyndir eftir atvikum verða nýttar í vinnu við gerð deiliskipulags af svæðinu.

Forvalsgögn eru aðgengileg á heimasíðu Skipulags- og byggingarsviðs ***www.skipbygg.is*** frá og með 5. júní. Frekari tilhögun hugmyndaleitarinnar verður auglýst síðar.

Umsóknum skal skilað til Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 3, 105 Reykjavík, eða á tölvupóstfangið ***skipbygg@reykjavik.is*** merktum „**Kvosin**" fyrir 17. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir Nikulás Úlfar Másson arkitekt á Skipulags- og byggingarsviði í síma 411 3000.

*Skipulagsstjóri Reykjavíkur*

Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

# Hluti launa verði greiddur í evrum

**Félag vélstjóra og málmtæknimanna undirbýr samning þar sem hluti af launum er greiddur í evrum. Viðkomandi fær hluta launa sinna í evrum, sem fer til greiðslu á erlendu húsnæðisláni.**

**VINNUMARKAÐUR** Félag vélstjóra og málmtæknimanna, VM, hefur áhuga á því að semja við fyrirtæki um að félagsmenn geti fengið hluta af launum sínum greiddan í evrum. VM hefur látið Hagdeild ASÍ kanna möguleikana á þessu, hagkvæmni þess og hugsanlega áhættu fyrir launamenn, og komist að raun um að þetta geti verið álitlegur kostur.

Marel hefur meirihluta tekna sinna í erlendum gjaldmiðli og hafa launagreiðslur í evrum komið þar til umræðu en ekkert verið ákveðið, að sögn Kristjáns Þorsteinssonar fjármálastjóra, en engin ákvörðun verið tekin.

Helgi Laxdal, formaður VM, segir að margir félagsmenn VM vinni hjá Marel og þeim geti staðið til boða að taka hluta launa í evrum ef samkomulag náist þar um. „Menn eru fyrst og fremst að hugsa um húsnæðislánin. Ef menn taka erlend íbúðarlán með lágum vöxtum vita þeir nákvæmlega hvað þeir greiða fyrir lánið sitt," segir Helgi og telur að síðar hljóti að vera hægt að fá hluta launa í annarri mynt en evrum. „Það mun engu máli skipta hvaða mynt það verður ef fyrirtæki á annað borð taka þessa ákvörðun."

Nokkur skilyrði þarf að uppfylla að mati ASÍ til að af launagreiðslum í erlendri mynt geti orðið. Viðkomandi launamaður þarf til dæmis að ráða því sjálfur hvort hann fær greidd laun í erlendri mynt. Þá þykir ekki ráðlegt að fá nema hluta launanna með þessum hætti og vill verkalýðshreyfingin að miðað sé við greiðslu á erlendu íbúðaláni, til dæmis 15-20 prósent launa.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, telur ekki koma á óvart ef vinnuveitendur vélstjóra og málmtæknimanna ryðji brautina. „Þetta getur verið kostur fyrir fyrirtæki og skynsamlegt fyrir starfsmennina að færa gengisáhættuna í hendur atvinnurekanda að því er lýtur að húsnæðismálum en auðvitað skiptir máli á hvaða gengisstigi þetta er gert. Krónan er óvenjusterk núna og óskynsamlegt að gera þetta í dag en þetta getur verið skynsamlegt með hluta launa þegar krónan er komin í jafnvægisgildið 125-130," segir Gylfi. „En að taka neysluna sína út í gegnum evru mælum við alls ekki með því að þá eru menn að taka á sig gengisáhættu." ghs@frettabladid.is


**GETI FENGIÐ LAUN Í EVRUM** Félag vélstjóra og málmtæknimanna, VM, stefnir að því að gefa félagsmönnum sínum kost á að fá hluta af launum í evru. Hugmyndin hefur komið til umræðu innan Marels en ekkert verið ákveðið ennþá.

### HAGNAÐUR EÐA TAP?

Einstaklingur tók tíu milljóna króna erlent húsnæðislán fyrir einu ári og fær hluta launa í erlendri mynt. Hann er ágætlega settur ef hann býr áfram í húsinu sínu og greiðir lánið niður í samræmi við lánasamninginn. Ef hann selur getur hann hugsanlega flutt lánið með sér og er þá jafnsettur og áður. Ef hann greiðir upp lánið getur hann tapað tæpri milljón á einu ári miðað við að húsið hafi kostað 20 milljónir, hrein eign sé 10 milljónir, íbúðaverðið hafi hækkað um 1,6 milljónir króna á árinu og höfuðstóll lánsins hafi vaxið um 2,5 milljónir. HEIMILD: VM BLAÐIÐ

Fyrrverandi hermaður í mál vegna brottrekstrar:

# Notaði klám sem heilsubót

**BANDARÍKIN** Kynlífsfíkill hefur höfðað mál gegn fyrrverandi vinnuveitenda sínum eftir að hann var rekinn fyrir að skoða klámsíður. James Pacenza, sem starfaði hjá bandaríska tölvurisanum IBM, segist hafa þjáðst af áfallastreituröskun síðan hann barðist í Víetnamstríðinu 1969 og það hafi leitt til kynlífsfíknar.

Málsóknin byggist á því að Pacenza hafi notað klámsíður til að halda áfallastreitunni niðri og að vinnuveitendur hans hafi átt að veita honum meðferð frekar en að reka hann.

Pacenza segir að fíkn hans í klámsíður eigi að meðhöndla á sama hátt og gert er með fíkn starfsmanna í áfengi eða lyf. - sdg

vísir www.visir.is



FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

# Húsasmiðjuhlaupið endurvakið

## Laugardaginn **9. júní**

**Keppt verður í bæði 3 km og 10 km hlaupi sem hefjast við Húsamiðjuna Skútuvogi kl. 11:00.**

**Fjölskyldur er hvattar til að mæta með börnin sín. Grillaðar pylsur verða í boði eftir hlaupið ásamt hoppukastala og fleiru skemmtilegu.**

**Veitt verða glæsileg verðlaun fyrir 1. sætið í hverjum aldursflokki karla og kvenna. Einnig verða veitt vegleg útdráttarverðlaun. Allir þátttakendur fá verðlaunapening.**

### Aldursflokkar

**10 km**

- 18 ára og yngri
- 19-39 ára
- 40-49 ára
- 50 ára og eldri

**3 km**

- 12 ára og yngri
- 13-15 ára
- 16-39 ára
- 40 ára og eldri

### Leiðalýsing

- Í 3 km hlaupinu er farinn hringur frá Húsasmiðjunni og niður Súðarvoginn og Naustavoginn og sömu leið til baka.
- Í 10 km hlaupinu er farið niður Súðarvoginn og inn í Elliðaárdalinn upp að brúnni rétt fyrir neðan sundlaugina, farið yfir brúna og niður dalinn hinu megin og til baka að verslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.

### Þátttökugjald og skráning

- Fullorðnir (15 ára og eldri): 1.000 kr
- Börn (14 ára og yngri): 500 kr

Hægt er að forskrá sig og ganga frá greiðslu á hlaup.is til kl. 22:00 föstudaginn 8. júní (daginn fyrir hlaup) eða á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is. Á hlaupadag er skráning milli kl. 9:00 og 10:50 í verslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.
Hlauparar eru hvattir til að forskrá sig til að forðast raðir og bið á hlaupadag.

HÚSASMIÐJUHLAUPIÐ

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



**MÓTMÆLANDI FÆR SÉR EPLI** Þessi trúður tók sér smá hvíld frá mótmælum gegn leiðtogafundi G8-ríkjanna í Þýskaland og gæddi sér á epli við hlið lögreglumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarstjórinn vill bæta umgengni í Reykjavík og er hugsi yfir reykingabanni:

# Óttast stubbaflóð í borginni

**UMHVERFISMÁL** „Ég hef áhyggjur af því hvað gerist þegar menn fara að reykja úti; hvort allar götur og gangstéttir fyllist af sígarettustubbum,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum er gengið í gildi. „Hvert fer fólkið þá með sína stubba? Ég geri ekki ráð fyrir því að það fari inn og drepi í sígarettunni þótt sumir geri það. Því miður lendir þetta bara á gangstéttum og götum,“ segir borgarstjórinn, sem þó vill ekki lýsa efasemdum um útfærslu reykingabannsins:

„Ég ætla ekki að hafa skoðun á því en ég er ekki reykingamaður sjálfur og auðvitað væri bara ágætt ef sem fæstir myndu reykja, bara vegna heilsunnar.“



**STRÆTI BORGARINNAR** Borgarstjóri vill að Reykvíkingar séu meðvitaðir um mikilvægi þess að halda umhverfinu eins og hreinu og kostur er. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Mikið hreinsunarátak er að hefjast í Vesturbænum. Vilhjálmur segist hvetja borgarbúa til að taka til í sínu næsta nágrenni, líka út fyrir eigin lóðir.

„Því miður er of mikill sóðaskapur í gangi,“ segir borgarstjórinn, sem sérstaklega nefnir veggjakrot sem yfirgengilegan vanda: „Borgin og stofnanir hennar borga rúmar 100 milljónir á ári í að afmá veggjakrot. Þótt örli kannski á því er þetta engin veggjalist heldur einfaldlega skemmdarverk. Það fólk sem er að þessu ætti að líta í eigin barm og íhuga hvernig það myndi bregðast við ef eigur þeirra yrðu meðhöndlaðar með þessum hætti.“ - gar

Stelsjúkur miðaldra Japani:

## Stal íbúðarfylli af kvenfötum

**JAPAN Sextugur japanskur karlmaður fyllti eins herbergis vistarverur sínar af þúsundum stolinna kvenmannsklæða. Lögregla uppgötvaði þetta þegar hún fór heim til hans að handtaka hann fyrir að stela rándýrum kímónó-sloppi af heimili konu í borginni.**

**Maeyasu Kawamura viðurkenndi fyrir lögreglu að hafa stolið öllum fötunum, þar á meðal brúðarkjól. „Ég hef stolið kvenmannsfötum og nærfötum af handahófi undanfarinn áratug,“ sagði hann við yfirheyrslur. Fimm sendibíla þurfti til að flytja flíkurnar 8.200 úr íbúð mannsins á lögreglustöðina. - sh**

Þungun í sædýrasafni:

## Annað eingetið hákarlsafkvæmi

**BANDARÍKIN** Dýralæknum við sædýrasafn í Virginíu í Bandaríkjunum brá í brún þegar þeir komust að því við krufningu að dauður kvenkyns hákarl var þungaður. Í safninu er enginn karlkyns hákarl sömu tegundar, og ómögulegt annað en að ungviðið hafi verið eingetið. Þetta er annað dæmið á örfáum vikum um að hákarl fjölgi sér án aðkomu karldýrs. Hamarsháfur í dýragarði í Nebraska fæddi lifandi afkvæmi á dögunum, og hafði karldýr hvergi komið þar nærri.

Hákarlinn í sædýrasafninu, sem kallaður var Tidbit, var svæfður í síðustu viku eftir að hann beit starfsmann. Talið er að þungunin gæti hafa valdið því að svefnlyfið dró hann til dauða. - sh

# Augum Stóra bróður fjölgar ört

**Fylgst er með hverjum Breta með að meðaltali 300 myndavélum á vegum hins opinberlega daglega. Flestir telja eftirlitið réttlætanlegt en hagsmunasamtökum hrýs hugur. Ef þú ert saklaus er óþarfi að örvænta, segja yfirvöld.**

**LONDON, AP** Að meðaltali ná um 300 eftirlitsmyndavélar myndum af hverjum íbúa Bretlandseyja á dag, að því er lögregla þar í landi fullyrðir. Hvergi í hinum vestræna heimi er eftirlit með borgurum jafnmikið. Yfir fjórar milljónir eftirlitsmyndavéla eru í landinu á vegum hins opinbera.

Þeir leynilegu atburðir sem nást á myndavélarnar eru sjaldnast af glæpsamlegum toga, heldur mun oftar atburðir úr einkalífi fólks, á borð við kossaflens í laumi. Þó benda kannanir þarlendis til þess að yfir áttatíu prósent Breta telji strangt eftirlit viðunandi fórnarkostnað í skiptum fyrir öryggið sem því fylgir, jafnvel þótt í því felist símhleranir, ofurnæmir hljóðnemar á víðavangi sem nema hvísl manna í millum og að hnýst sé í póst almennings.

Tvö ár eru bráðum frá hryðjuverkaárásunum á London í júlí 2005, þar sem eftirlitsmyndavélar hjálpuðu mjög við að upplýsa málið.



**FYLGST MEÐ HVERJU SKREFI** Starfsmaður fylgist grannt með aragrúa sjónvarpsskjáa sem sýna grandalaust fólk athafna sig víðs vegar um London. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

En það er fleira en meint hryðjuverkastarfsemi sem fylgst er með í myndavélunum. Í Gloucester í Englandi eru öryggismyndavélar útbúnar hljóðnemum og hátölurum. Fólk sem staðið er að jafnvel vægustu afbrotum, svo sem að fleygja rusli á götuna, er samstundis látið vita að verið sé að fylgjast með því, og því gefið tækifæri á að breyta rétt. Öll samskiptin eiga sér stað í gegnum myndavélina.

Þá eiga bresk yfirvöld stærsta lífsýnabanka veraldar, með upplýsingum um ofbeldismenn og unga afbrotamenn. Í bankanum eru upplýsingar um á fjórðu milljón manns, en um þriðjungur þeirra hefur aldrei verið fundinn sekur um glæp. Hagsmunasamtök óttast að þessar upplýsingar kunni einn daginn að verða notaðar, meðal annars af tryggingafélögum.

Mörgum hrýs hugur við þessari þróun. Hagsmunafélög segja ríkisstjórnina gera Bretland æ líkara samfélagi sem byggist á persónunjósnum og minnka réttindi borgaranna hröðum skrefum. David Morgan yfirlögregluþjónn svarar efasemdum, líkt og bresk yfirvöld gera jafnan, með sígildum rökum: „Það er óþarfi að hafa áhyggjur af svo nánu eftirliti – nema auðvitað ef þú hefur óhreint mjöl í pokahorninu.“ stigur@frettabladid.is




Aldursforsetinn

Hrollaugur Marteinsson er frá Höfn í Hornafirði. Haustið 2006 fékk hann starf hjá Fjarðaáli og eftir nokkurra vikna námskeið varð hann meðal þeirra fyrstu sem hófu reglubundin störf í framleiðsluteymi í álverinu.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 37780 06.2007

Kröfðust breytinga á Torgi hins himneska friðar:

# Átján ár liðin frá harmleiknum

**KÍNA, AP** Þúsundir kröfðust stjórnarfarsbreytinga í Kína í gær við minningarathöfn til heiðurs fórnarlömbum ofbeldisins á Torgi hins himneska friðar 4. júní árið 1989.

Syrgjendurnir, sem sumir voru viðstaddir harmleikinn, minntust þess að átján ár voru liðin frá því að kínverski herinn bældi niður mótmæli námsmanna og verkafólks með hervaldi. Mörg hundruð fórust í átökunum.

„Hver getur ábyrgst að svona endurtaki sig ekki?“ sagði einn af þeim sem lifðu átökin af. Annar benti á að minningu þessa hörmungaratburðar hefði ekki verið haldið nægilega á lofti. - sgj



**MINNAST ÁTAKANNA** Börn í Hong Kong tendra friðarljós í minningu harmleiksins. NORDICPHOTOS/AFP

Leikskólabörn taka þátt í verkefni með slökkviliðinu:

# Fræðast um eldvarnir

**FORVARNIR** Slökkviliðin í landinu hafa ýtt úr vör sérstöku forvarnarverkefni í samstarfi við Eignarhaldsfélagið, Brunabótafélag Íslands og leikskólana. Markmið verkefnisins er að auka öryggi á leikskólum og heimilum barnanna.

Verkefnið fer þannig fram að slökkviliðin heimsækja leikskólana tvisvar á ári. Gengið er úr skugga um að eldvarnir á leikskólunum séu eins og best verði á kosið og elstu börnunum verður veitt fræðsla um eldvarnir. Nýleg könnun sýnir að eldvörnum á íslenskum heimilum er ábótavant og í verkefninu verða foreldrar og forráðamenn barnanna minntir á mikilvægi þess að eldvarnir heimilisins séu í lagi.

Verkefnið var kynnt á leikskólanum Norðurbergi í Hafnarfirði í liðinni viku og börnin þar kunnu vel að meta heimsókn slökkviliðsmannanna. - þo



**SPENNANDI SLÖKKVILIÐSMENN** „Þú andar eins og Svarthöfði,“ sagði eitt barnið þegar slökkviliðsmaðurinn hafði sett upp súrefnisgrímuna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA









Hátíð í bæ

Fjörið verður á Reyðarfirði laugardaginn 9. júní!

Alcoa Fjarðaál býður til opnunarhátíðar nýs álvers í Reyðarfirði á laugardaginn kemur. Bærinn skrýðist hátíðarbúningi og karnivalstemmning með fjölbreyttum skemmtiatriðum verður um allan bæ frá kl. 13 og fram á kvöld.

Popp, rokk, jass, einsöngvarar, barnaskemmtun, götuleikhús, töframenn, trúðar, útimarkaður, trúbadorar, leiktæki, kórar, harmonikkutónleikar og skoðunarferðir um álverslóðina.

Dagskrá:

10:00 Formleg opnunarathöfn í Fjarðabyggðarhöllinni.

13:00 Opnunarhátíð og karnivalstemmning um allan bæ. Meðal þeirra sem koma fram eru: Karíus og Baktus, gospelkór, Nylon, Bjarni Tryggva, Hnakkarnir, Þorsteinn Helgi, Skoppa og Skrýtla, frú Norma, SúEllen og margir, margir fleiri.

19:00 Stórtónleikar í Fjarðabyggðarhöllinni.
Björgvin Halldórsson
Andrea Gylfadóttir
Birgitta Haukdal
Eivör Pálsdóttir
Felix Bergsson
Helgi Björnsson
Stefán Hilmarsson
The Queen Show

22:00 Listflug og fallhlífarstökk í dagskrárlok.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA



**MJÓLK ÚR PELA** Óðinn heitir þetta fimm ára gamla tígrisdýr sem þarna drekkur mjólk úr pela þjálfara síns á sýningu í Kaliforníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spænsk stjórnvöld kæra bandarískt fjársjóðsleitarfyrirtæki:

# Fjársjóðsskip vekur deilur

**BANDARÍKIN, AP** Spænsk stjórnvöld hafa lagt fram kæru hjá dómstól í Bandaríkjunum vegna skipsflaks sem bandaríska fyrirtækið Odyssey Marine Exploration hefur fundið og hirt fjársjóð úr. Fjársjóðurinn er sagður vera rúmlega þrjátíu milljarða króna virði.

James Goold, lögfræðingur spænsku stjórnarinnar, segir að fjársjóðurinn tilheyri Spánverjum ef skipið var spænskt eða ef það liggur á hafsbotni í spænskri landhelgi. Fyrirtækið hafi ekki fengið leyfi frá spænskum stjórnvöldum til að bjarga eða fjarlægja skipið.

John Morris, framkvæmdastjóri bandaríska fyrirtækisins, fullyrðir að skipið, sem sagt er heita Svarti svanurinn, hafi ekki fundist í spænskri landhelgi. Fyrirtækið fullyrðir að skipið hafi fundist í Atlantshafinu utan allrar lögsögu, en hefur þó ekki viljað gefa upp nákvæma staðsetningu.

Fyrirtækið fullyrðir að fjársjóðurinn, 500 þúsund gull- og silfurpeningar, sé ekki kominn úr breska skipinu HMS Success, sem liggur í Gíbraltarsundi. Fyrirtækið hafði fengið leyfi spænskra stjórnvalda til að leita að því skipi.

Fyrirtækið hefur hins vegar hvorki staðfest né neitað fréttum um að þetta skip sé annað breskt skip, Merchant Royal, sem sökk í slæmu veðri úti af ströndum Englands árið 1641. - gb



**RANNSÓKNARLEIÐANGURINN** Greg Stemm og Tom Dettweiler skoða pening úr skipsflakinu Svarta svaninum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Von um líf á öðrum hnöttum:

# Fundu þrjátíu nýjar plánetur

**VÍSINDI** Tuttugu og átta plánetur hafa fundist á braut um aðrar stjörnur undanfarið ár. Samtals er nú vitað um 236 plánetur utan okkar sólkerfis. Vísindamenn segja milljarða byggilegra pláneta geta verið til, samkvæmt fréttavef Reuters.

„Sólkerfið okkar er ekki einsdæmi í alheiminum,“ sagði Geoffrey Marcy, prófessor í stjörnufræði við Kaliforníuháskóla. „Af tvö hundruð milljörðum stjarna í Vetrarbrautinni tel ég um tíu prósent hafa byggilegar plánetur á braut um sig. Síðan eru til þúsundir milljarða vetrarbrauta sem eru eins og okkar.“ - sþs

Reykingabann í Finnlandi:

# Reykingamenn sátu úti og nutu góða veðursins

**FINNLAND** Íslendingar voru ekki þeir einu sem tóku upp reykingabann á veitingastöðum og kaffihúsum um síðustu mánaðamót, Finnar gerðu það líka. Fyrsta reyklausa helgin gekk vel í Helsinki, að sögn Finnlandssænska dagblaðsins Hufvudstadsbladet, enda sátu reykingamenn bara úti í góða veðrinu.

„Það var aðeins meiri umferð í anddyrinu þegar viðskiptavinir fóru út á götu til að reykja en ekki svo mikil að það hafi truflað aðra,“ segir Esa Paloharju á veitingastaðnum Black Door. „Einn viðskiptavinir kveikti á sígarettu inni af gömlum vana og annar sneri við og kláraði sígarettuna fyrir utan.“ - ghs

Maður á þrítugsaldri dæmdur í 22 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu 418 e-taflna:

# Sagðist hafa fundið strumpatöflurnar úti í móa

**DÓMSMÁL** Tuttugu og þriggja ára maður hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið dæmdur í 22 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu fíkniefna. Lögregla fann 418 e-töflur á heimili hans í Njarðvík í júlí í fyrra.

Fyrr um kvöldið var faðir mannsins handtekinn á heimili fjölskyldunnar vegna gruns um fíkniefnasölu. Maðurinn var þá einnig grunaður um slíkt hið sama og fór fram húsleit vegna þess. Í aðalhluta hússins fundust tólf pakkningar af amfetamíni. Móðir mannsins viðurkenndi að eiga efnið og hafa ætlað að nota það sér til skemmtunar í tilefni fimmtugsafmælis síns.

Í framhaldinu fór fram leit í herbergi mannsins og fundust þar 418 e-töflur faldar í verðlaunabikar. Töflurnar voru flestar gular með strumpamynd á annari hliðinni.

Maðurinn tjáði lögreglu að hann hefði fundið töflurnar úti í móa nokkrum dögum áður. Hann breytti þeim framburði þó fljótlega og sagðist þá hafa keypt töflurnar af manni sem hann þóttist ekki þekkja nein deili á. Hann kvaðst einnig vera háður hassreykingum og hafa ætlað að skipta töflunum fyrir hass í von um að fá hassið þannig ódýrar.

Dómnum þykir framburður mannsins óstöðugur og margt sem þar kom fram harla ólíklegt. Ýmislegt bendi eindregið til þess að hann hafi verið í föstu viðskiptasambandi við fíkniefnasalann og hafi ekki viljað gefa upp nafn hans af ótta við hefndaraðgerðir. Hann hlaut því áðurnefndan dóm.



**E-TÖFLUR** Faðir mannsins var handtekinn vegna gruns um fíkniefnasölu og tólf skammtar af amfetamíni fundust á móður hans.

Hinn dæmdi lék um tíma körfubolta með liði Njarðvíkur en var meinað að æfa frekar eftir að málið kom upp síðasta sumar. - sh

Mercedes-Benz ML-Class 280 CDI, verð: 6.370.000 kr. með Íslandspakka*

Þú getur verið viss um gæðin

Mercedes-Benz ML-Class er jeppi sem slær samkeppnisaðilunum við hvað varðar gæði, glæsileika og öryggi. Í boði eru þrjár bensínvélar og þrjár dísilvélar. Sú nýjasta, V8 420 CDI dísilvélin, er sannkallað tækniundur sem skilar 306 hestöflum. Hröðun frá 0 og upp í 100 km er aðeins 6,5 sekúndur og togið er ótrúlegt, 700 Nm. Þrátt fyrir þetta er meðaleyðsla bílsins aðeins 11,1 lítrar á hverja 100 km.

ASKJA er eini viðurkenndi umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

*Hiti í framsætum, dökkar filmur í rúðum og aftengjanlegt dráttarbeisli.

Smáþjóðaleikar í Mónakó:

## Loftslagsbreytingar ræddar

**UMHVERFISMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sat í gær fund leiðtoga evrópskra smáríkja um umhverfismál í boði Alberts II fursta í tengslum við smáþjóðaleikana sem hófust í Mónakó í gærkvöldi.

Ítarlega var rætt um þær hættur sem fylgja yfirvofandi loftslagsbreytingum. Fram kom að loftslagsbreytingarnar hefðu meiri áhrif á smáríki en önnur ríki, ekki síst eylönd sem biðu verulegt tjón vegna hækkunar sjávarborðs.

Samþykkt var yfirlýsing þar sem hvatt var til aðgerða til þess að vega á móti útblæstri koltvísýrings í andrúmsloftið. **- pal**

Alþjóðlega umferðaröryggisvikan í lok apríl skilaði miklum árangri:

# Slysum fækkaði um 82 prósent

**UMFERÐ** Tjónum og slysum í umferðinni fækkaði verulega í alþjóðlegu umferðaröryggisvikunni sem haldin var hérlendis dagana 23. til 29. apríl síðastliðinn, samkvæmt upplýsingum frá Sjóvá. Tjónum fækkaði um 22 prósent og slysum um heil 82 prósent samanborið við sömu viku í fyrra.

Þá fækkaði tjónum og slysum einnig frá vikunni á undan, öfugt við það sem gerðist í fyrra, þegar tjónum og slysum snarfjölgaði á milli þessara sömu vikna.

Einar Guðmundsson, forstöðumaður Forvarnarhúss Sjóvár, sem stóð fyrir mikilli sýningu og fræðslu í samstarfi við Umferðarstofu í umferðaröryggisvikunni, segir aðstandendur ekki hafa verið hissa á góðum árangri. „En auðvitað renna menn blint í sjóinn með svona. Við vonuðum að þetta myndi ganga vel, og það er bara mjög gleðilegt að það hafi tekist.“

Vikan er haldin að erlendri fyrirmynd og á Alþjóðaheilbrigðisstofnunin frumkvæði að henni. Í vikunni var meðal annars haldið fræðslunámskeið fyrir 500 ungmenni um afleiðingar hrað- og ölvunaraksturs. **- sh**



**UMFERÐ Í ÁRTÚNSBREKKU** Slysum fækkaði milli vikna í ár, en milli sömu vikna í fyrra fjölgaði þeim umtalsvert. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tillaga þingmanna VG:

## Skoða loforð fyrir kosningar

**ALÞINGI** Forsætisráðherra mun taka saman skýrslu um samninga, viljayfirlýsingar og fyrirheit sem ríkisstjórnin veitti í aðdraganda kosninga, en Alþingi samþykkti í gær samhljóða tillögu þingmanna Vinstri grænna þar að lútandi. Sundurgreina á fyrirheitin eftir ráðherrum og taka til upphæðir.

Í greinargerð með beiðni Vinstri grænna kemur fram að óskað sé eftir öllum fyrirheitum sem gefin voru frá því fjárlög voru samþykkt 6. desember 2006 þar til ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lét af störfum. **- bj**

Frumvarp gerir ráð fyrir að heimilt verði að auglýsa ekki störf hjá stjórnarráðinu:

# BHM leggst gegn breytingu

**ALÞINGI** Samþykki Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um stjórnarráð Íslands, sem stefnt er á að verði að lögum á sumarþinginu, verður þess ekki lengur krafist að öll laus störf innan stjórnarráðsins verði auglýst laus til umsóknar.

Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna (BHM), segir tilganginn með því að auglýsa störfin undantekningarlaust að fá hæfasta fólkið til starfa og tryggja að ekki séu teknar geðþóttaákvarðanir þegar sýslað sé með almannafé.

„Þetta fer væntanlega í nefnd og þá fáum við þetta til umsagnar. Við munum leggjast gegn þessu,“ segir Stefán. „Stjórnarráðið á ekki að vera lokaður klúbbur.“

Ákvæðið í stjórnarfrumvarpinu mun meðal annars gera stjórnvöldum auðveldara fyrir að færa starfsfólk milli ráðuneyta þegar breytingar verða gerðar á þeim, eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að æskilegt sé að auka hreyfanleika starfsfólks innan stjórnarráðsins. Heimild til að sleppa því að auglýsa störf og leita til starfsmanna sé í samræmi við það sem tíðkist hjá stærri fyrirtækjum.

Stefán segir BHM ekki leggjast gegn auknum hreyfanleika en mikilvægt sé að fastar stöður séu auglýstar. Öðru máli geti gegnt með tímabundin störf, til dæmis afleysingar. **- bj**



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Heimilt verður að færa starfsmenn milli starfa í ráðuneytunum án þess að auglýsa störfin laus til umsóknar, verði lagafrumvarp stjórnarinnar að lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR







## „ORÐRÉTT“

### Moðhausabíómynd

**„Afgangurinn er ámóta ómerkileg samsuða suðurríkjafyrirlitningar, hommafóbíu, múslimabrandara, nefndu það, ef þér dettur eitthvað ósmekklegt í hug, er það hluti aulafyndni Delta Farce.“**

SÆBIRNI VALDIMARSSYNI FANNST KVIKMYNDIN DELTA FARCE „ÓLÝSANLEGA VOND“.

**Morgunblaðið 4. júní.**

### Stolinn hugbúnaður

**„Það er mikill tvískinnungur fólginn í því að segjast vera hugverkaland sem byggir á mannauði, en hafa svo mjög slakar hugmyndir um hugverkarétt.“**

HALLDÓR JÖRGENSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI MICROSOFT Á ÍSLANDI, ER EKKI STOLTUR AF HUGBÚNAÐARSTULDI ÍSLENDINGA.

**Fréttablaðið 4. júní.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐBJARTUR HANNESSON ÞINGMAÐUR OG SKÓLASTJÓRI

## *Útskrifaði síðustu nemendurna*

Það var í mörgu að snúast hjá Guðbjarti Hannessyni, þingmanni og skólastjóra, í gær. „Ég er uppi í þinghúsi og er verið að skipa í embætti í þingnefndunum núna. Klukkan sex verður svo útskrift í skólanum mínum og verður það síðasta útskriftin hjá mér.“ Guðbjartur er skólastjóri Grundaskóla á Akranesi og hefur verið það frá stofnun skólans árið 1981.

Uppgangur hefur verið á Akranesi undanfarin misseri og sést það ekki síst á skólastarfinu. 540 nemendur voru í skólanum í vetur. Þeir hafa aldrei verið jafn margir og ljóst að eitthvað þarf að gera í húsnæðismálum skólans í haust, segir Guðbjartur.



„Það verður síðan nóg að gera hjá mér á næstunni. Ég þarf að ganga frá ýmsu í skólanum áður en ég hætti. Svo er óvíst hve lengi þingið stendur, en líklega verður það fram í næstu viku. Vestnorræna nefndin, sem ég er í, verður með þemaþing í næstu viku á Húsavík, með fulltrúum Grænlendinga og Færeyinga.“ Fjallað verður um fríverslunarsamninga milli þessara þriggja landa en þegar er til fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja. „Nefndirnar á Alþingi taka síðan til starfa í sumar, þó að fundahlé sé á Alþingi, og þar verður nóg að gera.“ Guðbjartur er formaður í félagsmálanefnd, sem breytist í félagsmála- og trygginganefnd, og situr einnig í fjárlaganefnd og menntamálanefnd.

„Vonandi get ég tekið mér nokkrar vikur í sumarfrí. Ekkert er þó ákveðið í þeim efnum.“

## LEGO:

### VINSÆLUSTU PLASTKUBBARNIR



Fyrirtækið LEGO var stofnað á fjórða áratugnum. Það fór þó ekki að gera plastkubba fyrr en rétt fyrir árið 1950. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru enn í Danmörku en kubbarnir eru framleiddir víða um veröld. Um tíma voru legókubbar framleiddir á Reykjalundi. Framleiddir eru um tuttugu milljarðar kubba á ári, í kringum 600 á sekúndu.

Nafn fyrirtækisins stendur fyrir „leg godt“ sem þýðir „leiktu vel“.

## SJÓNARHÓLL

LANDSLIÐIÐ Í KNATTSPYRNU



**ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR**
Rithöfundur

### *Ásthildur þjálfi liðið*

„Alltaf þegar maður ætlar að fara að tala um íslenska landsliðið byrjar maður á því að draga fánann að húni og kyrja þjóðsönginn,“ segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur. „Maður hlakkar alltaf til þegar landsliðið er að fara að spila. Ekki af því að maður fyllist einhverju þjóðarstolti heldur af því að mann langar að sjá góðan fótbolta. Það er stemmning eins og þegar fjölskyldan grillar saman. Ég fór ekki á leikinn á laugardaginn en þegar ég heyrði að það hefði orðið jafntefli hugsaði ég að jafntefli væru engin úrslit. Þessi leikur gengur ekki út á jafntefli, hann gengur út á að sigra. Og þótt jafntefli geti verið ókei þá skilst mér að þetta hafi verið svo leiðinlegur og andlaus leikur. Ég sting upp á því að Ásthildur Helgadóttir verði næsti landsliðsþjálfari. Það þarf að breyta til og taka þetta ekki alltaf svona ferlega alvarlega.“

# Peningar og tengsl greiða leiðina

**Atvinnuleysi og fátækt eru algeng í Armeníu og efnahagsvandinn gríðarlegur. Fáir Íslendingar þekkja til í Armeníu en meðal þeirra er Björk Þorgrímsdóttir háskólanemi sem bjó þar og starfaði í níu mánuði árið 2005.**



**KENNDI ÞEIM ENSKU** Björk með hópi barna í endurhæfingarmiðstöðinni. Hún kenndi þeim ensku og stytti þeim stundirnar.

Björk Þorgrímsdóttir vann í sjálfboðavinnu í Armeníu á endurhæfingarmiðstöð fyrir börn. „Krakkarnir komu þangað með mæðrum sínum í fjórar vikur í senn. Þau gátu ekki gengið og höfðu flest fæðst þannig en sum þeirra höfðu lent í slysi. Krakkarnir gistu á svæðinu og voru í endurhæfingu hjá okkur. Eftir endurhæfinguna höfðu þau ekkert að gera á daginn og voru bara að glápa á sjónvarpið þannig að mitt hlutverk var að kenna þeim ensku, leika við þau og gera eitthvað skemmtilegt með þeim,“ segir Björk.

Armenía á landamæri að Tyrklandi, Georgíu, Aserbaídsjan og Íran. Landið var eitt af lýðveldum Sovétríkjanna og hlaut sjálfstæði árið 1991. Björk segir að Armenía tilheyri allt öðrum menningarheimi en Ísland, landið sé lítið smitað af vestrænum áhrifum og þar séu til dæmis engir McDonald‘s-staðir.

Björk kom til Armeníu um miðja nótt í marsmánuði. Hún segir að það hafi slegið sig fyrst hve umhverfið hafi virkað skítugt og vegirnir holóttir og lélegir. „Húsin líta frekar illa út að utan en þegar maður kemur inn eru heimilin allt öðruvísi og mjög aðlaðandi. Fólk er afskaplega gestrisið og almennilegt. Armenar gefa manni allt þó að þeir eigi ekki neitt,“ segir hún.

Spilling er talin mikil í Armeníu. Björk telur að peningar og tengsl við háttsetta menn greiði fólki leiðina. „Ef fólk á peninga getur það keypt pláss fyrir krakka í skólum eða heilbrigðisþjónustu. Ef fólk þekkir einhvern háttsettan þá er fjölskyldan á grænni grein.“

Björk bjó hjá þremur fjölskyldum í höfuðborginni Jerevan þá níu mánuði sem hún var í Armeníu og allar voru þær frekar vel settar þó ólíkar væru. Í einni fjölskyldunni var eiginmaðurinn til dæmis læknir sem bjó og starfaði í Rússlandi í níu eða tíu mánuði ársins, þar sem hann fékk ekki vinnu í Armeníu. Í annarri fjölskyldu var eiginmaðurinn vel þekktur listmálari sem hefur sýnt verk sín víða um heim. Björk segir að listmálarinn hafi verið vel tengdur og talsvert fengið ráðamenn í heimsókn til sín. Í þriðju fjölskyldunni var pabbinn prófessor í rússnesku og mamman kennari.

Þingkosningar áttu sér nýlega stað í Armeníu og í kjölfarið spunnust umræður um kosningasvindl. Björk segir að Armenar vilji lítið velta sér upp úr pólitík. Annað gildi um þjóðarmorðin. „Ég var þarna þegar níutíu ár voru liðin frá því að Tyrkir frömdu þjóðarmorð á Armenum og það vilja allir fá viðurkenningu á þessu. Það er mjög djúpt í fólki, líka unga fólkinu,“ segir hún.

Björk rifjar upp athöfn við minnisvarða í Jerevan þegar þess var minnst að sextíu ár voru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Hún segir að sú athöfn sé sér eftirminnilegus. „Þarna var fullt af gömlum mönnum, sem gátu varla gengið, með medalíur í fínu jakkafötunum sínum og alla þessa sögu á bak við sig. Innan um voru gamlar konur með mótmælaspjöld. Þær höfðu kannski misst manninn sinn eða aðra ástvini í stríðinu. Ég fékk yfirþyrmandi tilfinningu í hópnum inni í þessari sögu. Það var svo mikil samheldni í fólkinu, það býr í svo litlu landi með óvini allt um kring,“ segir hún. **ghs@frettabladid.is**

### UM ARMENÍU

**Nafn:** Lýðveldið Armenía
**Mannfjöldi:** 3 milljónir (2005)
**Höfuðborg:** Jerevan
**Tungumál:** Armenska, rússneska
**Trú:** Kristin
**Forseti:** Robert Kotsjarjan




PIPAR / SÍA / 71114

**Dælulyklahafar**
**hækkun sólarhringsheimilda**

**Á undanförnum mánuðum hafa fjölmargir stærri viðskiptavinir óskað eftir hækkun Dælulyklaheimilda úr 15.000 í 25.000.**

Af þeim sökum hefur Atlantsolía ákveðið að sólarhringsheimild allra Dælulykla með 15.000 krónum verði hækkuð upp í 25.000 krónur.

Þeir viðskiptavinir okkar sem vilja halda eldri sólarhringsheimild er bent á að hafa samband við skrifstofu okkar, í síma eða með tölvupósti.

**Athygli er vakin á því að viðskiptavinir geta hvenær sem er breytt sólarhringsheimildum í 5, 10 eða 25 þúsund kr.**

**Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar www.atlantsolia.is, með því að hringja í síma 591 3100 eða með því að senda okkur tölvupóst á atlantsolia@atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía** Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfirði / Sími 591 3100 / atlantsolia@atlantsolia.is / www.atlantsolia.is


Nám í mótun við Myndlistaskólanum í Reykjavík:

## Keramiknám endurvakið

Í haust verður boðið upp á nýtt nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Um er að ræða tveggja ára diplómanám í mótun sem unnið er í samvinnu við Iðnskólann í Reykjavík. Námið er efnistengt nám í leir og tengdum efnum þar sem nemendur læra að hugsa og móta gegnum efnið.

„Okkur langaði að auka námsframboð í list- og hönnunargreinum en keramiknám hefur ekki verið í boði hér á landi síðan Mynd- og handíðaskólinn var og hét,“ segir Sólveig Aðalsteinsdóttir, deildarstjóri keramikdeildar í Myndlistaskólanum. Kennarar verða leirlistamenn, myndlistarmenn og vöruhönnuðir svo nemendur ná að kynnast hinum ýmsu sviðum mótunar. „Þetta nám mun til dæmis nýtast öllum þeim sem annað hvort hafa lært hönnun og vilja bæta við sig eða hyggja á hönnunarnám í framtíðinni,“ segir Sólveig.

Skólinn er í samstarfi við Glasgow School of Art og þeir sem ljúka þessu tveggja ára námi geta farið út, bætt við sig tveimur árum í Glasgow og útskrifast þaðan með BA-gráðu.



**VERK Í MÓTUN** Umsækjendur um nám í mótun þurfa að hafa lokið stúdentsprófi af listnámsbraut.

MYND/MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Umsóknarfrestur er til 11. júní.

**- þo**




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## Svona erum við

> Meðalaldur brúða og brúðguma sem eru að ganga í hjónaband í fyrsta sinn




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið** *fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STULDUR Á VEFNUM

# *Íslendingar bíræfnir hugbúnaðarþjófar*

Ísland er í öðru sæti á lista yfir þær þjóðir sem nota mest af ólöglegum hugbúnaði að sögn breska tímaritsins The Economist.

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, segir stöðuna vera til skammar. Hlutfall stolins búnaðar hér á landi er langt yfir meðaltali annarra vestrænna þjóða.

**Hvernig komst þetta upp?**
Árleg rannsókn alþjóðlegra samtaka hugbúnaðarframleiðenda, Business Software Alliance, leiddi í ljós að meira en helmingur alls hugbúnaðar á Íslandi var ólöglega fenginn árið 2006, eða 53 prósent. Til samanburðar má nefna að í Finnlandi, þar sem næstmestu var stolið af hugbúnaði á Norðurlöndunum, voru 27 prósent hugbúnaðar stolin. Heimsmeðaltalið er 35 prósent.

**Hvaða lönd stela mest?**
Íslendingar eru í öðru sæti yfir þær þjóðir sem mest stela af hugbúnaði. Í efsta sæti eru íbúar Aserbaídsjan. Löndin Óman og Barein eru svo í þriðja og fjórða sæti.



**Hvaða hugbúnaði stela Íslendingar helst?**
Helst má nefna Office-hugbúnaðarpakkann frá Windows, en Íslendingar stela einnig mikið af leikjum, ýmis konar forritum, tónlist og kvikmyndum.

**Hvað er til ráða?**
Hugbúnaðarstuldur Íslendinga þykir ekki eiga margt skylt með því sem gerist meðal annarra efnaðra þjóða. Friðrik J. Skúlason tölvunarfræðingur hefur greint frá því að hugarfarsbreyting þurfi að verða á Íslandi. Fyrirtæki og opinberar stofnanir noti yfirleitt ekki illa fenginn hugbúnað en í heimilistölvum sé gríðarlega mikið af stolnum búnaði.



**VEIÐIR UPP DAUÐAN FISK** Vegna mengunar úr verksmiðju fylltist allt af dauðum fiski í þessu vatni í Wuhan í Kína. Maðurinn á myndinni fékk það óskemmtilega hlutverk að veiða fiskinn upp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Drykkjan undir strangara eftirliti

**Áfengisneysla á knattspyrnuleikvöngum hefur verið til umræðu að undanförnu, bæði hér á landi og erlendis. Boðið er upp á áfengi í samkvæmissal Laugardagsvallar er leikir fara fram, þrátt fyrir að opinberlega sé auglýst að áfengisneysla sé með öllu óheimil. Danir íhuga strangt eftirlit.**



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is

Í kjölfar árásar 29 ára gamals karlmanns á þýska dómarann Herbert Fandel, undir lok leiks Dana og Svía á Parken-leikvanginum í Kaupmannahöfn, hafa vaknað spurningar um eftirlit með áfengisneyslu á leikvöngum. Danska knattspyrnusambandið hefur krafist þess að eftirlit verði hert; áfengið skuli víkja fyrir auknum öryggiskröfum. Maðurinn, sem danskir fjölmiðlar hafa forðast að nafngreina af ótta við að hann verði fyrir aðkasti, segist ekki muna eftir atburðinum þar sem hann hafi líklega verið búinn að drekka fimmtán til tuttugu bjóra þegar atvikið kom upp.

**Stefnan skýr – annað ekki**
Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, og Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, hafa þá skýru stefnu að banna áfengissölu og áfengisneyslu á leikvöngum. Reglurnar ná til drykkja sem eru með 2,6 prósent áfengisstyrkleika eða meira. Sérsamböndin víðs vegar um heim, sem gert er að fara eftir reglum alþjóðasambandanna, fara ekki öll eftir þessum reglum og hefur Knattspyrnusamband Evrópu til að mynda gert athugasemdir við að Danir selji bjór á leikvöngum, en ekki pilsner, eins og leyfilegt er samkvæmt reglunum.

Vandinn á sér rætur í menningarlegum mun milli þjóða. Danir vilja margir hverjir horfa á boltann með bjór í hendi, líkt og Þjóðverjar, Bretar og ýmsir fleiri. Erfiðlega hefur gengið að samræma þetta stefnu alþjóðasambandanna en mikill árangur hefur þó náðst á undanförnum árum.

Reglur alþjóðasambandanna byggjast á því að áfengisneysla á leikvöngunum geti skapað óöryggi og jafnvel valdið uppþotum, enda stutt í spunann hjá mörgum knattspyrnuáhangendum þegar leikirnir fara fram. Stefnan er skýr en framfylgni reglnanna er um margt óljós.

**Boðsgestir og útvaldir drekka**
Knattspyrnuleikvangar eru oft á tíðum gríðarlega stór mannvirki og innan þeirra rýmast stundum ráðstefnusalir, veitingahús, verslanir, hótel og þar til gerðir samkvæmissalir.

Þó að Laugardalsvöllur sé smár í alþjóðlegum samanburði, með sæti fyrir 7.000 áhorfendur, hefur nýlega verið tekinn í notkun samkvæmissalur þar sem áfengi hefur verið veitt. Fyrir þessu hafa íþróttafélögin sem nýta Laugardalsvöll, Fram og Valur, staðið auk þess sem Knattspyrnusambandið heldur slík boð reglulega, meðal annars þegar landsleikir fara fram.

Þetta þýðir, þegar öllu er á botninn hvolft, að áfengi er í boði á Laugardalsvelli fyrir útvalda boðsgesti í samkvæmissalnum á meðan nokkuð strangt eftirlit er með því að almennir áhorfendur fari alls ekki með áfengi inn á völlinn auk þess sem óheimilt er að selja áfengi á vellinum sjálfum. „Öll meðferð áfengis er óheimil,“ segir meðal annars á auglýsingum Knattspyrnusambandsins fyrir landsleiki.

**Hluti af alþjóðlegri þróun**
Formaður Knattspyrnusambands Íslands, Geir Þorsteinsson, hefur svarað því til að boðin séu hluti af alþjóðlegri þróun þar sem fótboltinn sé alltaf að verða fyrirferðarmeiri í alþjóðlegu umhverfi viðskipta. Boðin séu fylgifiskur þess þar sem ýmsir velgerðarmenn knattspyrnuhreyfingarinnar komi saman til að styðja góðan málstað og tryggja gott samband við forsvarsmenn knattspyrnuhreyfingarinnar.

**Strangari kröfur – slæmt að tapa**
Mál dönsku bullunnar er líklegt til þess að hafa afgerandi áhrif á eftirlit með áfengismálum á knattspyrnuvöllum víðs vegar um heim. Ekki síst vegna tugmilljóna króna sekta sem knattspyrnusamböndin þurfa að greiða komi til fyrrnefndra atvika. Þá vegur 3-0 tap einnig þungt þegar knattspyrnan er annars vegar, þó líklega sé það enn sárara fyrir Dani að tapa leikjum þegar Svíar eru andstæðingurinn heldur en einhver annar.

**Áfengi óumdeilt á boðstólum**
„Þetta yfirbyggða rými [...] er ekki hugsað sem áhorfendasvæði þar sem útvaldir geta verið að höndla með áfengi,“ lét Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafa eftir sér í Fréttablaðinu á föstudag. Daginn eftir bauð sambandið upp á áfengi fyrir útvalda gesti í samkvæmissalnum, eins og myndir sem Fréttablaðið hefur birt sýna.

Hvernig sem málum verður háttað í framtíðinni má telja líklegt að eftirlit með áfengisneyslu innan vallarsvæðanna verði strangt eftir atvikið á Parken þar sem Knattspyrnusamband Evrópu á eftir að senda aðildarþjóðum sambandsins skýr fyrirmæli um hert tök.



**ÁFENGI Á BOÐSTÓLUM** Áfengi hefur verið á boðstólum fyrir útvalda á Laugardalsvelli í sumar, í samkvæmissal vallarins að erlendri fyrirmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Blaðamaður Politiken segir Dani líta atvikið á Parken alvarlegum augum:

## Of drukknir áhorfendur til ama

Christian Heide-Jørgensen, blaðamaður hjá danska dagblaðinu Politiken sem skrifað hefur um árásina á dómarann, segir Dani enn vera að jafna sig eftir uppákomuna á Parken á laugardag. Hann telur áfengisneysluna sem slíka ekki vera aðalatriðið heldur sé slakt eftirlit á vellinum áhyggjuefni.

„Það er auðvelt að kenna áfenginu um en ég held að eftirlitið á vellinum hafi ekki verið nægilega gott. Ef fólk er of drukkið á það ekki að komast inn á leikvanginn. Það er alvarlegt mál ef áhorfendur geta hlaupið alla leið inn á völlinn fyrirhafnarlaust og gert árás á dómara leiksins. Ég held því að það sé nauðsynlegt að herða eftirlitið með fólki sem mætir ofurölvað á leiki.“ Danski maðurinn sem hljóp inn á völlinn býr í Svíþjóð en danskir fjölmiðlar hafa gagnrýnt hann harkalega fyrir framferðið á laugardaginn. Heide-Jørgensen segir ritstjórn Politiken ekki hafa viljað nafngreina manninn af ótta við ofsakennd viðbrögð enda líti Danir atvikið alvarlegum augum. „Okkur fannst það of langt gengið að nafngreina manninn og aðrir fjölmiðlar hafa haldið þeirri stefnu hingað til. Ég held að það hefði getað ógnað öryggi hans.“ - mh



**RÆÐST Á DÓMARANN** Michael Gravgaard, leikmaður danska landsliðsins, kom í veg fyrir að dönskum áhorfanda tækist að slá til þýska dómarans Herbert Fendel. Áhorfandinn var búinn að drekka fimmtán til tuttugu bjóra þegar atvikið átti sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


FORMÚLUFERÐIR



Silverstone
6.–9. júlí.

Þeir sem fylgjast með Formúlunni eru sammála um að Silverstone brautin sé ein sú skemmtilegasta í mótaröðinni. Í fyrra sýndi Alonzo á Renault mikla yfirburði, en á Silverstone getur allt gerst. Skelltu þér út og fylgstu með Massa, Räikkönen, heimamanninum Coulthard og öllum hinum reyna með sér á brautinni. Gist verður á St. Giles sem er staðsett í miðborg London og farið í rútu til Silverstone. Ferðalöngum gefst því líka kostur að njóta lífsins í stórborginni London.



Verð á mann í tvíbýli
98.900 kr.
Innifalið: Flug og skattar, rúta til og frá Silverstone, gisting á St. Giles í London í 3 nætur, morgunverður og miði á kappaksturinn.

>> Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

# ÄNGLAMARK

UMHVERFISVÆNT • HÚÐVÆNT

ÄNGLAMARK VÖRURNAR:
UMHVERFISVÆNAR
HÚÐVÆNAR
NOTADRJÚGAR
GRÆNI SVANURINN – VOTTUN
EVRÓPUBLÓMIÐ – VOTTUN

## ÄNGLAMARK BLUECARE

Anglamark Bluecare eru hágæða umhverfisvænar og húðvænar hreinlætisvörur sem hlotið hafa mikla athygli á Norðurlöndunum. Allar eru þær vottaðar ýmist með Norræna umhverfismerkinu Svaninum eða EvrópuBlóminu.

BLUECARE



Þvottaefni f. lit 1 kg
399 kr/pk

*Norræna umhverfismerkið Svanurinn*

Norræna umhverfismerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum.



Eldhúspappír 4 rl
399 kr/pk



Salernispappír 8 rl
499 kr/pk



Þvottaefni f. hvítt 1 kg
399 kr/pk



Hreingerningarlögur 1 ltr
279 kr/stk



Fljótandi þvottaefni fyrir viðkvæman þvott 1 ltr
199 kr/stk



Uppþvottalögur 0,5 ltr
199 kr/stk



Uppþvottavélatöflur 32 stk
379 kr/pk



Salernishreinsir 1 ltr
199 kr/stk

MINIRISK

## ÄNGLAMARK MINIRISK

Anglamark Minirisk vörurnar eru bæði umhverfis- og húðvænar barnavörur sem innihalda hvorki lyktar- né litarefni. Vörurnar miða að því að lágmarka áhættu á ofnæmisviðbrögðum barna. Þessar vörur eru vottaðar með Norræna umhverfismerkinu Svaninum.



Blautklútar, 72 stk
279 kr/pk



Barnabaðsápa 400 ml
399 kr/stk



Barnasápa 3 stk
179 kr/pk



Barnakrem 250 ml
199 kr/stk

netto

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar slá út öll nágrannaríki sín í notkun á ólöglegum hugbúnaði.

## Íslenskir þjófar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Íslendingar eru í öðru sæti yfir þjóðir sem nota mest af ólöglegum hugbúnaði. Aðeins Aserbaídsjan er fyrir ofan Ísland á lista tímaritsins The Economist yfir þær þjóðir sem hafa mest af illa fengnum hugbúnaði í hverri tölvu.

Meira en helmingur þess hugbúnaðar sem er í notkun í íslenskum tölvum, eða 53 prósent, er tekinn ófrjálsri hendi. Þetta er um það bil tvöfalt hærra hlutfall af stolnum hugbúnaði en er í notkun á hinum Norðurlöndunum ef marka má árlega rannsókn alþjóðlegra samtaka hugbúnaðarframleiðenda, Business Software Alliance. Í rannsókn þeirra samtaka komast Norðmenn næst Íslendingum í hlutfalli ólöglegs hugbúnaðar með 29 prósent en á öðrum Norðurlöndum er hlutfallið lægra.

Hugverkaþjófnaður er vissulega landlægur ósiður. Svo virðist sem virðing fyrir eignarétti sé minni ef um hugverk er að ræða heldur en þegar fengist er við áþreifanlega hluti. Dæmi um þetta eru birtingar og fjölföldun á ljósmyndum og texta sem algeng er án þess að til komi leyfi eða greiðsla fyrir.

Um þverbak keyrir svo í umgengni við hugbúnað og annað efni sem tengist tölvum, svo sem tónlist og kvikmyndir sem hægt er að hlaða niður af netinu eða fjölfalda og flytja á milli tölva með öðrum hætti.

*Þegar hugbúnaður er tekinn ófrjálsri hendi jafnast það á við að ganga inn í verslun, taka það úr hillum sem mann vanhagar um og fara svo út án þess að greiða fyrir vöruna.*

Þjófnaður á hugbúnaði er í engu frábrugðinn öðrum þjófnaði. Þegar hugbúnaður er tekinn ófrjálsri hendi jafnast það á við að ganga inn í verslun, taka það úr hillum sem mann vanhagar um og fara svo út án þess að greiða fyrir vöruna. Eða kannski er nær að nota þá samlíkingu að þjófnaður á hugbúnaði sé eins og að ráða smið til starfa en láta sér ekki detta í hug að greiða honum laun fyrir vinnu sína.

Stuldur á hugbúnaði er vissulega ekki eins sýnilegur og þessi dæmi en engu að síður er um sambærilegan þjófnað að ræða. Vara er tekin og notuð án þess að greiða fyrir hana.

Óhætt er að taka undir orð Halldórs Jörgenssonar, framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi, um að þessi stórfelldi þjófnaður á hugbúnaði sé hugverkaþjóð til skammar. Það er áreiðanlega rétt mat hjá Friðriki J. Skúlasyni tölvunarfræðingi að flestar opinberar stofnanir og stærri fyrirtæki séu með hugbúnaðarmál sín í þokkalegu lagi. Vandinn liggur áreiðanlega fyrst og fremst í heimilistölvum almennings, sem gerir ekki vandann átækilegri.

Ljóst er að gagnger hugarfarsbreyting þarf að koma til í umgengni við hugbúnað og annað tölvutækt efni. Almenningur í landinu verður að hætta að líta á þessa hluti eins og almenningseign og horfast í augu við að fyrir hugbúnað þarf að greiða eins og annan varning sem tilheyrir neyslu nútímamannsins.

Þeir sem ekki gera það eru einfaldlega þjófar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Formenn sitja saman

Við upphaf hvers þings er alltaf gaman að sjá hvar þingmennirnir sitja og hverjir sitja saman, en dregið er um sæti í hvert sinn sem þing er sett. Á þessu sumarþingi vill það þannig til að tveir formenn tveggja stjórnarandstöðuflokka sitja hlið við hlið, þeir Guðni Ágústsson formaður Framsóknarflokksins og Guðjón Arnar Kristjánsson formaður Frjálslynda flokksins. Saman geta þeir því stungið saman nefjum til að samstilla strengi stjórnarandstöðunnar. Aðeins lengra er í formann þriðja stjórnarandstöðuflokksins, því að í staðinn fyrir að sitja á fremsta bekk, líkt og þeir Guðni og Guðjón, er Steingrímur J. Sigfússon á aftasta bekk og þarf því að kalla yfir eina sætaröð og nokkur sæti til hliðar til að stinga saman nefi við þá félaga.



### ... og líka varaformenn

Hinum megin í þingsalnum má svo finna tvo varaformenn sem sitja hlið við hlið, þau Ágúst Ólaf Ágústsson varaformann Samfylkingarinnar og Katrínu Jakobsdóttur varaformann Vinstri grænna. Aðrir varaformenn sitja ekki meðal almennra þingmanna í salnum, því Þorgerður Katrín situr í sínu ráðherrasæti, Magnús Þór Hafsteinsson er ekki þingmaður og Framsóknarflokkurinn er varaformannslaus sem stendur.

### Nýtt Alþýðubandalag?

Gamli tíminn kemur stundum skemmtilega til baka. Það sést meðal annars á því að þrír þingmenn sem allir voru eitt sinn í Alþýðubandalaginu sitja nú saman á alþingi. Engir þeirra eru nú í sama flokki, en Steingrímur J. Sigfússon er í Vinstri grænum, Árni Páll Árnason er í Samfylkingunni en Kristinn H. Gunnarsson í Frjálslynda flokknum, eftir smá viðkomu í Framsóknarflokknum. Í haust, þegar aftur verður dregið í sæti, verður á ný hægt að spá og spekúlera í hvaða áhrif sætaskipan hefur og hver situr við hliðina á hverjum.



svanborg@frettabladid.is

# Gluggað í stjórnarsáttmála

Það er vissulega sögulegt eins og segir í nýjum stjórnarsáttmála að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafi tekið ákvörðun um að starfa saman í ríkisstjórn. Svo mörg stór orð hafa fallið af hálfu beggja aðila um þá fjarstæðu að slíkt gæti gerst. Reyndar hafði dregið mjög úr slíkum stóryrðum nokkru áður en gengið var að kjörborðinu, sem gefur vísbendingar um að línur hafi verið lagðar um samstarf fyrir kosningar.

Í þessari ákvörðun beggja flokka felst mikil uppgjöf. Þeir gefast einfaldlega upp á að keppa hver við annan en fallast þess í stað í faðma. Það verður því mjög áhugavert að fylgjast með sambúðinni á næstu vikum og mánuðum. Ekki aðeins hjá þingmönnum og ráðherrum heldur einnig áhangendum þeirra eins og prófessorunum Stefáni Ólafssyni og Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni.

Fyrstu dagarnir lofa ekki góðu enda leynir ágreiningur sér ekki í fjölda mála sem upp hafa komið.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

**Í DAG** | Stjórnmál

### Eru nýjar áherslur?

Þegar farið er yfir hinn nýja stjórnarsáttmála kemur í ljós að halda á áfram á þeirri braut sem fyrrverandi ríkisstjórn hafði markað. Það er vissulega jákvætt fyrir Framsóknarflokkinn að svo skuli gert en vekur um leið upp spurningar um hvað var að marka öll stóru orðin sem Samfylkingin hafði uppi á hinu háa Alþingi.

Það sem stingur mest í augun þegar stjórnarsáttmálinn er borinn saman við málflutning Samfylkingarinnar eru tvö mál. Það er annars vegar varðandi hina svokölluðu „stóriðjustefnu“og hins vegar svokallað Íraksmál.

Í aðdraganda kosninga talaði Samfylkingin fyrir því að hlé yrði gert á uppbyggingu stóriðju í landinu og sagðist hlynnt algjöru stóriðjustoppi í nokkur ár.

*Þegar farið er yfir hinn nýja stjórnarsáttmála kemur í ljós að halda á áfram á þeirri braut sem fyrrverandi ríkisstjórn hafði markað*

Nú er allt annað uppi á teningnum. Mikið er einnig gert úr því að flýta gerð Rammaáætlunar. Þar er þó aðeins verið að tala um nokkra mánuði frá því sem áður var stefnt að.

Á öllum sameiginlegum fundum sem haldnir voru í Norðausturkjördæmi kom fram spurning um afstöðu framboðanna til stuðnings Íslands við innrásina í Írak. Kristján Möller nýbakaður samgönguráðherra svaraði því til að það fyrsta sem Samfylkingin mundi gera ef hún kæmist í ríkisstjórn yrði að láta taka Ísland út af „lista hinna viljugu þjóða“. Ég reikna með að þessu hafi verið svarað eins hjá öðrum frambjóðendum Samfylkingarinnar. En í dag segir formaður Samfylkingarinnar að flokkurinn vilji ekki dvelja við fortíðina enda segir aðeins í stjórnarsáttmálanum að ríkisstjórnin harmi stríðsreksturinn í Írak. Það er augljóst að allir Íslendingar harma stríðsreksturinn í Írak. Þessi texti er því hrein sýndarmennska, uppgjöf og svik við kjósendur Samfylkingarinnar.

Á aðeins einum stað í stjórnarsáttmálanum er talað um nýjar áherslur. Það er þegar sagt er að mannréttindi, aukin þróunarsamvinna og áhersla á friðsamlega úrlausn deilumála verði nýir hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu Íslands. Sannleikurinn er sá að þetta er einmitt það sem undirrituð lagði áherslu á sem utanríkisráðherra og því hefur nýr utanríkisráðherra hælt opinberlega. Allt tal um nýjar áherslur er því hrein blekking.

### Breytt stjórnarráð

Lengi hefur verið talað um mikilvægi þess að breyta verkaskiptingu á milli ráðuneyta. Í tíð Halldórs Ásgrímssonar sem forsætisráðherra var vinna hafin við tillögugerð í þessa átt. Flokksþing Framsóknarflokksins sem haldið var sl. vetur ályktaði um málið og í stefnuskrá okkar fyrir kosningar kom m.a. fram að við vildum fækka ráðuneytum.

Hvað gerir ríkisstjórnin? Hún horfir á málið út frá sjónarhóli stjórnarflokkanna og ráðherranna og gerir einungis minniháttar breytingar. Fámennum samreknum ráðuneytum, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti er t.d. skipt upp til að skaffa fleiri stóla. Undirrituð starfaði í sex og hálft ár sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra á miklum umbreytingatímum án þess að gera sér grein fyrir því að vera tveggja manna maki eða a.m.k. tveggja krata maki.

Þegar orð forsætisráðherra frá kosningabaráttunni eru höfð í huga þá kemur þetta mjög á óvart. Hann reyndi að fullvissa fólk um að hann væri með tillögur um fækkun ráðuneyta í farteskinu og væri að reyna að fá aðra flokka inn á slíkar breytingar. Getur verið að Samfylkingin hafi neitað að fækka ráðuneytum? Eða var það e.t.v. Sjálfstæðisflokkurinn sem þurfti sex ráðherrastóla. Fjóra fyrir fasta áskrifendur, einn til að sýna „nýliðun“ og þann sjötta fyrir Þorgerði Katrínu varaformann, sem myndaði ríkisstjórnina.

# Laugarvatnshátíð 9. júní

**UMRÆÐAN**

Menning



INGVAR GÍSLASON

Samtök, sem kalla mætti Vini Laugarvatns, hafa undirbúið hátíð á Laugarvatni 9. júní nk. Markmiðið er að vekja áhuga og skilning almennings og ráðamanna á viðhaldi blómlegrar byggðar á skólasetrinu Laugarvatni.

Suðurland skartar margri prýði, fjölbreyttri náttúru og mannlífi og fornhelgum sögustöðum, sannkölluðum þjóðargersemum. Á síðari mannsöldrum hafa verið efldar í landinu nýjar byggðir að kalla, sem blómstrað hafa fyrir atorku nýrra kynslóða, m.a. á Suðurlandi, sem við beinum nú sjónum okkar að. Þannig ávöxtum við það sem enn er nefnt þjóðararfur í góðum og gildum ungmennafélagsanda. Þeim anda er þörf að halda við og leika með í samspili við jákvæða alþjóðahyggju. Þetta tvennt þarf að fara saman.

Einn þeirra staða sem skapaðir voru og mótaðir af mannshuga og manna höndum á 20. öld, nýliðinni framfaraöld á Íslandi, er skólasetrið á Laugarvatni. Af því verki öllu saman er mikil saga, og mörg nöfn tengjast Laugarvatnssögu. Ofarlega eru nöfn hinna hugsjónaríku Laugarvatnshjóna, Böðvars og Ingunnar sem þar bjuggu við rausn um áratugi, en seldu jörð sína undir skólabyggð án fjárhagslegs ágóða. Bjarni á Laugarvatni, skólastjóri þar lengst allra manna, er höfuðkempa skólasögunnar og nafn hans uppi.

Hátíðin á laugardaginn er þó nefnd Jónasarvaka, kennd við hinn eina sanna Jónas frá Hriflu sem í nafni valds síns batt enda á langvinnar deilur um skólastað með því að fyrirskipa Sunnlendingum að reisa skólann á Laugarvatni. Guðjón Samúelsson arkitekt hafði raunar löngu áður bent á þessa varmavatnskvos undir heiðarfjöllum sem vænlegastan skólastað í sveit á Suðurlandi. Um þá Jónas og Guðjón hafa oft staðið harðar deilur, lifandi og dauða. En nú kemur saman hópur lærðra manna til þess að fjalla um hlut þeirra í uppbyggingu Laugarvatns. Má með sanni ætla að þessi Jónasarhátíð verði bæði fróðleg og skemmtileg. Þar láta ljós sitt skína ekki minni menn í fræðunum en Guðjón Friðriksson, Helgi Skúli, Ívar Jónsson og Pétur Ármannsson undir styrkri stjórn Guðmundar Ólafssonar. Að þessu loknu verður haldin þjóðleg kvöldvaka með fjölbreyttri skemmtidagskrá.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.*

FRUMTÖK
Samtök framleiðenda frumlyfja
Útgefandi: Frumtök, samtök framleiðanda frumlyfja. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jakob Falur Garðarsson

# Lífsstílssjúkdómar og forvarnir

Hér er komið út kynningarrit Frumtaka, samtaka framleiðenda frumlyfja. Meginástæða þessarar útgáfu er að ýta við og stuðla að umræðu um málefni sem snertir okkur öll í daglegu lífi en of fáir hugleiða sem og almenn kynning á Frumtökum, samtökum framleiðenda frumlyfja. Við viljum hvetja til vitundarvakningar og almennrar umræðu um svokallaða lífsstílssjúkdóma. Í því skyni hafa nú að undanförnu, í góðri samvinnu við Sjónvarpið, verið sýndar fimm stuttmyndir sem við höfum látið framleiða um lífsstílssjúkdóma, gildi forvarna og heilbrigðs lífernis. Myndirnar fimm fjalla í fyrsta lagi um þá almennu ógn sem lífsstílssjúkdómar eru við heilsufar alls almennings. Þá er fjallað nánar um reykingar og afleiðingar þeirra, um vægi hollrar og góðrar hreyfingar, um streitu og afleiðingar hennar og loks fjallar ein myndin um þýðingu góðs mataræðis. Mikilvægi góðra og öflugra forvarna er sífellt að verða ljósara og höfum við sem stöndum að Frumtökum ákveðið að leggja okkar af mörkum til þess að efla sem kostur er upplýsta umræðu um forvarnir, þar sem megináherslan verður lögð á hin gömlu og góðu sannindi: heilbrigð sál í hraustum líkama.

Samtök framleiðenda frumlyfja á Íslandi voru stofnuð síðla árs 2005 undir nafninu Frumtök. Tilgangur Frumtaka er að efla og dýpka umræðu um lyfjamál og að gæta hagsmuna framleiðenda frumlyfja á Íslandi sem og á alþjóðavísu. Einnig að stuðla að rannsóknum og þróun lyfja og annast sameiginleg mál frumlyfjaframleiðenda hér á landi. Lyfjaframleiðsla og -þróun er einn mesti hátækniiðnaður veraldar og sífellt er verið að leita að svörum við æ flóknari spurningum. Þær hreint út sagt ótrúlegu uppgötvanir sem gerðar hafa verið við lyfjarannsóknir og –þróun á undanförnum áratugum breyta þó ekki þeirri staðreynd að enn hafa ekki verið fundin upp lyf við nema broti af þeim sjúkdómum og kvillum sem hrjá mannkynið. Í því ljósi er gjarnan rifjað upp til gamans að undir lok nítjándu aldar sagði forstjóri bandarísku einkaleyfastofunnar starfi sínu lausu um leið og hann lýsti því yfir að búið væri að uppgötva allt sem hægt væri að finna upp. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að sá ágæti maður reyndist fjarri því að vera sannspár. Á sviði lyfja- og læknisfræði hafa verið svo stórstígar framfarir á 20. öldinni að vart er hægt að lýsa því öðruvísi en svo að um algjöra byltingu hafi verið að ræða, og sér ekki fyrir endann á. Öll þau lyf sem við þekkjum í dag hafa orðið til á tiltölulega stuttum tíma og nú á upphafsárum 21. aldarinnar er þekking á sviði lífvísinda að opna nýjar dyr. Möguleikar á betri og markvissari meðferð sjúkdóma og forvarnir gegn þeim hafa aldrei verið fleiri. Það er á þessum vettvangi sem frumlyfjafyrirtækin starfa, fyrirtækin sem eiga aðild að Frumtökum sem gefa þennan fjórblöðung út.

## Mikilvæg verkefni framundan

Frumtök hyggjast hafa frumkvæði að rannsóknum og greiningu á íslensku heilbrigðiskerfi svo betri skilningur fáist á þeim vanda sem að steðjar. Einnig vilja samtökin vekja athygli á og kynna mikilvægi rannsókna og þróunar nýrra lyfja fyrir samfélagið og nauðsyn þess að slíkri starfsemi séu búin hagstæð starfsskilyrði á Íslandi.

Sjúkdómar, breytingar í aldurssamsetningu þjóðarinnar og ýmis heilbrigðisvá af völdum manna og náttúru er stöðug áskorun fyrir samfélagið. Fuglaflensa og mögulegur heimsfaraldur inflúensu er nærtækt dæmi um það. Þörf á nýjum meðferðarúrræðum og óskir um framfarir á sviði læknavísinda hafa því aldrei verið meiri. Ein afleiðing þessarar þróunar er aukið álag á heilbrigðiskerfið og meiri kostnaður við málaflokkinn, þar með talinn lyfjakostnaður. Umræða um lyfjamál hér á landi er oft yfirborðskennd, gjarnan er einblínt á beinan útlagðan kostnað vegna lyfja, en ávinningur meðferðar sem fyrirbyggir sjúkdóma, læknar eða dregur úr einkennum þeirra virðist stundum gleymast í umræðunni. Því lítum við á það sem eitt af hlutverkum okkar samtaka að standa að gerð fræðslu- og kynningarefnis um lyf og málefni framleiðenda frumlyfja auk efnis um sjúkdóma og forvarnir þeirra. Jafnframt viljum við leggja okkar lóð á vogarskálar þess að ræða fjármögnun heilbrigðiskerfisins á uppbyggilegan hátt, í nánu samstarfi við stjórnvöld, stofnanir, félagasamtök, fagaðila og alla þá sem áhuga hafa á þessum málaflokki. Framfarir og nýsköpun verða ekki í lyfja- og læknisfræði nema umhverfi til rannsókna og nýsköpunar sé hagfellt og að reglur um einkaleyfi og hugverkavernd standi vörð um hag þeirra sem sinna slíkum rannsóknum. Frumtök munu einnig beita sér á þessum vettvangi í þágu almannaheilla.

**Meðal aðildarfyrirtækja Samtaka framleiðenda frumlyfja eru öll helstu frumlyfjafyrirtæki heims og umboðsfyrirtæki þeirra hér á landi auk Íslenskrar erfðagreiningar. Skilyrði fyrir aðild að samtökunum eru, að fyrirtækið, eða fulltrúar þess á Íslandi, stundi lyfjarannsóknir, þrói, framleiði eða markaðssetji lyf.**


*Hjörleifur Þórarinnsson, formaður Frumtaka.*

Ný lyf gefa von um lækningu og líkn

Ný lyf líta dagsins ljós á hverju ári en það skal játað að lyfjafyrirtæki finna ekki upp ígildi penisillíns á hverju ári. Stundum heyrast gagnrýnisraddir þess efnis að ekki sé um raunverulegar nýjungar að ræða þegar ný lyf eru kynnt til sögunnar. Í þessu sambandi er rétt að benda á að framþróun í læknavísindum gerist þannig að skrefin eru stutt og stigið er varlega til jarðar. Þegar litið er til baka sl. 10 ár, svo dæmi sé tekið, geta menn ekki annað en séð hversu mjög þekkingu og úrræðum hefur fleygt fram. Eðli framfara, sama í hvaða starfsgrein raunvísinda borið er niður, er að þær auðkennast af framlagi fjölmargra vísindagreina og þær gerast með jöfnum, markvissum skrefum. Stundum koma hinsvegar fram stórkostlegir hlutir þar sem ný þekking ryður nýjar brautir og gefur von um líkn og lækningu sem ekki var möguleg áður. Það er á þessum vettvangi sem framleiðendur frumlyfja starfa.

*Hjörleifur Þórarinsson, lyfjafræðingur og formaður Frumtaka, samtaka framleiðenda frumlyfja*

**Vissir þú** að fyrir utan vilja vestrænna samfélaga til að fjármagna rannsóknir og þróun nýrra lyfja, er forsenda framfara öflug hugverka- og einkaleyfavernd? Umræða um einkaleyfi vegna lyfja mótast gjarnan af þeirri fornu hugsun að heilsufari, kvölum og dauða megi ekki blanda saman við viðskipti og að einkaleyfi séu að einhverju leiti orsakavaldur sjúkdóma og þjáninga í þróunarlöndum. Hið rétta er að fyrir utan lyf gegn alnæmi, eru flest lífsnauðsynleg lyf ekki einkaleyfisbundin og framleiðsla heimil öllum þeim sem ráða yfir þekkingu til lyfjagerðar. Framleiðendur alnæmislyfja hafa á síðari árum selt slík lyf á kostnaðarverði til fátækustu ríkjanna og samið við framleiðendur í nálægum ríkjum um framleiðslu alnæmislyfja. Af hálfu frumlyfjafyrirtækja er unnið mikið starf við þróun lyfja og bóluefna fyrir þróunarlönd og virk einkaleyfavernd er forsenda slíkrar þróunar, sem og þróunar allra nýrra lyfja. Þetta er sérstaklega mikilvægt á sviði alnæmis þar sem núverandi lyf duga ekki lengi vegna þróunar ónæmis hjá HIV veirunni og mikið starf er enn óunnið við þróun bóluefnis gegn alnæmi.

**Vissir þú** að um 98% þeirra 325 lyfja sem WHO hefur skilgreint sem lífsnauðsynleg eru ekki bundin einkaleyfi. Samt sem áður hefur þriðjungur jarðarbúa ekki aðgang að þeim. Það er því augljóst að heilbrigðisvandi þróunarríkja er ekki vegna einkaleyfa lyfjafyrirtækja, heldur er fátækt og skortur á grundvallar heilbrigðisþjónustu aðalorsök vandans. Það eru helst lyf gegn alnæmi sem eru bundin einkaleyfum og á þeim vettvangi er gríðarlega mikið starf unnið á vegum lyfjafyrirtækja og alþjóðastofnana til að tryggja aðgengi sem víðast.

**Hvað er frumlyf? Frumlyf er það lyf kallað sem inniheldur nýtt virkt efni sem viðkomandi lyfjafyrirtæki og samstarfsaðilar þess hafa uppgötvað og þróað. Þróunartími nýs frumlyfs er að jafnaði um 12-15 ár og ekki er óalgengur kostnaður þess ferlis metinn í tugum milljarða króna.**

# Hagfræði heilsa og heilbrigðismál

Mannfólkið er þannig gert að það vill yfirleitt meiri gæði frekar en minni. Þetta á við um heilsu líkt og önnur gæði. Vandi liggur hins vegar í því að auðlindir samfélagsins eru ekki óþrjótandi. Hagfræði er vísindagrein sem fjallar um leiðir til að ráðstafa takmörkuðum auðlindum samfélaga. Orðið HAGfræði er lýsandi, þar sem hagfræðingar fjalla um hvernig hagsæld samfélagsins sé hámörkuð. Til þess að nálgast ólíkar aðstæður í samfélaginu takast hagfræðingar á við viðfangsefni sín innan marka margra undirgreina. Heilsuhagfræði fjallar t.d. um ýmsa þætti er varða heilsu. Grunnspurningar hagfræðinnar – hvað skal framleiða, í hvaða magni, fyrir hvern og af hverjum – til þess að hámarka hagsæld samfélagsins, eru ekki síður mikilvægar varðandi heilsu en aðra þætti.

Heilsa er flestu fólki mikilvæg en er þó ekki það eina sem gefur því velferð. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að markmiðið sé einungis að samfélagsþegnarnir séu sem hraustastir og ekki er alltaf víst að áunnin heilsa sé fórnanna virði. Merki þessa sjáum við oft í hegðun fólks sem kýs sjálft að fórna heilbrigðum lífsháttum fyrir önnur gæði. Dæmi um þetta er óhollt mataræði, hættuleg störf eða lítil líkamshreyfing sem meðal annars kemur fram í ofnotkun á ökutækjum. Sá einstaklingur sem fer fótgangandi til vinnu sinnar, svo dæmi sé tekið, er fyrir þær sakir í betra líkamlegu ástandi og getur vænst lengri og betri lífdaga. En af hverju ganga ekki allir til vinnu sinnar? Ástæðan hlýtur að vera sú að önnur markmið ráði ferðinni; til greina kemur t.d að einstaklingurinn sækist frekar eftir þeim auknu tekjum og meiri neyslu sem fleiri vinnustundir geti skilað, þar sem um ræðir gæði sem greiða þarf fyrir. Einstaklingurinn fórnar þá heilbrigði fyrir ýmis önnur lífsgæði. Tími er hér dæmi um takmarkaða auðlind og einstaklingurinn er sjálfur ekki tilbúinn til þess að fórna þeim tækifærum sem tíminn getur skapað honum á öðrum vettvangi fyrir heilsuna.

Heilsa er treyst með heilbrigðisþjónustu, sem er eitt viðfangsefni heilsuhagfræðinga. Hröð tækniþróun í heilbrigðisþjónustu hefur aukið valmöguleika og meðferðarúrræði. Ólíkt flestri framleiðslu þá hefur þessi aukni tækjakostur og nýjar lyfjameðferðir aukið útgjöld til heilbrigðismála. Nú er svo komið að í vestrænum löndum fara um 10% af vergri þjóðarframleiðslu til málaflokksins. Þetta kallar á nýjar áherslur við stefnumótun og ákvarðanatöku í heilbrigðismálum. Þess er nú almennt krafist að heilbrigðisþjónusta sé ekki einungis árangursrík, heldur að sem mest fáist fyrir þau verðmæti sem til hennar er varið. Þetta er einmitt ástæða þess að heilsuhagfræði er mikilvæg við ákvarðanatöku í heilbrigðiskerfinu. Hér má t.d. nefna til sögunnar rannsóknir á fjármögnun heilbrigðiskerfisins og heilbrigðistrygginga, rannsóknir á eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu, rannsóknir kostnaðar- og ábatagreiningu lyfjameðferða, rannsóknir á markaðsaðstæðum og markaðsbrestum er varða heilsu, hagkvæmasta magni bólusetninga fyrir samfélagið, muninn á einkareknum og ríkisreknum heilbrigðiskerfum, stærðarhagkvæmni sjúkrahúsa, áhrifum breyttrar aldurssamsetningar þjóða á heilbrigðisútgjöld og svona mætti lengi telja.

Heilsa fólks veltur þó ekki einungis á gæðum helbrigðisþjónustu. Þess vegna skoða heilsuhagfræðingar einnig aðra þætti á borð við samfélagslega áhrifavalda heilbrigðis. Um þessar mundir beinist mikið af rannsóknum heilsuhagfræðinga að offitu, orsökum hennar og afleiðingum, t.d. á vinnumarkað, lífeyrisjóðsmál og tryggingamál. Ýmis áhættuhegðun hefur einnig verið heilsuhagfræðingum hugleikin á umliðnum árum. Mikilvægt er t.d. hvað varðar forvarnir í fíkniefnamálum að kunna góð skil á því hvernig einstaklingar bregðast við breyttu umhverfi og hvers konar opinberar ráðstafanir eru líklegastar til þess að hafa áhrif á hegðun einstaklinga.



*Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir*

Heilsuhagfræði er sannarlega fræðigrein sem tengist tæknilegum útfærslum vísindanna sem eru áhugaverðar í sjálfum sér. Í sama mund hefur sú þekking sem þannig er sköpuð afdrifaríkar afleiðingar fyrir ákvarðanatöku á fjölmörgum sviðum mannlífsins. Stjórnendur heilbrigðiskerfanna og þeir sem móta almenna stefnu í heilbrigðismálum reiða sig á slíkar rannsóknir. Mikilvægt er að rannsóknir á sviði heilsuhagfræði liggi fyrir áður en spítalar eru sameinaðir, aðgerðir eru ákveðnar á tilteknum sviðum lífvísinda, ráðist er í stefnumótun um reykingabönn og svona mætti lengi telja. Auk þess hafa fyrirtæki sprottið upp hérlendis sem málið varðar. Hér mætti nefna Össur hf. og lyfjafyrirtæki, en við blasir hvernig heilsuhagfræði í heild sinni og þættir hennar, s.s. þróunarhagfræði, lyfjahagfræði og hagfræði hugmyndaréttinda geta nýst innan slíkra fyrirtækja.

Engum blöðum er um það að fletta að viðfangsefnin eru fjölbreytt og krefjast ólíkra úrlausna. Ef bjarga á ákveðnum fjölda lífára má gera það með ýmsum hætti: Ættum við að moka tröppurnar hjá öldruðum í hvert skipti sem snjóar, setja vegrið á helstu umferðaræðar eða skima eftir leghálskrabbameini, svo nokkur dæmi séu tekin? Heilsuhagfræðin hefur leiðir til að svara hvaða aðferð skilar mestum árangri miðað við fyrirliggjandi verðmæti.

Viðfangsefnin eru óþrjótandi og enn er langt í land með að heilsuhagfræðinni sé sinnt af því afli sem nauðsynlegt er í jafn viðamiklu heilbrigðiskerfi og rekið er hér á landi. Heilsuhagfræði er ung grein á Íslandi og hefur almennt fengið litla umfjöllun þar sem sérfræðinga vantar enn. Faginu mun þó vaxa fiskur um hrygg, nú þegar er hægt að læra heilsuhagfræði til meistaragráðu við Háskóla Íslands og sækja námskeið í heilsuhagfræði í gegnum Endurmenntun Háskóla Íslands. Viðfangsefni í heilbrigðisþjónustu krefjast slíkrar sérmenntunar. Rannsóknir á sviðinu hérlendis eru einnig að aukast samhliða aukinni þekkingu á fræðasviðinu. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur stundað nokkuð af slíkum rannsóknum og fer heilsuhagfræðiverkefnum sem stofnunin tekur að sér fjölgandi. Von er til þess að rannsóknir í lyfjahagfræði eflist einnig mjög á næstunni, þar sem nú hefur verið sett á laggirnar Rannsóknarstofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands. Þar verður meðal annars lögð áhersla á rannsóknir um lyfjastefnu og heilsuhagfræði.

*Tinna Laufey Ásgeirsdóttir er doktor í heilsuhagfræði og starfar við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.*

## Lífsstílssjúkdómar

Frumtök hafa látið framleiða fimm stuttmyndir sem fjalla almennt um lífstílssjúkdóma og gildi forvarna í baráttunni gegn þeim. Fyrsta myndin fjallar almennt um lífstílssjúkdóma, þá er ein um gildi hreyfingar, ein um gildi holls mataræðis og góðrar næringar, ein um streitu og loks ein um reykingar.

Ýmis heilsufarsvandamál steðja að mannkyninu. Matarskortur, náttúruhamfarir og spillt stjórnvöld eru meginástæðan fyrir gríðarlegum heilbrigðisvandmálum í þriðja heiminum. Þúsundir barna þjást af hungri og sjúkdómum. Flest þeirra deyja, þúsundir verða munaðarlaus og njóta ekki heilbrigðisþjónustu né menntunar.

Þeir Jarðarbúar sem betur mega sín eiga hins vegar við önnur vandamál að stríða. Alvarlegust þessara vandamála eru þau sem hafa skapast vegna góðs efnahags, enda er iðulega í þessu sambandi talað um velmegunarsjúkdóma eða lífsstílssjúkdóma. Þessir sjúkdómar stafa að mestu leyti af röngu mataræði eða ofáti, hreyfingarleysi, streitu og reykingum.

Þrátt fyrir allt, geta Íslendingar vænst þess að vera við góða heilsu og tiltölulega lausir við sjúkdóma allt til 71 árs aldurs, - eða lengst allra Evrópubúa.

Með því að temja okkur heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf, aukum við líkurnar til mikilla muna á því að lifa heilbrigðu og góðu lífi alla æfi. Með heilbrigðu líferni spörum við þjóðfélaginu verulegar fjárhæðir; fjárhæðir sem mætti nýta í ýmislegt annað, eins og eflingu menntakerfisins og betri þjónustu við aldraða.

**Samstarfshópurinn**
Náum áttum stendur fyrir morgunverðarfundi í dag klukkan 8.15 til 10.00 á Grand Hóteli í Reykjavík. Náum áttum er samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál og efni fundarins er „Sumartíminn í lífi unglinganna". Fundurinn er opinn öllum.



**Hjónaefni**
geta nú útbúið sinn eiginn gjafalista á heimasíðu Kokku, www.kokka.is. Brúðkaupsgestir geta svo hvort heldur sem er farið í verslun Kokku og keypt eitthvað að óskagjöfunum eða skoðað á netinu hvað brúðhjónin langar í og pantað það, sem getur komið sér vel fyrir þá sem búa á landsbyggðinni.

**Rannsókn**
sem gerð var af vísindamönnum Íslenskrar erfðagreiningar og samstarfsaðilum hefur leitt til uppgötvunar tveggja nýrra algengra erfðabreytileika sem geta aukið hættu á brjóstakrabbameini hjá konum af evrópskum uppruna. Áhættuþættirnir eru á litningi 2 og litningi 16 en eru ekki háðir hvor öðrum.

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Fyrir bein og tennur
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.net/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!



Íslenskar konur hafa tekið magadansi fagnandi, en að sögn Josy hefur hann af einhverjum ástæðum ekki fengið sama hljómgrunn hjá karlpeningnum. Nánar á www.magadans.is FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Magadans í uppsveiflu

***Josy Zareen segir Íslendinga hafa tekið miklum framförum í magadansi þau ár sem hún hefur kennt í Magadanshúsinu.***

„Magadansinn verður sífellt vinsælli og við höfum því bætt við okkur námskeiðum, meðal annars fyrir börn og einstaklinga með Downs-heilkenni, ekki síst vegna þess hversu góð áhrif hann hefur á heilsufarið," segir Josy Zareen, sem hefur kennt magadans í Magadanshúsinu á Íslandi undanfarin sex ár.

„Magadansinn er meðal annars góður fyrir móðurlíf kvenna og þá gildir líkamsvöxturinn einu," heldur hún áfram.

„Einn kosturinn við dansinn er einmitt sá að velflestar konur geta stundað hann án þess að vera í einhverju svakalegu formi. Hingað koma konur af öllum stærðum og gerðum og margar verða undrandi á því hversu vel þeim gengur."

Josy segir magadansinn ekki síður hafa góð sálræn en líkamleg áhrif, hann efli einfaldlega sjálfstraustið. „Til mín hafa leitað konur með alls kyns vandamál, eru með lágt sjálfsmat eða eru að jafna sig eftir sambandsslit, svo dæmi séu tekin. Þeim líður yfirleitt strax betur eftir að hafa reynt fyrir sér í dansinum og margar kjósa að halda áfram."

Áhuginn sem íslenskar konur hafa sýnt magadansi hefur meðal annars skilað sér í góðri frammistöðu á erlendum vettvangi. Til marks um það hefur einn nemenda Josy þegar fengið samning um að sýna í Dubai eftir sigur í keppni og sjálf tryggði hún sér fyrsta sætið í keppni sem var nýverið haldin í Stokkhólmi.

„Þetta er í báðum tilvikum mjög góður árangur, þar sem við öttum kappi við lönd þar sem magadans er orðinn að hálfgerðri þjóðaríþrótt," segir Josy. „Í kjölfarið varð ég vör við aukinn áhuga manna á því sem er að gerast hér í dansinum og var jafnvel talað um að bestu dansararnir kæmu frá Íslandi. Við getum verið virkilega stolt." *roald@frettabladid.is*

SUBWAY í fínu formi
JÚNÍ
Kafbátur mánaðarins
Grænmetis sæla
SUBWAY
6 tommu bátur kr. 299
Gildir í júní 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
SUBWAY 7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill
Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ



**Gurudev** jógakennari er ásamt öðrum jógameisturum með fyrirlestur og námskeið á Íslandi. Námskeiðið fer fram 8. og 9. júní. Nánari upplýsingar: yoga@simnet.is


YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

DEEP HEAT
Deep Heat er notað til að meðhöndla hvers kyns eymsli, gigtverki og vöðvabólgu.

Ómissandi í sumar!
Með hverri keyptri Sólarsælu eða Nærandi morgunfrúarolíu fylgir frír varasalvi frá Purity Herbs!
KAUPAUKI
www.purityherbs.is

GULL BYLGJAN 909

Fyrirlestur Jane Plant 7. júní kl. 12 í Háskólabíói
Áhrif mataræðis á krabbamein í blöðruhálskirtli og brjóstum
Prófessor Jane Plant mun halda fyrirlestur í Háskólabíói í sal 1 fimmtudaginn 7. júní kl. 12 sem fjallar um áhrif mataræðis á krabbamein í blöðruhálskirtli og brjóstakrabbamein. Einnig mun prófessor Kristín Vala Ragnarsdóttir halda fyrirlestur þar sem m.a. verða gefnar upplýsingar um mataruppskriftir og Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur fjallar um tölfræði krabbameinanna og áform um nýjar rannsóknir.
Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.
Krabbameinsfélagið Framför
maður lifandi




Fjölmörg efni eru búin til og seld án þess að framleiðendur og neytendur geri sér fyllilega grein fyrir langtímaáhrifum þeirra.

# Hertar reglur innan ESB

***Nú hafa tekið gildi hertar reglur um rannsóknir á framleiddum efnum. Rannsóknirnar kosta 600 milljarða.***

Evrópusambandið hefur samþykkt hertar reglur er varða rannsóknir á framleiddum efnum sem seld eru innan bandalagsins. Þessi efni eru allt frá lakki til snefilefna í hárnæringu.

Þetta gerir það að verkum að prófa þarf gríðarlegan fjölda efna. Reglurnar hafa einnig þá breytingu í för með sér að það kemur í hlut framleiðenda að sanna að efnin séu skaðlaus en hingað til hefur það verið yfirvalda að sanna skaðsemi þeirra.

Kostnaður rannsóknanna er talinn um 600 milljarðar en á þeim ellefu árum sem framleiðendur hafa til að aðlagast nýju reglunum áætlar ESB að 5.800 milljarðar sparist í heilbrigðiskerfi aðildarlanda sinna vegna breytinganna. *- tg*


ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM
:OUTLET
FISKISLÓÐ 75
ALVÖRU SKÓMARKAÐUR
STÆRÐIR 36-41 1.900,-
STÆRÐIR 36-41 3.900,-
STÆRÐIR 27-35 2.900,-
STÆRÐIR 31-47,7 4.000,-
OPNUNARTÍMI:
Mán.-Fös. 13:00-18:00
Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
XI8 SKECHERS every




Hart er barist í utandeildinni í knattspyrnu. Þessi mynd er úr leik CCCP og Hjörleifs.

# Karlar og konur keppa saman

***Í utandeildinni fá margir útrás fyrir knattspyrnuáhugann án þess að það éti upp allan frítímann. Deildin er öllum opin.***

Utandeildin í knattspyrnu er hafin. Þar etja um 600 knattspyrnuáhugamenn í 33 liðum kappi í þremur riðlum og bítast um deildartitil og bikartitil.

Deildin er ætluð þeim fjölmörgu aðdáendum knattspyrnu sem vilja spila á stórum velli í ellefu manna liði en hafa ekki áhuga, tíma eða getu til að spila með liðum sem taka þátt í Íslandsmótinu. Hver sem er getur skráð lið til leiks í utandeildinni þótt of seint sé að taka þátt í sumar.

Reglurnar eru hefðbundnar nema hvað spilað er í tvisvar 40 mínútur, engar hömlur eru á fjölda leikmanna á varamannabekk og ótakmarkaðar skiptingar mega eiga sér stað. Einn dómari dæmir leiki og því ekki vænlegt að spila rangstöðutaktík fyrr en í úrslitakeppninni, en þá bætast línuverðir í hópinn.

Deildin er opin bæði konum og körlum og þótt karlar séu í yfirgnæfandi meirihluta eru nokkur lið með konur innanborðs. Enn hefur ekkert lið skipað fleiri konum en körlum tekið þátt en einu sinni verður allt fyrst.

Liðin leggja mismikið upp úr þjálfun leikmanna en flestir taka þátt gamansins vegna.

Deildin er getuskipt og þó að getan nái ekki nema hálfa leið upp í áhugann eiga allir raunhæfan möguleika á að ná í einhver stig, eða í versta falli skora nokkur mörk.

*tryggvi@frettabladid.is*


VIÐ ERUM FLUTT!
Fótaaðgerðastofa Guðrúnar Alfreðs
+ fótaaðgerðir
+ skósala
GREEN COMFORT
... að HOLTASMÁRA 1, KÓPAVOGI
(hús HJARTAVERNDAR - götuhæð að neðanverðu)
SÍMI 553 3503
www.friskarifaetur.is


## Súkkulaði fyrir heilann

FLAVANÓLAR Í SÚKKULAÐI, BLÁBERJUM, VÍNBERJUM OG TE GETA BÆTT MINNI.



Vísindamenn hafa lengi vitað af heilsusamlegum áhrifum ýmissa flavanólefna í mat. Nú hafa þeir komist að því að ein ákveðin tegund þeirra, epíkatesín, getur bætt minni í músum.

Epíkatesín fyrirfinnst í súkkulaði, bláberjum, vínberjum og tei.

Blóðflæði til heila músa sem fengu efnið batnaði til muna og heilafrumur urðu þroskaðri. Þetta gæti líka átt við í mönnum, þó að ekki sé búið að rannsaka það.

Samfara niðurstöðunum vara vísindaenn við að heilsusamleg áhrif efnisins í súkkulaði séu til lítils vegna annarra skaðlegri og meira fitandi efna í súkkulaðinu. *- tg*

**Gömlu tímaritin** geta farið á sjúkrahúsið eða læknastofuna. Það er gott að losna við gamalt dót og láta gott af sér leiða samtímis.




Innbyggt salerni
kr. 24.900
allt settið



ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755


# Gott að vera í garðinum

***Falleg og þægileg garðhúsgögn geta gert garðinn að góðum dvalarstað.***

Þar sem hið íslenska sumar er yfirleitt frekar stutt og útreiknanlegt skiptir máli að nýta góðu dagana sem allra best. Víða er hægt að fá falleg og þægileg garðhúsgögn sem gera garðinn að virkilega góðum dvalarstað. Fjölskyldan getur þá haft það notalegt allan daginn í sólinni og jafnvel boðið gestum til sín til að njóta blíðveðursins. *- eö*



Signature. Max-sófi og borð 225.000 kr.



Valhúsgögn. Borð 110.000 kr. Stóll með púða 24.900 kr. Tevagn 23.000 kr.



Garðheimar. Átthyrnt borð með fjórum stólum 29.950 kr.



Signature. Paradiso-sófi 170.000 kr.



Garðheimar. Borð 39.850 kr. Stóll 7.950 kr. Armstóll 12.850 kr.



Valhúsgögn. Legubekkur með púða 47.500 kr.


nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT









Síðustu tilboðsdagar
tilboðinu lýkur 11. júní og verður ekki framlengt

**Þitt er valið!**
*Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði*

**Við hönnum og teiknum fyrir þig!**
*Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.*

20%
Allar **Nettoline** innréttingar með 20% afslætti til 11. júní
*Á tilboðsdögum veitum við einnig 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu*




Eldavélar · Ofnar · Helluborð · Viftur & háfar · Uppþvottavélar · Kæli- og frystiskápar

20% það munar um minna!

Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-15

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500




## Í myrkviðum frumskógsins

GRÓÐURSÆLL BEKKUR.

Scatter er nafn simpansans sem Elvis Presley átti. Það er einnig nafnið á þessum fallega laser-skorna bekk sem hönnunarfyrirtækið Nola þróaði. Hugmyndin að mynstrinu byggir á gróðri í frumskógunum.




**Bjóðum efni í vönduð íbúðarhús og sumarhús úr finnskri furu (Lapplandsfura).**

Hagstætt verð og mikil gæði.
Upplýsingar um verð og tegundir hjá
**G.Pálsson ehf.**
**Símar : 462 2272 og 896 0423.**

# sport

» ÍÞRÓTTABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS 4.TBL. 2007



SPORTMYND/ANTON BRINK

# »ÆÐSTI DRAUMURINN« ER MEISTARATITILL MEÐ KR

**RÚNAR KRISTINSSON** ER KOMINN HEIM TIL KR EFTIR ÞRETTÁN ÁRA DVÖL ERLENDIS.

» FÓTBOLTI

## HERMANN MEÐ 400 MILLJÓNIR Í ÁRSLAUN

» BOGFIMI

## KRISTMANN EINARSSON ÞARF AÐ LEITA EFTIR SAMKEPPNI ERLENDIS

FRÉTTABLAÐIÐ




Garmin nüvi 670 | *GPS leiðsögutæki sem inniheldur meðal annars:*

GARMIN

KORT AF EVRÓPU, USA OG CANADA · MP3 SPILARA · LJÓSMYNDARÝNI · REIKNIVÉL · GENGISREIKNI · HEIMSKLUKKU · ORÐABÓK · FERÐAHANDBÓK · BLUETOOTH · FM SENDIR

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** | **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Max raftæki, Motormax, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

# HVER ÆTLAR AÐ FÓRNA SÉR?

FRÁ RITSTJÓRA
Óskar Hrafn Þorvaldsson

Á meðan Eyjólfur Sverrisson er landsliðsþjálfari og Eiður Smári Guðjohnsen er í leikbanni er ekki hægt að sjá nokkurn möguleika á því að ná stigi gegn Svíum í Stokkhólmi í undankeppni EM á morgun, miðvikudag. Miðað við ráðleysið gegn Liechtenstein á laugardaginn þar sem samansafn af neðrideildar leikmönnum í Sviss leit út eins og hágæða knattspyrnulið á köflum kallast það varla að taka stórt upp í sig þegar því er haldið fram að eina von okkar til að vinna leikinn gegn Svíum er að beita „danska bragðinu“ sem ég kýs að kalla svo. Við þurfum sem sagt að finna einhvern Íslending sem er tilbúinn til þess að klæðast sænska landsliðsbúningnum á miðvikudag. Hann þarf síðan að hlaupa inn á völlinn undir lokin og ógna dómaranum þannig að leikurinn verði flautaður af og okkur dæmdur sigur, 3-0. Þetta er eini raunhæfi möguleikinn í stöðunni.



Eyjólfur Sverrisson er góður maður og vandaður. Hann er hins vegar hörmulegur landsliðsþjálfari. Hann hefur ekki þann karakter, ekki það hugrekki og ekki þá útgeislun sem landsliðsþjálfari þarf að hafa. Ég kvartaði yfir því fyrir tveimur mánuðum hversu leiðinlegur hann væri og því miður tók hann ekki mark á mér. Hann býður enn upp á klisjur á klisjur ofan. Liðið hans er enn að gera sömu mistök og það gerði í fyrsta leiknum undir hans stjórn fyrir rúmu ári. Liðið spilar enn tilviljunarkenndan sóknarleik og illa skipulagðan varnarleik. Hann segist vera að byggja upp nýtt landslið. Ég segi: Nei, takk. Við þurfum einhvern annan í það. Einhvern sem veldur starfinu. Eyjólfur ætti að sjá sóma sinn í því að láta staðar numið í starfi. Og ef hann sér það ekki þá ætti formaðurinn Geir Þorsteinsson að leysa íslenska liðið úr álögum Eyjólfs.

> „Eyjólfur Sverrisson er góður maður og vandaður. Hann er hins vegar hörmulegur landsliðsþjálfari. Hann hefur ekki þann karakter, ekki það hugrekki og ekki þá útgeislun sem landsliðsþjálfari þarf að hafa.

FH-ingar verða Íslandsmeistarar. KR-ingar ætluðu að verða Íslandsmeistarar en þeir verða bara verri og verri með hverjum leiknum sem líður. Og það hjálpar þeim ekkert að hafa fengið frábæran knattspyrnumann eins og Rúnar Kristinsson í liðið. Af hverju? Til að mynda af því að varnarlínan er með innanborðs þrjá leikmenn sem hreyfast varla lengur og af því að þjálfaranum virðist af einhverjum óskiljanlegum ástæðum finnast það sniðugt að gefa háa bolta á Björgólf Takefusa. Keflavík og Valur eru einu liðin sem eiga séns í FH. En þau hafa ekki Tryggva Guðmundsson, Arnar Gunnlaugsson og Matthías Guðmundsson. Þessir menn þurfa bara eitt færi til að skora og þar skilur á milli. Þeir klára leikina og mótið í leiðinni.




SPORT
Útgefandi: 365, Ritstjóri: Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Útlitshönnun: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Anton Brink af KR-ingnum Rúnari Kristinssyni í leik gegn Víkingi. Sjá viðtal á blaðsíðu 8.

# HERMANN MEÐ 400 MILLJÓNIR Í ÁRSLAUN

**Knatspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson er orðinn einn af launahærri varnarmönnum ensku úrvalsdeildarinnar eftir hann samdi við Portsmouth til tveggja ára.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Varnarjaxlinn Hermann Hreiðarsson fær um 400 milljónir í árslaun hjá Portsmouth eftir því sem heimildir Sport herma. Hermann skrifaði undir tveggja ára samning við enska úrvalsdeildarliðið fyrir tæpum tveimur vikum eftir að hafa fengið frjálsa sölu frá Charlton þar sem liðið féll úr ensku úrvalsdeildinni. Hermann gerði nýjan þriggja ára samning við Charlton fyrir rúmu ári og þá var greint frá því að sá samningur væri metinn á milljarð, eða 330 milljónir á ári. Samningur Hermanns nú er því enn betri og gerir hann að einum launahæsta varnarmanni ensku úrvalsdeildarinnar.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns, vildi lítið tjá sig um launamál Hermanns þegar Sport ræddi við hann. „Það eina sem ég get sagt er að launin hans hafa hækkað og samningurinn er afar góður. Annars er þetta ekki flókið reikningsdæmi. Mörg lið voru tilbúin til að borga nokkur hundruð milljónir fyrir hann í janúarglugganum og nú þegar hann er á frjálsri sölu er eðlilegt að hann njóti góðs af því,“ segir Ólafur.

Hingað til hefur Eiður Smári Guðjohnsen borið ægishjálm yfir aðra íslenska íþróttamenn þegar kemur að launum. Eiður Smári skrifaði undir samning við Chelsea sumarið 2004 sem færði honum milljón á dag í laun. Ekki er talið að samningur hans við Barcelona sé lakari en síðan má bæta við árangurstengdum greiðslum fyrir titla og spilaða leiki. «




Hermann Hreiðarsson þénar gríðarlega peninga á því að spila fótbolta og er mun launahærri en allir bankastjórar Íslands.
NORDIC PHOTOS

**22** eru árin sem bandaríski körfuboltakappinn **LeBron James** hefur lifað. Þessi magnaðii leikmaður hefur nánast einn síns liðs dregið Cleveland Cavaliers í úrslit NBA-deildarinnar og sýnt þroska og andlegan styrk sem fylgir vanalega mun eldri leikmönnum.

## DRAUMALIÐIÐ

**» ÁSTA B. GUNNLAUGSDÓTTIR**

Ásta B. Gunnlaugsdóttir er ein af albestu knattspyrnukonum sem Ísland hefur alið af sér. Ásta spilaði sinn fyrsta leik með Breiðabliki árið 1973 þegar hún var þrettán ára gömul og lék alls tuttugu ár með meistaraflokki. Hún var kjörin Knattspyrnumaður ársins 1994 fyrst kvenna og lagði skóna á hilluna í kjölfarið. Hún skoraði 154 mörk í 142 deildarleikjum, varð tíu sinnum Íslandsmeistari og fjórum sinnum bikarmeistari. Hún lék 26 landsleiki og skoraði í þeim 8 mörk. Sport fékk Ástu B. til að velja besta lið knattspyrnukvenna frá upphafi.



„Ég hef alltaf verið hrifin af hraða, vil hafa fljóta kantmenn og framherja og val mitt byggist á því,“ segir Ásta B.




Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is




FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is




BETUSAN

# SPARISJÓÐURINN
## fjárfestir í **íþróttafólki**













Það er innbyggt í stefnu Sparisjóðsins að vera **bakhjarl farsæls mannlífs** og því leggjum við **góðum verkefnum lið**

Sími 421 6600 | www.spkef.is

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

## TUGURINN

### TÍU HANDKNATTLEIKSMENN SEM HAFA ORÐIÐ MEISTARAR ERLENDIS

**1. AXEL AXELSSON** Varð meistari með Grün-Weiß Dankersen í Vestur-Þýskalandi árið 1977.





**2. ÓLAFUR H. JÓNSSON** Varð meistari með Grün-Weiß Dankersen í Vestur-Þýskalandi árið 1977.

**3. ÁGÚST SVAVARSSON** Varð meistari með Drott í Svíþjóð 1978.

**4. VIGGÓ SIGURÐSSON** Varð meistari með FC Barcelona á Spáni árið 1980.





**5. ALFREÐ GÍSLASON** Varð meistari með TUSEM Essen í Vestur-Þýskalandi 1986 og 1987.

**6. KRISTJÁN ARASON** Varð meistari með VfL Gummersbach í Vestur-Þýskalandi 1988.

**7. ARON KRISTJÁNSSON** Varð meistari með Skjern í Danmörku árið 1999.

**8. ÓLAFUR STEFÁNSSON** Varð meistari með Magdeburg í Þýskalandi árið 2001 og Ciudad Real á Spáni 2007.



**9. DAGUR SIGURÐSSON** Varð meistari með A1 Bregenz í Austurríki árin 2004, 2005, 2006 og 2007.



**10. RAGNAR ÓSKARSSON** Varð meistari með Ivry í Frakklandi árið 2007.

# » ÞOLINMÆÐI « ER DYGGÐ

**Kristmann Einarsson er bestur í bogfimi á Íslandi. Hann hefur æft íþróttina í sjö ár og þarf að fara til útlanda til að fá samkeppni.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Á góðum degi æfa um tuttugu manns bogfimi á Íslandi. Endurnýjunin hefur verið talsverð og við höfum fengið ágætis viðbrögð við námskeiðum sem við höfum haldið. En iðkendurnir mættu að sjálfsögðu vera fleiri,“ segir Kristmann Einarsson, formaður Bogfiminefndar ÍSÍ og besti bogfimimaður landsins.

Kristmann, sem er 32 ára, byrjaði að æfa bogfimi fyrir sjö árum. „Þetta var eitthvað sem mér fannst spennandi. Ég hef aldrei verið mikið fyrir hinar hefðbundnu vinsælu greinar eins og fótbolta og handbolta og þar sem það voru mjög fáir í þessu ákvað ég að prófa. Og sé ekki eftir því,“ segir Kristmann, sem vill ekki meina að bogahetjur á borð við Hróa Hött og Vilhjálm Tell hafi haft djúpstæð áhrif á hann. „Pabbi las reyndar fyrir mig bókina um Hróa Hött þegar ég var yngri og kannski það hafi skilið eitthvað eftir sig,“ segir Kristmann og hlær.

**MIKIL ÁSKORUN**

Aðspurður segir Kristinn að mikla þolinmæði þurfi til að ná árangri í bogfimi. „Þetta er mikil áskorun. Fyrstu mánuðina finnur fólk miklar framfarir og ég hef sagt að fólk er tiltölulega fljótt að verða þokkalegt með bogann. Það er hins vegar fínstillingin sem er lengi að koma. Það er mikið haft fyrir því að verða góður og það er kannski ástæðan fyrir því að það eru ekki fleiri að æfa þessa íþrótt. Fullt af fólki gefst upp þegar það lendir á vegg og bætir sig ekkert í langan tíma. Það eru ekki margir sem hafa þessa þrautseigju. Þolinmæði er dyggð í þessu eins og svo mörgu öðru,“ segir Kristmann.

**FÆR HJÁLP FRÁ MAREL**

Kristmann vinnur dags daglega hjá Marel og hann segir stjórnendur fyrirtæksins vera draumavinnuveitendur. „Við fáum aðeins þrjá tíma á viku inni yfir vetrartímann og Marel hefur leyft mér að nota kjallara í höfuðstöðvum fyrirtækisins sem æfingahúsnæði,“ segir Kristmann en hann æfir allt upp í fimmtán tíma á viku þegar mest er auk þess sem hann stundar box árið um kring til að halda sér í góðri þjálfun.

Kristmann fer líka í fjölmargar æfinga- og keppnisferðir á hverju ári og það kostar frí frá vinnu. „Stjórnendurnir hafa sýnt mér mikinn skilning og í raun gert mér kleift að stunda þessa íþrótt. Þjálfarinn minn er í Hollandi og ég fer töluvert út. Ég reyni yfirleitt að sameina keppnir og æfingabúðir í einni ferð en það er algjörlega nauðsynlegt fyrir mig að keppa erlendis. Hér heima er engin samkeppni fyrir mig. Ef ég færi ekki út til að keppa við betri menn myndi ég aldrei bæta mig,“ segir Kristmann, sem veit þó ekki hvar hann stendur í heiminum í dag. „Það er ómögulegt að segja. Minn besti árangur er 32 manna úrslit á heimsmeistaramótinu í Danmörku fyrir tveimur árum. Þessi íþrótt er í stöðugri þróun og ég vinn stanslaust í því að bæta mig. Það er áskorun að keppa erlendis og það heldur mér við efnið,“ segir Kristmann en fram undan er mót á Írlandi eftir mánuð og stór mót í Hollandi í ágúst og desember.

Spurður hvenær menn toppi í bogfiminni segir Kristmann allan gang á því. „Ég tel mig eiga nokkur góð ár eftir en menn geta stundað þessa íþrótt eins lengi og sjónin er í lagi og hendurnar eru stöðugar,“ segir Kristmann.



SPORTMYND/VALLI

Kristmann Einarsson segist þurfa að leita út fyrir landsteinana að samkeppni - hún sé einfaldlega ekki til staðar á Íslandi.

**HVAÐ KOSTA GRÆJURNAR?**

Kristmann segir að hægt sé að fá byrjendabúnað; boga, örvar og aukahluti, fyrir um 100 þúsund krónur. Hins vegar þurfi að panta dótið að utan þar sem enginn hafi séð hag sinn í því að flytja þennan útbúnað inn til landsins. Kristmann segir sinn eigin búnað kosta um 300 þúsund krónur. Þann búnað þurfi ekki að endurnýja mikið nema íþróttin breytist stórkostlega. Aðalatriðið sé hins vegar hjá atvinnumönnum sem og byrjendum að útbúnaðurinn sé traustur og fólki þekki það sem það er með í höndunum.






## HVAR ER HANN NÚ?

**» HREINN HALLDÓRSSON**

Hreinn Halldórsson kúluvarpari er einn af glæsilegri íþróttamönnum sem við Íslendingar höfum átt. Hreinn var þrívegis kjörinn Íþróttamaður ársins; 1976, 1977 og 1979. Hann setti setti sex Íslandsmet og kastaði lengst 21,09 metra á Stokkhólmsleikvangi árið 1977. Hann lagði kúluna á hilluna árið 1982 og síðan hefur farið lítið fyrir honum. Sport forvitnaðist um hvað hefði drifið á daga Hreins frá því að hann hætti í kúluvarpinu.

„Ég kynnist konunni minni, sem er að austan, þegar ég var fastur gestur í Múlakaffi þar sem hún var að vinna. Þegar ég hætti í kúluvarpinu má eiginlega segja að hún hafi platað mig austur og þar hef ég verið síðan,“ segir Hreinn og hlær. Hreinn hefur haft umsjón með íþróttamannvirkjum á Egilsstöðum mörg undanfarin ár og hefur það orðið ærinn starfi eftir þá miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í bænum á undanförnum árum. „Ég byrjaði á því að hafa umsjón með gömlu sundlauginni en síðan hefur þetta orðið meira og meira,“ segir Hreinn, sem var líka lengi ökukennari. „Nú er ég á sjálfskiptum bíl og get ekki kennt. Það er þó alltaf verið að spyrja mig, núna síðast í gær,“ segir Hreinn sem á tvo syni, Geisla 22 ára og Bjarma 14 ára, með konu sinni Jóhönnu G. Þorsteinsdóttur.








# 4ra rétta veisla



HUMARSÚPA
rjómalöguð með grilluðum kóngarækjum
*1 glas af Tokay Pinot Gris Reserve, Lucien Albrect, Frakkland.*

PÖNNUKAKA
fyllt með skógarsveppum og mozzarella-osti
*1 glas af Macon Chaintré, Domaine de Lalande Dominique Cornin, Frakkland.*

LAMBAHRYGGUR
fillet með steinseljurótarmauki og rósmarínsósu
*1 glas af Chianti Riserva Sensi, Toskana, Ítalía.*

ÍSLENSKT VANILLUSKYR
með pistasíufroðu og sólberjakrapi
*1 glas af Vino Santo Del Chianti Sensi, Toskana, Ítalía.*

**5.950 kr.**

*Með fjórum glösum af víni: 8.790 kr.*



Hringbrot

## *Nýr A la Carte*

Hinir margverðlaunuðu matreiðslumeistarar Perlunnar hafa búið til einstakan A la Carte matseðil sem þú verður að prófa.

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · Tölvupóstur: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

# SÍÐBÚIÐ SPÆNSKT DRAMA

Enn einu sinni hefur spænska deildin reynst sú mest spennandi í álfunni. Hún er jafnframt sú síðasta að renna sitt skeið þetta vorið og teygist reyndar inn í sumarið. Þrátt fyrir gæði boltans eru skipulagsgæði knattspyrnumála ekki þau sömu og kalla margir syðra eftir breytingum.



NAUTABANINN
Einar Logi Vignisson

Spánverjar ríghelda í þá fornu hefð að hvíla sig seinnipartinn. Taka „siesta“. Þetta hefur áhrif á fótboltann, hvergi er leikið jafn seint á kvöldin, algengt að flautað sé til leiks kl. 9 eða jafnvel kl. 10. Sparkáhorf að síðkveldi er stór hluti af helgarvenjum spænskra og hefur verið mikil mótspyrna við að breyta háttum. Spænsku sjónvarpsstöðvarnar hræra svo í leiktímum fram á síðustu stundu og gerir það erlendum sjónvarpsstöðvum erfitt fyrir að sinna spænsku deildinni. Einnig er þetta hvimleitt fyrir útlendinga sem vilja skella sér til Spánar og horfa á leik. Þetta vorið hefur keyrt um þverbak. Landsleikjahlé slítur í sundur mest spennandi toppbaráttu í háa herrans tíð og vængstýfir liðin í verslunarmálum. Real, Barca og Sevilla mega ekki við því að skapa óróa í leikmannahópnum fyrr en mótið er búið.

Á laugardagskvöldið verður næstsíðasta umferðin leikin. Það var ekki fyrr en rétt fyrir helgina að ákveðið var að allir helstu leikirnir ættu að fara fram á sama tíma. Fram að því þeim verið dreift hist og her að fornum frjálslegum sið. Óþreyjan er mikil eftir lokaslagnum en blöðin nenna lítið að fjalla um landsleikina tvo sem Spánverjar heyja í millitíðinni og urðu fréttir af sigrinum gegn Lettum að lúta í minni pokann fyrir umfjöllun um tennis og mótorhjólakappakstur. Það er ekki nóg með að liðið þyki lélegt og andstæðingarnir ómerkilegir heldur gætir pirrings yfir því að deildin mikilvæga þurfi að bíða á meðan.

# » DANIEL ALVES «

## ÞAÐ ERU ALLIR Á EFTIR ALVES

**Real Madrid og Barcelona vilja kaupa hann. Liverpool vildi fá hann í fyrra og einnig núna, sem og Evrópumeistarar AC Milan. Velkomin í heim Daniel Alves, hins 24 ára gamla brasilíska bakvarðar Sevilla. Nú um stundir er hann talinn besti leikmaður Spánar.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON



„Hann er þrír leikmaður í einum. Hann er leikstjórnandi á miðjumanni með sál kantmanns sem spilar bakvörð.“ Svona lýsti spænska dagblaðið AS Daniel Alves eftir stórleik hans gegn Barcelona í mars þar sem hann var yfirburðamaður á vellinum í sigri Sevilla, 2-1.

Það er kannski ekki skrýtið að Daniel Alves sé eftirsóttur af öllum bestu liðum álfunnar. Menn af hans sauðahúsi vaxa ekki á trjánum. Alves kom til Spánar sem óþekktur tvítugur strákur en er nú talinn vera besti leikmaður Spánar.

**OG AF HVERJU?**

„Hann er eins manns hljómsveit, stórkostlegur íþróttamaður sem lifir sig inn í leikinn eins og ofvirkt barn. Hann er eins og Roberto Carlos fyrir réttfætta. Eini munurinn er sá að Alves getur varist. Hann getur reyndar verið ansi grófur þegar hann vill það við hafa. Það er kannski engin tilviljun að á sama tíma og hann leiðir deildina í stoðsendingum þá er hann einnig við toppinn yfir þá leikmenn sem hafa fengið flest spjöld og brotið oftast af sér. Í stuttu máli sagt, Alves getur gert allt.“ Svona lýsti Sid Lowe, hinn virti sérfræðingur The Guardian í spænsku knattspyrnunni, Alves fyrir skömmu. Með svona lýsingar á bakinu er auðvelt að skilja að allir séu á eftir Alves.

Og það er ekki ólíklegt að Alves hverfi á braut í sumar. Hann hefur þegar unnið Evrópukeppni félagsliða tvívegis með Sevilla og gæti þess vegna unnið spænsku deildina. Umboðsmaður hans orðaði þetta þannig við fjölmiðla um daginn: „Fólk verður að vera raunhæft og gera sér grein fyrir því að bestu leikmennirnir enda yfirleitt í bestu félögunum. Og með fullri virðingu fyrir Sevilla þá er það skör lægra en nokkur önnur lið í Evrópu. Þetta er rétti tíminn til að selja Daniel.“

### » ÉG ER DANIEL ALVES

Aldur: 24 ára
Hæð: 1,71 m
Þyngd: 64 kg
Staða: Hægri bakvörður
Þjóðerni: Brasilískur
Lið: Sevilla
Leikir/mörk: 140/9
Landsleikir: 4

### » LOKABARÁTTAN

**Þrjú lið eiga möguleika á spænska meistaratitlinum**

**BARCELONA**
Leikir: 36
Stig: 72
Markatala: 71:30
Árangur á heimavelli: 46 stig
Árangur á útivelli: 26 stig
Markahæstur: Ronaldinho, 20 mörk
Leikir sem eftir eru:
Espanyol (11) heima
Gimnastic (20) úti

**REAL MADRID**
**Leikir:** 36
Stig: 72
Markatala: 61:37
Árangur á heimavelli: 37 stig
Árangur á útivelli: 35 stig
Markahæstur: Ruud van Nistelrooy, 23 mörk
**Leikir sem eftir eru:**
Real Zaragoza (5) úti
Mallorca (12) heima

**SEVILLA**
**Leikir:** 36
Stig: 70
**Markatala:** 64:34
**Árangur á heimavelli:** 47 stig
**Árangur á útivelli:** 23 stig
**Markahæstur:** Freddie Kanoute, 21 mark
**Leikir sem eftir eru:**
Villarreal (7) heima
Getafe (8) heima



Grillveisla Sægreifans
Hin fullkomna humarsúpa
samkvæmt New York Times
Opið 7-21 alla daga vikunnar
Humarsúpa
Fiskur á grillið
Sægreifinn
Sérverslun með sjávarfang
Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

# FERSK UPPLIFUN!

KÍKTU UNDIR GULLDÓSINA ÞÍNA OG SJÁÐU HVAÐA MERKISDAG ÞINN VAR FRAMLEIDDUR ÞVÍ FERSKLEIKINN SKIPTIR MIKLU MÁLI ÞEGAR BJÓR ER ANNARS VEGAR. EGILS GULL ER NÚ BRUGGAÐUR ÚR ÍSLENSKU BYGGI TIL AÐ GEFA ENN BETRA BRAGÐ.




GOTT FÓLK McCANN

LÉTTÖL

KÍKTU UNDIR GULLDÓSINA OG SJÁÐU HVERSU FERSKUR ÞINN ER. FRAMLEITT

# »ER ÁNÆGÐUR MEÐ MÍNAR ÁKVARÐANIR«

**RÚNAR KRISTINSSON hefur snúið aftur á heimaslóðir. Eftir þrettán ára fjarveru klæðist hann búningi KR á nýjan leik. Margir stuðningsmenn segja að kóngurinn sé kominn heim. Þeir hafa ef til vill talsvert til síns máls enda dylst engum að Rúnar er einn besti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið í seinni tíð.** EFTIR EIRÍK STEFÁN ÁSGEIRSSON.



Rúnar lék í átta tímabil með KR og svo í þrettán tímabil með Örgryte í Svíþjóð, Lilleström í Noregi og Lokeren í Belgíu. Eftir þennan langa feril hefur hann þó aldrei verið í meistaraliði. Sjálfur segir hann það vera mestu vonbrigði ferilsins.

**Alla knattspyrnumenn dreymir um að verða meistari með sínu liði," sagði Rúnar, sem á sínum langa ferli hefur aldrei orðið meistari með því liði sem hann hefur spilað. „Ég hef verið í toppbaráttunni, bæði með Lilleström og Lokeren, en aldrei endaði það með titli. En á móti kemur að lið eins og Lokeren á aldrei raunhæfa möguleika á að verða meistari í Belgíu. Það er lið sem ætti frekar að vera í baráttu um Evrópusæti.**

Árið 1994 varð hann bikarmeistari með KR og það segir hann vera stærsti sigurinn á sínum ferli. „Það var auðvitað rosalega gaman að vera bikarmeistari með KR á sínum tíma. Það hefur alla tíð verið minn æðsti draumur að verða Íslandsmeistari með KR. Það er örugglega ekkert skemmtilegra."

KR hefur unnið þrjá Íslandsmeistaratitla í fjarveru Rúnars og miðað við gengi liðsins í upphafi móts er ljóst að róðurinn er þungur. „Sumarið er ekki búið en ástandið er mjög slæmt. Sérstaklega hvað sjálfstraust liðsins varðar."

## NEITAÐI LIVERPOOL

Rúnar var á 25. aldursári þegar hann gerðist atvinnumaður í knattspyrnu. Þá fór hann til Örgryte í Svíþjóð og spilaði þar í tvö og hálft tímabil. Eftir á að hyggja hlýtur það að teljast athyglisvert að hann hafi farið svo seint út. En tækifærin voru vissulega til staðar. Í október árið 1989 æfði hann með Liverpool í þrjár vikur.

„Ég spilaði með varaliði Liverpool og mér gekk mjög vel. Félagið vildi fá mig aftur og halda mér aðeins lengur. Á þeim tíma hugsaði ég hins vegar sem svo að ég myndi aftur fá tækifæri seinna til að fara til góðs liðs í Evrópu. Ég vildi þroskast meira á Íslandi og komast nær landsliðssæti."

Í dag myndu sjálfsagt fáir, ef nokkrir, nítján ára knattspyrnumenn slá hendinni við slíku heimboði frá Liverpool. Rúnar sér þó ekki eftir neinu og segir það mikilvægt að leikmenn öðlist reynslu á Íslandi áður en þeir halda í atvinnumennskuna.

## SÁTTUR VIÐ MÍNAR ÁKVARÐANIR

„Það eru mörg dæmi til um sextán og sautján ára stráka sem semja við lið í Evópu og koma svo aftur heim fjórum árum síðar. Þá hafa þeir lítið spilað og verða meðalmenn í íslensku deildinni. Það er gott og hollt fyrir alla að spila að minnsta kosti eitt ár hér heima og ef maður stendur sig vel gæti verið gott að fara annað."

Rúnari bauðst einnig að semja við Brann á sínum tíma. „Ég var kominn langt í samningaviðræðum við Brann en mér fannst það sem mér stóð til boða ekki nógu girnilegt og neitaði því. Auðvitað hefði verið gaman að fara til Liverpool eða Brann en ég sé ekki eftir neinu. Það eru mörg ef í lífinu og ég veit ekkert hvernig mitt líf eða ferill hefði þróast ef ég hefði tekið aðrar ákvarðanir. Ég er ánægður með mínar ákvarðanir."



Rúnar lék sinn fyrsta leik með KR síðan 1994 gegn Val á Laugardalsvelli.

## ÍSLENSK ÞUNGAMIÐJA Í LOKEREN

Spurður um sín bestu tímabil nefnir hann tvö til sögunnar. Það fyrra hjá Lilleström árið 1999. Hann var valinn besti leikmaður deildarinnar og Lilleström var í toppbaráttunni allt tímabilið en endaði í fjórða sæti.

Hitt var veturinn 2002-3 með Lokeren. Þá léku fjórir Íslendingar með liðinu; Rúnar, Arnar Þór Viðarsson, Arnar Grétarsson og Marel Baldvinsson. Þungamiðjan í liði Lokeren það árið var íslensk.

„Ég og Arnararnir tveir vorum saman á miðjunni. Arnar Þór sinnti varnarvinnunni, Arnar dreifði spilinu og ég var framarlega á miðjunni. Við erum ólíkir leikmenn en bættum hver annan vel upp. Við náðum afar vel saman og liðinu gekk vel. Við náðum þriðja sæti eftir að hafa verið í baráttunni um titilinn lengi vel."

## FÖGNUÐUM EINS OG FRAKKARNIR

Rúnar er þar að auki landsleikjahæsti leikmaður Íslands frá upphafi. Hann lék 104 leiki á sautján árum og skoraði í þeim þrjú mörk. Aðspurður um eftirminnilegasta leikinn segir hann að því sé auðsvarað.

„3-2 leikurinn við Frakka í París og allt sem honum fylgdi, bæði fyrir og eftir leik. Við áttum möguleika á að komast upp úr riðlinum en þurftum reyndar að vinna Frakka á útivelli. En landsliðshópurinn var afar góður og samstilltur og þrátt fyrir að við töpuðum leiknum fögnuðum við rétt eins og Frakkarnir. Þetta var eftirminnilegt kvöld."

Nú er landsliðsferlinum lokið og atvinnumannaferlinum á meginlandi Evrópu sömuleiðis. Rúnar verður 38 ára á árinu og deilir aldursforsetatitli deildarinnar með Víkingnum Sinisa Kekic. Komi meistaratitilinn langþráði ekki í ár, skyldi hann eiga eitt ár til viðbótar?

„Ég get engu svarað til um það hér og nú. Ég ætla að gera mitt besta með KR í sumar og sjá svo til. Það er ekki auðvelt að bíða yfir langan vetur á Íslandi eftir næsta tímabili og ég held nú að þetta verði mitt síðasta nú í sumar. En aldrei að segja aldrei."

## » Rúnar um

### STUÐNINGSMENN KR

Stuðningsmannaklúbbur KR, Miðjan, hefur vakið mikla athygli fyrir vaska framgöngu á leikjum KR. Hópurinn stendur allan leikinn og syngur lög til heiðurs KR og leikmönnum félagsins. Slíkt er sjaldgæft í íslenskri knattspyrnu en þekkist víða annars staðar.

„Þetta hef ég upplifað í Svíþjóð, Noregi og Belgíu," sagði Rúnar. „En fyrstu árin mín þar skildi ég aldrei hvað þeir voru að syngja. Hér heima skil ég þetta auðvitað allt um leið og hef mjög gaman af. Hvert einasta félag ætti að eiga slíkan hóp stuðningsmanna."

Hann segir þó mikilvægt að stuðningsmenn séu með forgangsröðina á hreinu. „Stuðningsmenn eiga að styðja sitt félag og ekki að atast í andstæðingnum, sama hvernig staðan er í leiknum."

### SKAPIÐ SITT

Knattspyrnumaðurinn Rúnar Kristinsson á það til að skeyta skapi sínu. Því getur hann ekki neitað og segir sjálfur að hann sé iðulega fljótur að æsa sig á vellinum.

„Ég hef afar ríka réttlætiskennd og verð mjög sár ef mér finnst mikið hallað á mitt lið. Ég hef því fengið nokkur gul fyrir kjaftbrúk eftir að hafa látið dómarann heyra það," sagði Rúnar, sem fékk reyndar gult skömmu eftir að hann kom inn á sínum fyrsta leik með KR nú í vor.

„Ég hef alltaf borið mikla virðingu fyrir dómurum þó ég rífi stundum kjaft. Það er ýmislegt látið flakka í hita leiksins og svo er það gleymt nokkrum sekúndum síðar. Oft finnst mér dómarar of fljótir að teygja sig í spjaldið þegar maður segir eitthvað. Bestu dómararnir finnst mér þeir sem svara fyrir sig."

Hann segir eftirminnilegasta dæmið um slíka framkomu í landsleik sem dómari frá Bretlandi dæmdi. „Ég rauk í hann einhvern tímann í leiknum og var hreint út að skamma hann. Ég var þá líka búinn að nöldra í honum fyrr í leiknum. Hann var orðinn frekar þreyttur á mér og sagði einfaldlega að ég tuðaði meira en konan hans. Ég hélt kjafti eftir það."

### RÚNAR KRISTINSSON

Ferill Rúnars Kristinssonar
(fæddur 5. september 1969)

| Ár | Land | Félag | Árangur | Leikir/mörk |
|---|---|---|---|---|
| 1987 | Ísland | KR | 5. sæti | 15/1 |
| 1988 | Ísland | KR | 5. sæti | 18/1 |
| 1989 | Ísland | KR | 4. sæti | 18/1 |
| 1990 | Ísland | KR | 2. sæti | 14/3 |
| 1991 | Ísland | KR | 3. sæti | 10/3 |
| 1992 | Ísland | KR | 2. sæti | 17/5 |
| 1993 | Ísland | KR | 5. sæti | 17/6 |
| 1994 | Ísland | KR | 5. sæti | 17/1 |
| 1995 | Svíþjóð | Örgr. | 7. sæti | 25/3 |
| 1996 | Svíþjóð | Örgr. | 10. sæti | 23/7 |
| 1997 | Svíþjóð | Örgr. | - | 11/3 |
| 1997 | Noregur | Lillest. | 10. sæti | 7/2 |
| 1998 | Noregur | Lillest. | 8. sæti | 17/2 |
| 1999 | Noregur | Lillest. | 4. sæti | 24/7 |
| 2000 | Noregur | Lillest. | 6. sæti | 23/3 |
| 2000-01 | Belgía | Loker. | 4. sæti | 20/3 |
| 2001-02 | Belgía | Loker. | 7. sæti | 28/7 |
| 2002-03 | Belgía | Loker. | 3. sæti | 28/13 |
| 2003-04 | Belgía | Loker. | 10. sæti | 31/6 |
| 2004-05 | Belgía | Loker. | 8. sæti | 22/1 |
| 2005-06 | Belgía | Loker. | 8. sæti | 32/6 |
| 2006-07 | Belgía | Loker. | 16. sæti | 31/3 |
| 2007 | Ísland | KR | - | |

# Plokkfiskur




***Plokkfiskurinn minn***
***fæst eftir vigt í fiskborðum***
*Nóatúns, Fjarðarkaupa, Samkaupsverslana,*
*Sparverslunar og verslun Einars Ólafssonar*

**Vörurnar okkar fást í öllum matvöruverslunum**

Um leið og ég óska þeim góðs gengis sem hafa sett sér það markmið á nýju ári að bæta mataræði sitt og heilsu, vil ég minna á að fiskur er mikil heilsuvara og viðurkenndur sem slíkur af næringarfræðingum um allan heim.

***Bestu kveðjur, Grímur kokkur***


*Gríms fiskibollur*


*Gríms fiskibuff*


*Gríms plokkfiskur*






*Hvítlauks- og hvítbaunabuff*



*Gulrótar- og linsubaunabuff*


*Gratineruð ýsa með broccolí*


*Gratineruð ýsa með mexíkósósu*


*Salsafiskur í tortilla*


**Grímur kokkur**
Sími: 481-2665 · grimurkokkur@grimurkokkur.is · www.grimurkokkur.is




Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Allt á einum stað

SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066








# LÉTU TÆKNINA NJÓTA SÍN

**Ísland eignaðist á dögunum Norðurlandameistara í körfubolta í fimmta sinn á aðeins þremur árum. BENEDIKT GUÐMUNDSSON var að gera lið að meisturum í þriðja sinn, þar af annað árið í röð.**

EFTIR ÓSKAR Ó. JÓNSSON



**Norðurlandameistarar 2007** 16 ára lið Íslands sem vann Norðurlandamótið.
FRÉTTABLAÐIÐ/SNORRI ÖRN

Benedikt Guðmundsson fer ekki orðið á Norðurlandamót nema að koma með gull til baka. Benedikt, sem stýrði KR til Íslandsmeistaratitils í apríl gerði 16 ára lið stráka á Norðurlandameisturum á NM unglinga sem fram fór í Svíþjóð á dögunum. Þetta er annað árið í röð og í þriðja sinn sem Benedikt gerir íslenskt lið að Norðurlandameisturum.

„Þetta gekk alveg ótrúlega vel. Það spiluðu bara allir vel og það var nánast hægt að segja það um hvern einasta mann að hann ætti að hafa spilað meira því það var alveg sama hver kom inn á, það stóðu sig allir þvílíkt vel. Ég hefði alveg verið til í að fara með tvö lið á mótið,“ sagði Benedikt. „Við gerðum út á það að láta tæknina sem þessir strákar eru komnir með njóta sín. Við pressuðum 95 prósent tímans á mótinu. Við reyndum að hafa leikinn á fullum velli því við steinlágum í fráköstunum í hverjum einasta leik og fengum slatta af stigum á okkur inni í teig. Þetta er allt öðruvísi lið. Í 1988-liðinu höfðum við miklu meiri hæð og miklu meira kjöt undir körfunni. Við vorum með góða breidd í miðherja- og framherjastöðunum en þetta lið er nánast eingöngu skipað bakvörðum,“ sagði Benedikt en hann gerði 1988-liðið tvisvar að Norðurlandameisturum, bæði sem 16 ára lið 2004 og sem 18 ára lið í fyrra.



**Valinn bestur** Ægir Þór Steinarsson, fyrirliði liðsins og besti leikmaður mótsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/SNORRI ÖRN

Strákarnir tryggðu sér gullið með dramatískum 69-67 sigur á Svíum en þetta var annar sigur þeirra á sænska liðinu. Íslenska liðið tapaði aðeins einum leik á mótinu, 58-63, í miklum spennuleik gegn Dönum. Íslensku strákarnir þurftu að vinna Finna til þess að komast í úrslitaleikinn og unnu þann leik með 11 stigum eftir að hafa lent mest 11 stigum undir.

„Það var erfitt að spila tvo úrslitaleiki tvo daga í röð en ég var ekki hræddur um mannskapinn í svoleiðis kringumstæðum. Þegar ég vann þetta með 1988 þá var maður með lykilmenn sem maður stólaði mikið á. Menn sem voru að spila 37 mínútur í þessum leikjum en þetta var mun jafnara lið,“ sagði Benedikt.

„Ég held að menn séu hættir að vera hissa og það telst ekki lengur til stórra tíðinda meðal hinna þjóðanna þegar Ísland vinnur Norðurlandamótið. Menn búast alveg eins við því að Ísland fari alla leið,“ sagði Benedikt, sem hefur spilað stóra rullu í að koma íslenskum yngri landsliðum á kortið. „Formúlan mín í þessum yngri landsliðum hefur verið að byrja með þessa stráka snemma. Ég byrja með þá á séræfingum nokkrum árum áður en þeir spila á sínu fyrsta Norðurlandamóti.

Ég hef reynt eftir minni bestu getu að búa til leikmenn og svo er maður orðinn ágætlega sjóaður í því að finna út og nýta styrk liðsins. Maður reynir að bæta það upp að vera með lítið lið með því að leysa upp leikina og láta tæknina njóta sín,“ sagði Benedikt að lokum.



**Landsliðsbyggðarstrákarnir Þorgrímur Björnsson og Trausti Eiríksson fengu það verðuga verkefni að halda aftur af stóru strákunum í liði andstæðinganna og skiluðu sínu með sóma. Þorgrímur var með 6,6 stig, 8,2 fráköst og 2 stolna bolta að meðaltali í leik en Trausti skoraði 5,2 stig, tók 7,2 fráköst og stal 2,0 boltum í leik.**



**Ægir Þór Steinarsson leiddi liðið í stigum, stoðsendingum og stolnum boltum. Ægir var með 14,0 stig að meðaltali, gaf 6,4 stoðsendingar og stal 3,4 boltum að meðaltali í leik. Í úrslitaleiknum meiddist hann illa á ökkla en kom sterkur inn í lokin og skoraði eina risastóra þriggja stiga körfu á góðum tíma.**



**Tveir aðrir leikmenn komu líka sterkir inn af bekknum, Haukur Óskarsson var með 12,8 stig að meðaltali á aðeins 21,4 mínútum og Tómas Tómasson skoraði 6,6 stig og gaf 2,0 stoðsendingar að meðaltali á þeim 9,8 mínútum sem hann spilaði. Tómas nýtti meðal annars 67% skota sinna, þar af 4 af 7 þriggja stiga skotum.**



**Haukur Helgi Pálsson var yngsti leikmaður liðsins en var í mikilvægu hlutverki sjötta mannsins. Íslenska liðið vann þær 120 mínútur sem hann spilaði með 71 stigi og Haukur var með 7,6 stig, 5,2 fráköst og 3,2 stolna bolta að meðaltali í leik.**



**Arnþór Guðmundsson var maður úrslitaleiksins því ekki var nóg með að hann skoraði 20 stig í leiknum heldur stal hann boltanum og skoraði sigurkörfuna fimm sekúndum fyrir leikslok. Arnþór sýndi mikinn andlegan styrk á mótinu og var með 13,2 stig, 4,2 fráköst og 4,2 stoðsendingar að meðaltali í leik. Enginn leikmaður fiskaði heldur fleiri villur, en andstæðingar liðsins brutu að meðaltal 4,6 sinnum á honum í leik.**








# NJÓTTU LÍFSINS ÁN SÍGARETTUNNAR

PRÓFAÐU NICOTINELL NIKÓTÍNTYGGIGÚMMÍIÐ.
SAMA GÓÐA BRAGÐIÐ, NÚ Í NÝJUM PAKKNINGUM.
FÆST MEÐ ÁVAXTA-, MINTU-, LAKKRÍS- OG NIKÓTÍNBRAGÐI.

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Í fylgiseðlinum eru ítarlegar upplýsingar um verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir ásamt öðrum upplýsingum. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

# HVAÐVEISTU



## » UM TEIT ÞÓRÐARSON?

1. Hvaða millinafn ber hann?
2. Hvað heitir bróðir hans sem þjálfar lið í Landsbankadeildinni?
3. Hvað skoraði hann mörg mörk fyrir íslenska A-landsliðið?
4. Með hvaða tveimur frönsku liðum lék hann?
5. Hvar hóf hann þjálfaraferil sinn?
6. Hvaða landsliði hefur hann stýrt?
7. Undir stjórn hvaða fræga þjálfara lék hann hjá Lens?
8. Hvað hafa KR-ingar unnið marga leiki í Landsbankadeildinni undir stjórn Teits síðan hann tók við?

**Svör: 1**. Hann ber millinafnið Benedikt. **2.** Hann heitir Ólafur og þjálfar Fram. **3.** Hann skoraði níu mörk í 41 landsleik. **4.** Hann lék með Lens og Cannes. **5.** Hann byrjaði hjá sænska liðinu Skövde. **6.** Hann stýrði eistneska landsliðinu 1995 til 1999. **7.** Hann lék undir stjórn Gerards Houllier, fyrrum stjóra Liverpool. **8.** Þeir hafa unnið níu af 22 leikjum.



## » HVAÐ Á ÉG AÐ SEGJA GUÐJÓNI?

Helgi Pétur Magnússon, varnarmaður ÍA, er heldur beygður og boginn á þessari mynd sem Hörður Sveinsson, ljósmyndari Sports, tók af honum í leik Fylkis og ÍA í Landsbankadeildinni í fótbolta 28. maí síðastliðinn.






## STÆRSTA STUNDIN

### » TEITUR ÖRLYGSSON



Teitur Örlygsson lék tuttugu tímabil með Njarðvíkingum og verður að teljast goðsögn hjá félaginu sem hann þjálfar nú. Teitur lék 406 leiki með þeim grænklæddu og skoraði alls 6.597 stig en hann lék í eitt tímabil með Larissa í Grikklandi, veturinn 1996/1997. Teitur var beðinn um að rifja upp stærstu stundina á ferli sínum en hann átti í miklum vandræðum með að velja atvik, sem er ekki skrýtið miðað við langan og glæstan feril. Teitur er sigursælasti leikmaður úrvalsdeildarinnar í körfubolta frá upphafi með tíu titla í farteskinu. Á endanum stóðu tvær stundir upp úr, sú fyrri í Grikklandi.

„Þetta var einn af síðustu leikjunum okkar í deildinni og við vorum nýbúnir að bjarga okkur frá falli. Við vorum að spila á móti Panathinaikos sem þá var Evrópumeistari og í baráttu við Olympiakos um titilinn í Grikklandi. Höllin okkar var alveg troðfull. Leikstjórnandinn okkar var besti vinur minn þarna úti. Hann komst í gegn um vörnina, sínum manni, dró annan mann til sín og ég beið tilbúinn með hendurnar til að skjóta. Karlgreyið heyrði ekki í mér og boltann fékk ég aldrei. Þarna hefði ég fengið skot á síðustu sekúndunum til að leggja Evrópumeistarana að velli. Þetta atvik hefur setið í mér lengi enda lét ég félaga minn heyra það eftir þetta," sagði Teitur, sem síðan fékkst til að velja eitt atvik frá glæstum ferli sínum með Njarðvík.

„Minnisstæðast er kannski þegar við unnum Keflavík í framlengingu í bikarúrslitunum 1999 í Laugardalshöllinni. Hermann Hauksson jafnaði á síðustu sekúndunum í 88-88 eftir að Keflvíkingar voru níu stigum yfir þegar ein og hálf mínúta var eftir. Margir stuðningsmenn okkar voru farnir úr Höllinni, þeir hreinlega gátu ekki horft upp á Keflvíkingana fagna sigri, en komu hlaupandi aftur inn þegar við jöfnuðum. Keflvíkingarnir gerðu ótrúlega mörg mistök á síðustu mínútunum, þeir fengu dæmd á sig skref, hentu boltanum út af, brenndu af vítum og gáfu okkur þetta hreinlega enda gráta þeir þetta enn í Keflavík. Þeir liggur við gáfust upp og við tókum þetta nokkuð örugglega í framlengingunni," sagði Teitur brosandi yfir góðri minningu.

\- hþh

Fiat Grande Punto
Númer 1 í Evrópu

EURO NCAP
www.euroncap.com

# Frábær bíll – punktur!



- **Stíll**. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla**. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.

**Þjónusta alla leið!**
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.



Fiat Ducato · Fiat Scudo · Fiat Dobló · Fiat Multipla · Fiat Punto · Fiat Panda · Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PI PAR • SÍA • 70589

## ERT ÞÚ AÐ FYLGJAST MEÐ?

**1.** Hver skoraði fyrsta mark **Landsbankadeildar karla** í fótbolta?



**2.** Hverjir urðu **enskir** bikarmeistarar?

**3.** Hver var valin **Handknattleikskona ársins** á lokahófi HSÍ?

**4.** Hvaða lið fékk fyrsta valrétt í **nýliðavali NBA-deildarinnar?**

**5.** Hvers lenskur er **nýráðinn þjálfari karlaliðs Fram** í handbolta?

**6.** Hvaða lið vann **Meistaradeild Evrópu?**

**7.** Hversu margar umferðir í röð hefur **FH verið á toppi** Landsbankadeildar karla?

**8.** Hver þjálfar **karlalið Njarðvíkur í körfubolta** næsta vetur?

**9.** Til hvaða liðs gekk knattspyrnukonan **Erla Steinunn Arnardóttir?**

**10.** Með hvaða félagi mun **Steve Sidwell,** fyrrverandi félagi Ívars Ingimarssonar og Brynjars Björns Gunnarssonar hjá Reading, leika á komandi tímabili?

**Svör: 1.** Það var FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson. **2.** Það var Chelsea sem vann Manchester United, 1-0. **3.** Það var Gróttustúlkan Anna Úrsúla Guðmundsdóttir. **4.** Það var Portland Trailblazers. **5.** Hann er frá Ungverjalandi. **6.** Það var AC Milan. **7.** Liðið hefur verið á toppnum undanfarnar 48 umferðir. **8.** Það er gamla goðsögnin Teitur Örlygsson.**9.** Hún gekk til liðs við bandaríska atvinnumannaliðið JerseySky Blue. **10.** Hann mun spila með Chelsea.

# KOMIN HEIM Í VALS-FJÖLSKYLDUNA

**DAGNÝ SKÚLADÓTTIR er komin heim til Íslands eftir svaðilför og ævintýri í Evrópu. Síðustu fimm ár hefur hún spilað handbolta í Frakklandi, Þýskalandi og Danmörku ásamt unnusta sínum Gunnari Berg Viktorssyni.**

EFTIR HJALTA ÞÓR HREINSSON



Handboltasysturnar Drífa, Dagný og Rebekka Skúladætur spila saman með Val á næsta tímabili. SPORTMYND/RÓSA

„Það er frábært að vera komin heim, þetta eru orðin heil fimm ár og mikil ævintýramennska á okkur,“ sagði Dagný, sem fór fyrst út til Frakklands þar sem hún lék með Issy. Á þeim tíma lék Gunnar Berg með París St. Germain og ber Dagný heimsborginni vel söguna.

„Það var gaman að vera í París, það er æðisleg borg. Ég náði að koma mér í klúbb nálægt Gunnari, sem var virkilega skemmtilegt. Ég prufaði hjá liðinu og var svo bara boðinn samningur, það var lykilatriði hjá okkur að við gætum verið nálægt hvort öðru,“ sagði Dagný en þannig náðu þau að sameina handboltann og fjölskyldulífið.

Eftir fimm ár í ævintýramennsku setti parið stefnuna heim á leið með ungan son sinn. „Við hugsuðum með okkur að eftir fimm ár væri kominn tími á að koma heim. Við erum komin með einn strák sem er rúmlega eins og hálfs árs og okkur fannst þetta góður tímapunktur til að snúa aftur til Íslands,“ sagði Dagný en parið þræðir nú fasteignasölur til að koma sér fyrir hér á landi.

Þau Gunnar ákváðu að vera aðeins eitt ár í Danmörku og sömdu því meðvitað aðeins til eins árs við Holstebro. Þau komu heim í vor og Gunnar samdi við Hauka en Dagný við Val. „Valur hafði samband við mig og mér leist vel á leikmannahópinn. Þetta eru stelpur á mínum aldri og ég kannast við þær nokkrar. Ég þekki Gústa [Ágúst Jóhannsson, þjálfara Vals] líka aðeins og það má segja að ég hafi þekkt hvað mest til þarna en vitanlega hefur margt breyst síðan ég var að spila heima síðast,“ sagði Dagný, sem spilaði með ÍBV tímabilið 2001/2002 áður en hún fór til Frakklands.

Dagný hittir fyrir tvær systur sínar í Val, Drífu og Rebekku. „Það er rosa spennandi að fá að spila með þeim. Ég hef aldrei spilað með Rebekku en ég hlakka mikið til þess. Þetta verður mjög gaman og við eigum eflaust eftir að takast vel á,“ sagði Dagný og hló við. „Ég er annars svo vön að vera með systrum mínum með mér í liði að þær eru í raun eins og hver annar leikmaður,“ sagði Dagný full eftirvæntingar eftir nýjum tímum heima á Íslandi.


*Kynnum til sögunnar nýja kynslóð af Blundstone reið- og útivistarskóm!*




LÍFLAND
Lynghálsi 3
Sími: 540 1125



SPJARAÐU
ÞIG
Í ÞESSUM AÐSTÆÐUM MÆLUM VIÐ MEÐ *STEINARI*,
VINDHELDUM ÞRIGGJA LAGA JAKKA. CINTAMANI
ÚTISVISTARFATNAÐUR ER HANNAÐUR OG REYNDUR
Á ÍSLANDI. VÆNSTU ÞÆGINDA.
CINTAMANI
CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11 // 101 REYKJAVIK

# MAX RAFTÆKI

# Sumar tilboð

FRÍ HEIMSENDING
FRÍ SAMSETNING



## 29.989 kr.

Fullt verð ~~34.989~~

**Outback Trooper**
- Eldunarflötur 48x50cm
- 2 steypujárnsbrennarar samtals 7.87kW
- 2 postulínshúðaðar grillristar úr steypujárni
- Skúffa undir öllu grillinu, sem tekur við fitu
- Krómuð hitagrind (hreyfist með lokinu)
- Neistakveikja
- Emelerað lok
- Hitamælir



## Kók kaupauki fylgir öllum grillum!

+ 24 stk Kók Zero

*Ef grillið er keypt fyrir kl. 16.00 sendum við það heim í dag!*




## 1.689 kr.

## Úrval tónlistardiska



**United FC5161**
23 sm borðvifta

## 1.489 kr.

Fullt verð ~~1.989~~



## 29.989 kr.

Fullt verð ~~34.989~~

**Zen Vision M 30GB**
- 30GB minni - vistar 15.000 lög
- 2,5" litaskjár
- Styður DIVX
- Tónjafnari og útvarp
- Diktafónn og organizer
- Uppfæranlegur
- FM útvarp með 32 stöðvaminnum
- Innbyggður míkrafónn
- Endist í 14 tíma á einni hleðslu
- Tekur aðeins 2,5 tíma að hlaða
- Tónjafnari
- Vekjari og svefnrofi

***Stórglæsilegur mynd- og hljóðspilari sem hefur hlotið frábæra dóma!***

Spilar MP3, WMA og WAV - Spilar DivX 4/5, XViD, MPEG1, MPEG2, MPEG4, WMV9 og Motion-JPEG



## 29.989 kr.

Fullt verð ~~47.989~~

**CONSTRUCTA CK255302**
- 141sm kæliskápur með frysti
- 234 lítrar alls
- Kælir 176 lítrar
- Frystir 58 lítrar
- 2 hurðir og frystir fyrir ofan kæli
- Orkunýting A
- 3 hillur í kæli
- Mál í sm (hxbxd): 141x55x64



## 2.989 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

**Melissa 640040**
Einföld og góð
1400w ryksuga




## 63.989 kr.

Fullt verð ~~99.989~~

**DiBOSS LT32A2HM**
- 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 8ms
- Antireflex og Digital Comb Filter
- 14w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

*Frábær tækjakaup*

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

## Dýrahald



Þessi sæta mamma á hvolpa gefins í júlí. Uppl. í s. 848 9244.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Anna síma 868 6058 eða á gessi@simnet.is

Gullfallegur lítill loðinn kettlingur fæst gefins. Uppl. í s. 553 0844.

**Yndislegur hundur tapaðist.**
Hektor sem er 7 ára Chihuahua hundur tapaðist á Klampratúninu s.l. Fimmtudag. Hann er hvítur og mjög loðinn, þeir sem geta gefið uppl. um Hektor vinsamlegast hafið samb. í s. 849 3286. Hans er mikið saknað.

3ja lita kisustelpu vantar heimili er 12 vikna gömul, algjör ljúflíngur. Sími 692 4052.

## Ýmislegt



Allt að 50% afsláttur af persneskum teppum og húsgögnum. Zedrus Hlíðasmára 11 Kópavogi. S. 534 2288 www.zedrus.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting á Menorca Mahon, Costa Brava - Playja de Aro og Valladolid. Barcelona laus í haust. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu glæsil. 3 herb. 80 fm íbúð í tvíbýlish. á svæði 112. Leigut. frá 12.júní - 12.ágúst. Leigist með húsgögnum. Verð 125 þús. á mán. rafm. og hiti innifalin. Uppl. s. 893 3276

2 herb, 57 fm íbúð í 101 til leigu f. reglusama og ábyrga leigjendur. 98 þús. á mán með ísskáp, hita, rafm. og hússj. Bankaábyrgð. Íbúðin er laus, leigist í 6 mán. S. 8619242.

Til leigu raðhús á einni hæð á besta stað í Fossvogi. Leigutími 1 águ '07- 1 águ. '08. Fyrirframgr. + trygging. Tilboð óskast á gummi@ruv.is

2 herb. 43 fm risíb. við Bergþórugötu. Laus strax. Verð 70 þ. á mán. Uppl. veittar í s. 869 3828.

## Húsnæði óskast

Ungur maður i leit að herbergi eða litlum kjallara til að leigja má kosta á bilinu 30-45þús hafa samband i síma 8248843

3-4 herbergja íbúð m/bílskúr óskast til leigu í Grafarvogi. Uppl. í s. 694 3525.

Vantar herbergi/íbúð í vesturbæ, miðbæ eða á Nesi. Er í HÍ. Greiðslug. um 50þ/mán. Er reyklaus. 8968867, Guðmundur.

Reyklaus, reglus., þrifinn, 48 ára karlmann vantar 2ja. herb. íb. á leigu til langs tíma, helst á sv. 109-111. S. 869 0885.

Par + 2 einstaklingar óskar eftir 3. herb. íbúð. á höfuðborgarsvæðinu Sem fyrst. Uppl. í s. 696 3802.

Þýska sendiráðið leitar að 4-5 herb. húsi/íbúð frá og með 1. júlí til leigu í 4 ár. Uppl. info@reykjavik.diplo.de

## Fasteignir

LEIGJUM.IS

Leigjum ehf. Óskar eftir húsnæði á skrá, nánari upplýsingar á www.leigjum.is

## Geymsluhúsnæði




Til leigu mjög góð 250 fm geymsluskemma á Eyrarbakka Nýstandsett, góð lofthæð, góðar innk. dyr. Lág leiga. Uppl. í s. 661 6800.

85.fm. geymslu húsnæði við Sogaveg til leigu á 68þús. á mán. Uppl. í s. 696 7168.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr til leigu. S. 894 0031.

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**Þessi fegurðardrottning er 33 ára í dag!!**
**Til hamingju með afmælið elsku frábæra Dagbjört.**

**Líf okkar hefur ekki verið samt eftir að þú komst með þitt fallega bros og lýstir upp tilveru okkar.**

**Og mundu að þó að fólk sé að segja að þú sért orðin gömul þá vitum við betur unga, fallega Dagga!!**
**Stærsta knús í heimi frá okkur til þín!!**

**Smáu skvísurnar og gæjinn!!**

kynning ...sjáumst!

**Sölu-og kynningarstarf**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur framúrskarandi sölu og kynningarfólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Um hlutastarf er að ræða. Vinnutíminn er frá 15-19 virka daga og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Helstu hæfniskröfur eru: Viðkomandi hafi ánægju af mannlegum samskiptum. Góða framkomu. Sé glaðvær, brosmildur, áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 ára og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband í s. 586 9000. Einnig má senda umsóknir á kynning@kynning.is

**Getur þú passað Benjamin 2 ára frá 1.júlí '07 til 1.maí '08?**
**Við erum ung, hress fjölsk. m/3 drengi (2,5,6 ára) og búum í Næstved á Sjálandi. Ef þú ert heiðarl., reykl., minnst 17 ára sem kann að meta börn væri gaman að heyra frá þér. Þú færð laun, eigið herb., inng. og bað.**
**Áhugas. sendi póst á lykkelig@mail.dk eða hringi í s. +45 55 74 87 78. Kv. Lykke & David Larsen**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir bílstjórum í kvöld & helgarvinnu.**
**Uppl. í s. 822 8840.**

KFC

**Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.**

Sól Pallar www.solpallar.is

**Sólpallar ehf**
**Vantar duglegan og handlaginn starfsmann í útivinnu. Smiðsmenntun er kostur en ekki skilyrði. Vinsamlegast sendið umsókn á solpallar@solpallar.is**

**Lítið verktakafyrirtæki**
**óskar eftir duglegum og reglusömum starfsmanni í múr, smíða og málningavinnu og annað tilfallandi.**
**Uppl. í s. 847 6391 & 891 9890.**

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Dag- og kvöldvinna**
**Rótgróið markaðsfyrirtæki** óskar eftir fólki á aldrinum 35 - 60+ til að vinna við úthringingar 5 daga vikunnar eða 2-5 kvöld vikunnar. Við sjáum um safnanir fyrir mörg af stærstu félagasamtökum landsins.
**Hæfniskröfur:**
Góð íslenskukunnátta (talað mál)
Upplýsingar eru veittar virka daga milli kl.10-20 í síma:
699 0005 (kvöldvinna)
og 869 0291 (dagvinna)

**Ríkið Snorrabraut.**
**Starfmenn vantar í kvöld og helgarvinnu.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Myndbandaleiga. Snorrabraut 56.**

**Vaktsjórar óskast**
**Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir vaktstjórum í kvöld og helgarvinnu.**
**Uppl. í s. 864 6112 & www.keiluhollin.is**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Vaktsjóra - Pizzabakara - Sendla - afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**
**óskar eftir starfsfólki í helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Blómaval Grafarholti**
**óskar eftir starfsfólki í helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 660 3055.**

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

**Góð aukavinna !**
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

Óskum eftir vönum bílstjóra með meirapróf á vörubíl. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 863 1755 e. kl. 17.30.

**Atvinna í boði**
Rafvirki óskast. Óskum eftir rafvirkja og aðstoðarm. í almenna raflagnavinnu. Uppl. í s. 899 1993 eða straumver@isl.is Straumver ehf.

## ATVINNA

Hive

**Vantar þig aukavinnu í sumar?**
Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma á milli 18:00-22:00, mánudaga til fimmtudaga.

Starfsmenn vinna 2-3 kvöld í viku og ef þú ert duglegur/dugleg og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnu umhverfi þá ert þú sá/sú sem við erum að leita að.

Áhugasamir hafið samband við Lárus í síma 845-7570 eða með tölvupósti á **larus@iphive.is**

Fasteignafélag á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmönnum í þrif á nýjum snyrtilegum íbúðum. Um er að ræða hlutastarf á fimmtudögum og föstudögum frá 9 til 16. Góð laun fyrir röska starfsmenn. Nánari upplýsingar í síma 821-1400

Starfsfólk óskast í kvöld og helgar vinnu í Söluturn í Kópavogi. Uppl. í s. 698 6313 Ásta.

Við leitum að unglingi 13-14 ára til aðstoðar í sveit á Suðurlandi. Starfið felst í kúarekstri, snúningum og aðstoð við létt innistörf. Vinsamlegast hafið samband í s. 847 3176 e.kl. 17.

Verkamenn, atvinna í boði. Vantar verkamenn í vinnu við hellulagnir og almenna jarðvinnu, upplýsingar í síma 6612288

Stórt þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vantar aðstoðarmann við umsjón fasteigna fyrirtækisins í sumar. Áhugasamir hafið samb. við Bjarna í s. 895 2807.

## Atvinna óskast

Ungum manni á uppleið bráðvantar sumarvinnu. Hef lokið 2 árum í Háskóla Íslands í Félagsvísindadeild. Sími 867 5139.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Bíl Stolið! fyrir aftan Háskólabíó þann 3.6. milli 20-22, Honda Civic '92, spoilerkit, 2 dyra, Skrán. RV343 Vitni hafi samband í s.866 6608 eða 112

## Tilkynningar



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

**Aðalfundur Gigtarfélagsins**

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 6. júní, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Ragnar Gunnar Þórhallsson kynna niðurstöður nefndar, Forsætisráðuneytisins um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar sem nú eru mjög í umræðu. Ragnar Gunnar var fulltrúi Öryrkjabandalagsins í nefndinni.

Allir velkomnir.

**Gigtarfélag Íslands**

## Áfengisráðgjafar

Hjá hjá Samtökum áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann starfa nú um 45 ráðgjafar við áfengis og vímuefnameðferð á hinum ýmsum starfsstöðvum Samtakanna.

Við viljum nú að fjölga í hópnum því eru nú auglýst laus störf áfengis og vímuefnaráðgjafa.

Um er að ræða áhugaverð störf þar sem kennsla og þjálfun fer fram skv. reglugerð Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytis nr 974/2006

Unnið er á vöktum á öllum starfsstöðvum SÁÁ.

Upplýsingar um störfin gefur Hjalti Björnsson dagskrárstjóri hjalti@saa.is sími 824 7620

Umsóknaeyðublöð eru hjá móttökuriturum á Vogi

Umsóknir berist SÁÁ, Stórhöfða 45, 112 Reykjavík í síðasta lagi 15. júní n.k. (eldri umsóknir óskast endurnýjaðar)

## Tollkvótar vegna innflutnings á smjöri og ostum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 31. maí 2007, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir innflutning á smjöri og ostum, fyrir tímabilið 1. júlí 2007 til 30. júní 2008.

**Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu landbúnðarráðuneytisins: www.landbunadarraduneyti.is**

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 8. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2007.

## ATVINNA

**Starfsfólk óskast í tískuvöruverslun, framtíðarstarf og sumarvinna.**

Upplýsingar í síma 534-4450 milli kl. 10:00 - 18:00.

## KÓPAVOGSBÆR

## Grunnskólar Kópavogs starf skólastjóra

### Staða skólastjóra við Smáraskóla laus til umsóknar.

**Grunnskólar Kópavogs**

*Grunnskólar í Kópavogi starfa samkvæmt samþykktri skólastefnu. Þar segir m.a: „Skólayfirvöld í Kópavogi leggja ríka áherslu á að grunnskólar bæjarins séu í fararbroddi og þróist í takt við það samfélag sem þeir þjóna. Grunnskólinn á að sýna stöðuga viðleitni til að skapa öllum íbúum bæjarfélagsins jöfn tækifæri til menntunar og þroska.“ (**www.kopavogur.is - fræðslusvið**).*

**Smáraskóli – helstu áherslur**

*Smáraskóli er heildstæður grunnskóli með um 490 nemendur. Í starfi Smáraskóla hefur áhersla verð lögð á fjölbreytta og nútímalega kennsluhætti og einnig hefur verið lögð áhersla á útivist og skipulögð hálendisferðalög nemenda í efstu bekkjum skólans. Sérstök áhersla hefur einnig verið lögð á markvisst tónlistaruppeldi.*

**Umsækjendur**

Við val í starfið verður stuðst við eftirtalin menntunar- og hæfnisskilyrði:

- Kennaramenntun og kennslureynslu.
- Reynslu af skólastjórn.
- Framhaldsnám í stjórnun eða öðrum greinum sem nýtast í skólastjórnun.
- Reynslu af foreldrasamstarfi.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða þekkingu á fjölbreytilegum kennsluháttum, áhuga á og hæfni til að skipuleggja krefjandi og skapandi skólastarf í samvinnu við kennara, foreldra og skólayfirvöld. Framtakssemi, samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar eru því nauðsynlegir.

**Skólasamningur**

Grunnskólar Kópavogs starfa samkvæmt skólasamningi sem kveður á um ákveðið fjárhagslegt svigrúm fyrir skólana. Markmiðið með því er að skapa skólunum aukna möguleika á fjárhagslegri hagræðingu til hagsbóta fyrir skólastarfið

**Ráðning**

Skólastjóri verður ráðinn frá og með 1. ágúst 2007. Ráðningarkjör eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ fyrir grunnskóla. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknir skulu berast Fræðsluskrifstofu Kópavogs, Fannborg 2, 200 Kópavogur, í síðasta lagi 11. júní 2007

Nánari upplýsingar veita Árni Þ. Hilmarsson, fræðslustjóri í síma 570 1600 og Þorsteinn Einarsson, starfsmannastjóri í síma 570 1500.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

## Tollkvótar vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 31. maí 2007, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir nautgripa-, svína- og alifuglakjöt, fyrir tímabilið 1. júlí 2007 til 30. júní 2008.

**Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu landbúnðarráðuneytisins: www.landbunadarraduneyti.is**

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 8. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2007.

## FASTEIGNIR

## EIGNIR ÓSKAST!

**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**

- Sérhæð (efsta hæð) í Rvk. eða Kóp. Allt að 40 milljónir.
- 4 herb. í hverfi 104 að 30 milljónir, helst uppgerðar.
- Lagerhúsnæði 100-150 fm. í Garðabæ eða Hafnarfirði.

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN



Jón Bjarni Jónsson
Sölufulltrúi
GSM: 896 1067
jonbjarni@logheimili.is



Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
GSM: 698 3600
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

## Tollkvótar vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

Með vísan til 65. gr. og 65 gr. A, laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 31. maí 2007, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á unnum kjötvörum, fyrir tímabilið 1. júlí 2007 til 30. júní 2008.

**Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu landbúnðarráðuneytisins: www.landbunadarraduneyti.is**

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 8. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2007.


# Hvað er að frétta?

Með púlsinn á markaðnum alla daga_



www.visir.is

**550 5600**

**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

# Forvörnin mín
# - vegleg verðlaun

Hvað gerir þú til að viðhalda góðri heilsu? Viltu taka þátt í forvarnarátaki Frumtaka?

Sendu okkur nokkrar línur í tölvupósti og segðu okkur frá því hvað þú gerir fyrir sjálfa/n þig, - hver er forvörnin þín? Stundarðu líkamsrækt, hugleiðslu, útivist, borðarðu hollan mat, - já, hvað gerirðu til þess að láta þér líða vel og viðhalda góðri heilsu?

Sendu stutta lýsingu frá þér í tölvupósti fyrir 17. júní n.k. **Vegleg verðlaun eru í boði.**
Helgarferð fyrir tvo í boði Icelandair til Parísar.

WWW.ICELANDAIR.IS



Þriggja manna dómnefnd velur besta svarið. Í dómnefndinni sitja Guðmundur Björnsson, læknir, Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri og Björn Leifsson, framkvæmdastjóri.

Úrslit verða tilkynnt 1. júlí n.k.
Það eina sem þú þarft að gera er að senda okkur nokkrar línur um forvörnina þína til frumtok@frumtok.is
Frumtök áskilja sér rétt til að nota það bréf sem verður fyrir valinu í forvarnarátaki sínu.

FRUMTÖK
Samtök framleiðenda frumlyfja

## Lífsstílssjúkdómar

### Hreyfing

Það eru aðeins tæplega 100 ár frá því að Íslendingar unnu flest verk með handafli. Róið var til fiskjar, tún slegin með orfi og ljá. Samgöngur voru takmarkaðar, flestir fóru fótgangandi milli staða, oft yrir fjallvegi og öræfi.

Nú er öldin önnur, tæknin hefur auðveldað okkur lífið svo um munar. Eitt mesta heilbrigðisvandamál nútímans er hreyfingarleysi. Nú er talið að 12% ótímabærra dauðsfalla verði fyrst og fremst vegna hreyfingarleysis.

Það er samfélagsleg skylda okkar að hugsa vel um heilsu okkar. Reglubundin hreyfing er einn mikilvægasti þátturinn hvað varðar gott heilsufar. Þeim tíma sem varið er til hreyfingar er því vel varið. Ein besta fjárfesting sem völ er á.

### Mataræði - Næring

Offita er hugsanlega alvarlegasta heilbrigðisvandamál aldarinnar. Ein ástæða offitufaraldursins er aukin neysla tilbúins matar og skyndibita. Þessir réttir eru iðulega með of mikilli fitu, salti og sykri.

Neysluvenjur þjóðarinnar breytast stöðugt. Með auknu vinnuálagi og aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu ver fjölskyldan æ minni tíma í að matreiða. Þá hefur neysla fisks dregist saman hér á landi. Rannsóknir sýna að íslenskar unglingsstúlkur skortir D vítamín. Þær taka sjaldan lýsi og yfir skammdegið fá þær ekki D vítamín frá sólinni. D vítamínskortur getur valdið beinþynningu síðar á ævinni.

Á Íslandi er nægjanlegt framboð hollrar fæðu. Nauðsynlegt er að haga verðlagningu matvæla á þann hátt að fólk neyti fremur hollrar fæðu. Þá er brýnt að matur í mötuneytum skóla og fyrirtækja sé í senn hollur og góður. Þeim fjölgar stöðugt hér á landi sem borða aðalmáltíð dagsins utan veggja heimilisins.

### Streita

Streita er flókið vandamál sem erfitt hefur verið að mæla og meta. Langvarandi streita getur verið mjög hættuleg og haft margs konar skaðleg áhrif á líkama og sál. Það er tiltölulega stutt síðan læknar áttuðu sig á tenglsum streitu og líkamlegra sjúkdóma.

Á undanförnum árum hefur streita og áhrif hennar á líkamann verið rannsökuð víða um heim. Niðurstöðurnar eiga það sameiginlegt að langvarandi streita hefur mun skaðlegri áhrif en áður var talið. Streita veikir ónæmiskerfið. Streita getur valdið hjartasjúkdómum. Þeir sem þjást af streitu eru lengur veikir en aðrir. Hún getur valdið minnisleysi og þeir sem þjást af langvarandi streitu eru svefnsæknari en þeir sem ekki eru haldnir streitu. Einstaklingar þurfa þó mismikinn svefn. Segja má að streita dragi úr lífsgæðum einstaklingsins.

Streita er alvarlegt heilsufarsvandamál. Íslendingar vinna almennt langan vinnudag. Fullyrða má að streita sé svipað heilsufarsvandamál hér á landi og annars staðar á Vesturlöndum. Rannsókn sem gerð var hér á Íslandi sýnir að 88% þeirra sem upplifa streitu í starfi eru andlega úrvinda eftir vinnudaginn.

Þó svo að streita sé alvarlegt heilsufarsvandamál, eru þó ýmsar leiðir til að takast á við hana. Í því mætti nefna slökun og líkamsrækt. En það sem skiptir þó höfuðmáli er að breyta daglegu lífi til að forðast þá þætti sem orsaka of mikla streitu, og að kunnna listina að njóta lífsins.

### Reykingar

Ef 360 Íslendingar létust árlega í umferðinni, - eða að eitt banaslys yrði á dag, væri ríkjandi neyðarástand. Ef 360 Íslendingar létust árlega í vinnuslysum, yrði gripið til víðtækra varnaraðgerða. Ef 360 Íslendingar létust árlega vegna hjálparstarfa erlendis, yrði þessari starfsemi hætt og fólkið kallað heim.

Staðreyndin er hins vegar sú að 370 Íslendingar látast árlega vegna tóbaksreykinga. Helming dauðsfallanna má rekja til hjarta og æðasjúkdóma.

Með því að takmarka reykingar eins og unnt er og grípa til margháttaðra aðgerða til að fá fólk til að hætta að reykja, má spara gríðarlegar fjárhæðir í heilsbrigðiskerfinu. Þessa peninga má nýta á annan hátt, t.d. til forvarna og fræðslu og í baráttuna gegn fíkniefnavandanum.

Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á heilsu sinni. Það er því góð ákvörðun, ákvörðun sem stuðlar að heilbrigðara og betra lífi, að reykja ekki eða að hætta að reykja.

Látum reykingar heyra sögunni til.

# Stuðlum að skynsamlegri umræðu um gagn og gildi lyfja fyrir samfélagið

**Fyrsti framkvæmdastjóri Frumtaka er Jakob Falur Garðarsson. Það kemur því í hans hlut að móta að talsverðu leyti starfsemi samtakanna. Að góðum íslenskum sið byrjum við á því að spyrja: Hver er maðurinn?**

Ég er Ísfirðingur. Það er alltaf mitt fyrsta svar við spurningu sem þessari, enda er ég þar fæddur og uppalinn, sonur kaupmannsins á horninu, Garðars Guðmundssonar, kaupmanns í Björnsbúð til áratuga og Jónínu Jakobsdóttur, kennara og síðar verslunarkonu. Það má segja að kaupmennska sé mér í blóð borin, enda faðir minn, afi og langafi, ásamt mýmörgum öðrum ættingjum úr föðurfjölskyldunni, verið viðloðandi kaupmennsku um langa tíð. Eiginkona mín, Vigdís Jakobsdóttir, leikstjóri og fræðslustjóri Þjóðleikhússins, er einnig frá Ísafirði. Við fluttum frá Ísafirði sumarið 1990 til Kantaraborgar á Englandi þar sem við vorum við nám í fjögur ár. Ég las stjórnmálafræði og alþjóðleg samskipti og hef fengist við ýmislegt frá því við komum heim sumarið 1994. Þar ber helst að nefna að um nokkurra ára skeið var ég framkvæmdastjóri Icepro, nefndar um rafræn viðskipti sem hýst var hjá Verslunarráði Íslands. Þá var ég aðstoðarmaður samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssonar, á hans fyrsta kjörtímabili sem ráðherra og loks starfaði ég í Brussel við fastanefnd Íslands gagnvart ESB fyrir hönd samgönguráðuneytis þar til ég réð mig til Frumtaka í byrjun síðasta árs og kom hingað til starfa s.l. vor.

**Hvað telur þú vera brýnustu verkefni Frumtaka?**

Brýnasta verkefnið að mínu mati er tiltölulega einfalt, þ.e. að stuðla að skynsamlegri og hófstilltri umræðu um gagn og gildi lyfja fyrir samfélagið almennt. Það er í raun með ólíkindum hve þversagnakennd afstaða er oft tekin í umræðu og umfjöllun um lyf. Almennt er viðurkennt að ný lyf geti gert kraftaverk og eins er almennt viðurkennt að hófstillt og rétt notkun lyfja skili sér til samfélagsins í heild sinni með nýtari þjóðfélagsþegnum. Á sama tíma er neikvæð umfjöllun um lyfjaframleiðendur furðu algeng og neikvæð afstaða og sleggjudómar sem ekki fá staðist settir fram án þess að tekið sé tillit til staðreynda og rökstuðnings. Það er því engin launung að tilgangur samtaka sem þessara sé að vinna að bættri ímynd gagnvart almenningi og vinna að framgangi þess að umræðan um lyfjamál sé á skynsamlegum nótum. Það er ekki síður mikilvægt verkefni gagnvart almenningi í ljósi ýmissa villandi upplýsinga í fjölmiðlum, þ.e. að reyna að efla og dýpka skynsamlega rökræðu

Í þessu sambandi er ég til að mynda að tala um almenna umræðu um lyfjaverð. Þar er of algengt að fullyrt sé að lyfjaverð hér á landi sé hið hæsta sem þekkist á byggðu bóli á meðan raunveruleikinn er allur annar. Vissulega hefur lyfjaverð á Íslandi verið tiltölulega hátt, eins og reyndar hefur verið raunin með verðlag á vel flestum sviðum. En á undanförnum árum hefur þessi veruleiki tekið grundvallarbreytingum, þannig að heildsöluverð frumlyfja á Íslandi í dag er hið sama og í samanburðarlöndum okkar. Þessi mikli árangur hefur náðst í góðu samstarfi við yfirvöld og hefur skilað því að 1. nóvember s.l. var heildsöluverðið ríflega 6% lægra hér á landi en í okkar helsta samanburðarlandi, Danmörku. Þetta er gríðarlegur árangur í lækkun lyfjaverðs hér á landi á tiltölulega stuttum tíma og mikilvægt að þessi árangur fái notið sannmælis í allri umræðu um lyfjaverð.

Neikvæð ímynd lyfjafyrirtækja er vissulega þekkt og í raun áhyggjuefni. Sú míta að þetta séu fyrirtæki sem hagnist á sjúkum og öldruðum er vel þekkt. Því teljum við mikilvægt að koma umræðunni á sanngjarnara stig og fræða fólk um starfsemina sem fram fer hjá lyfjaframleiðendum. Það er t.d. mikilvægt að auka skilning á nauðsyn þess að fyrirtæki í þessum geira skili góðum hagnaði, svo þau hafi áfram bolmagn til þess að sinna framþróun og rannsóknum. Siðferðileg gildi og hagnaðarvonin virðast oft benda í sitt hvora áttina og lyfjamarkaðurinn er engin undantekning þar á. Þarna er mikilvægt að upplýst umræða fari fram. Og svo ég nefni aftur lyfjaverðið, þá er ekki síður mikilvægt að reynt sé að auka skilning almennings á hinu flókna fyrirbæri sem lyfjaverðið er í raun. Aðildarfyrirtæki Frumtaka hafa afskipti af innkaupsverði dreifingarfyrirtækja og heildsöluverði en aðrir þættir, svo sem álagning í smásölu, virðisaukaskattur, greiðsluþátttaka almannatrygginga og afslættir apóteka, ráða endanlegu verði til neytandans. Kerfið er því margslungið og umræða um verð og samanburður á lyfjaverði milli landa er flókinn og erfiður.

Þá er ekki síður mikilvægt að sú staðreynd fái notið sannmælis að þó kostnaður við notkun nýrra lyfja geti vissulega verið mikill, þá er oft á tíðum komið í veg fyrir mun meiri útgjöld annars staðar í heilbrigðiskerfinu í staðinn þegar til lengri tíma er litið. Þegar horft er til reksturs heilbrigðiskerfisins verður að hafa hugfast að það að spara aurinn á einum stað, getur í raun þýtt að krónunni sé kastað á öðrum. Þessi sígilda og einfalda speki á ótrúlega oft við þegar rætt er um kostnað vegna lyfjanotkunar, því rétt notkun góðra lyfja skilar sér þegar á heildina er litið með miklum ávinningi fyrir samfélagið allt.



*Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka.*

Einnig vil ég sérstaklega nefna sem brýnt verkefni fyrir samtök sem þessi, að geta komið fram fyrir hönd aðildarfyrirtækjanna, t.d. gagnvart yfirvöldum, og talað máli þeirra einum rómi. Við sjáum mörg fordæmi fyrir hagsmunasamtökum sem þessum þar sem skiptir miklu fyrir fyrirtækin að hafa einn sameiginlegan málsvara.

**Hvernig hefur samtökunum verið tekið og í framhaldi af því, - hverjir eru helstu samstarfsaðilar Frumtaka?**

Ég held að almennt megi segja að samtökunum hafi verið vel tekið og að þau séu smátt og smátt að festa sig í sessi sem málsvari aðildarfyrirtækja sinna. Almennt má segja að okkar helstu samstarfsaðilar séu annars vegar FÍS, þ.e. Félag íslenskra stórkaupmanna, og hins vegar systursamtök okkar í Danmörku. Við leigjum skrifstofuaðstöðu hjá FÍS í Húsi verslunarinnar og höfum aðgang að ýmissi þjónustu hjá þeim sem skiptir Frumtök miklu máli. Þá er um þessar mundir verið að setja á laggirnar tvö spennandi verkefni hjá Háskóla Íslands sem við bindum miklar vonir við varðandi samstarf, þ.e. annars vegar nýstofnuð Rannsóknarstofnun um lyfjamál og hins vegar Þekkingarsetur í lyfjafræði sem er í undirbúningi á vegum Hagfræðistofnunar Háskólans.

**Hver er ástæða þess að þið vinnið að forvörnum?**

Hún er mjög einföld og lýtur í raun að þeirri grundvallarheimspeki sem velflest lyfjafyrirtæki hafa mótað sér, þ.e. að bera virðingu fyrir lífi og líðan fólks. Í því ljósi er eðlilegt að leggja áherslu á fræðslu og forvarnir, að fylgja eftir því gamla og góða gildi að heilbrigð sál býr í hraustum líkama. Þetta er grundvallarstaðreynd sem lyfjafyrirtækin gera sér sérlega vel grein fyrir og því er eðlilegt að við viljum skipa okkur sess í umræðu sem þessari. Þá skiptir einnig máli í þessu samhengi að árangursrík heilsugæsla er samstarfsverkefni yfirvalda, almennings og heilbrigðisstétta og lyfjafyrirtækin gera sér fyllilega grein fyrir því að þar er samfélagsleg ábyrgð þeirra óumdeild. Varðandi almenna fræðslu, þá er engum vafa undirorpið, að okkur ber að greina skilmerkilega frá möguleikum nýrra lyfja og bóluefna og á hvaða hátt þau geti gagnast skjólstæðingum heilbrigðisstétta, auk þess að gera grein fyrir mögulegum aukaverkunum. Fræðsla er sívaxandi þáttur í nútíma læknisfræði og því lítum við svo á að í markmiði laga um heilbrigðisþjónustu, þ.e. *að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita* felist réttur hvers einstaklings til að geta tekið ábyrgð á eigin heilsu í krafti nægrar þekkingar. Þannig eigi allir landsmenn rétt á hlutlægum, aðgengilegum og vönduðum upplýsingum um forvanir, sjúkdóma og framboð meðferðarúrræða. Hluti af þessari umræðu um forvarnir og fræðslu tengist umræðunni um gæði lyfja og gæði heilbrigðisþjónustunnar almennt, en almennt er viðurkennt að gæði heilbrigðisþjónustu er einn helsti mælikvarði á lífsgæði í nútímasamfélagi og þar gegna lyf lykilhlutverki. Frumlyfjafyrirtækin þjóna landsmönnum á ábyrgan hátt með því að veita læknum og sjúklingum öruggan aðgang að bestu fáanlegu lyfjum og bóluefnum sem fyrirbyggja, meðhöndla og lækna sjúkdóma og fólki er þannig gert kleift að líða betur, lifa lengur og áorka meiru. Þess vegna viljum við vinna að forvörnum og fræðslu.

**Lyfjamál eru flókinn málaflokkur. Í stuttu máli; hvað er það sem fólk misskilur helst þegar rætt er um lyf?**

Ég held að almenningur eigi oft erfitt með að skilja þann gríðarlega kostnað sem er samfara rannsóknum og þróun á nýjum lyfjum og þar með að yfirfæra hann yfir á þau lyf sem á endanum koma til notkunar. Staðreyndin er nefnilega sú, að aðeins örlítið brot þeirra rannsókna og þróunarverkefna sem sífellt er unnið að, skilar á endanum lyfi til notkunar. Og það er ekki síður athyglisverð staðreynd, að þó svo að stórkostlegar framfarir hafi átt sér stað á undanförnum áratugum, þá er staðreyndin enn sú að ekki hafa verið fundin upp lyf við nema broti af þeim kvillum sem hrjá mannkynið. Aftur vil ég árétta hve miklu skiptir að almenningur skilji mikilvægi þess að ávinningur af notkun nýrra lyfja skili sér til sjúklinga og að samfélagið í heild njóti þess virðisauka sem hlýst af þróun og framleiðslu nýrra lyfja.

**Hvernig vilt þú sjá stöðu íslenskra lyfjamála eftir 4 ár?**

Almennt vil ég að okkur takist að vinna gegn vanþekkingu og fordómum sem grafa undan því gagni sem lyf gera. Til þess að það megi gerast þarf markvisst að halda á lofti þeim ávinningi og virðisauka sem ný lyf og bóluefni færa sjúklingum, heilbrigðiskerfinu og þjóðarbúinu í heild. Þess vegna má síst láta hjá líða að horfa á gildi forvarna, heildarmynd meðferðarkostnaðar og samspil heilbrigðisútgjalda og hagvaxtar. Lausnarorðið á þessu sviði eins og svo víða annars staðar er fordómalaus þekking. Ef það yrði raunin í því umhverfi sem lyfjafyrirtækin starfa í eftir fjögur ár yrði ég verulega sáttur.

**Að lokum, Jakob; hvaða áhugamál átt þú önnur en vinnuna?**

Mér þykir mest gaman að vera með þeim sem mér þykir vænst um og þar eru t.a.m. leikhúsferðir með konunni eða sundferðir með börnunum mínum hátt skrifaðar sem áhugamál. Þá hef ég líka sérlega gaman af því að fara út að hjóla. Nýverið var ég svo kosinn formaður Ísfirðingafélagsins hér í Reykjavík og er viðbúið að ýmislegt vafstur í kringum það verði fyrirferðamikið á næstunni, enda óhætt að segja ræturnar vestur og ræktun þeirra vera mikið áhugamál. Ég hef miklar mætur á heimahögunum og vil veg þeirra sem mestan og hlakka því til að taka það áhugamál áfram á nýjum vettvangi.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.090 **-0,60%**

**Fjöldi viðskipta:** 637
**Velta:** 6.422 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ACTAVIS | +1,82% | ATLANTIC PETROL. | -10,16% |
| ÖSSUR | +0,92% | FLAGA | -1,46% |
| MOSAIC | +0,60% | ALFESCA | -1,38% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,77 -0,27% ... Actavis 84,00 +1,82% ... Alfesca 5,01 -1,38% ... Atlantic Petroleum 1.257,80 -10,16% ... Atorka 8,02 -0,99% ... Bakkavör 70,30 -0,28% ... Eimskipafélagið 42,45 -0,12% ... FL Group 28,80 -0,86% ... Glitnir 28,20 -0,35% ... Kaupþing 1.090 -1,00% ... Landsbankinn 37,05 -0,94% ... Marel 84,90 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,80 +0,60% ... Straumur-Burðarás 21,20 -0,47% ... Össur 110,00 +0,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Snörp lækkun í Kína

Gengi bréfa í kauphöllinni í Sjanghæ í Kína lækkaði um tæp 8,3 prósent við lokun markaðar í gær vegna ótta fjárfesta um að Kínastjórn hafi í bígerð að hækka fjármagnstekjuskatt til að draga úr veltu á hlutabréfamarkaði. Margir losuðu sig við bréf sín vegna þessa. Áhrifanna gætti á helstu mörkuðum í Bandaríkjunum og í Evrópu.



**DAPRIR FJÁRFESTAR** Fjárfestar urðu skelfingu lostnir í gær þegar fréttist að Kínastjórn hefði í hyggju að grípa til aðgerða til að kæla hlutabréfamarkaðinn í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gengi hlutabréfa í Kína hefur þrefaldast í verði síðan í janúar í fyrra, þar af tvöfaldast frá áramótum. Er þar um að kenna mikilli eftirspurn eftir kínverskum hlutabréfum á innanlandsmarkaði. Varað hefur við því að bóla sé að myndast á kínverska markaðnum sem geti sprungið fyrirvaralaust með alvarlegum afleiðingum.

Kínastjórn brást við með því að þrefalda stimpilgjöld til að draga úr viðskiptum með hlutabréf í síðustu viku. Afleiðingarnar urðu þær að gengi bréfa lækkaði um sex prósent. Fréttaveitan Bloomberg hefur eftir greinanda hjá belgíska bankanum Fortis að fjárfestar séu uggandi um þróun mála. Verði leiðrétting á kínverskum hlutabréfamarkaði geti það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, að hans sögn. **- jab**

# Nýskráningum fækkar

Nýskráningum bíla á fyrsta fjórðungi ársins fækkaði frá í fyrra. Sé litið til fyrstu fjögurra mánaða ársins er fjöldinn hins vegar svipaður en nýskráningar jukust um 66 prósent í maí.

Greiningardeild Landsbankans segir þetta árstíðabundna aukningu auk þess sem reikna megi með því að gengishækkun hafi töluverð áhrif. Til samanburðar dró úr nýskráningum þegar gengið lækkaði í fyrra.

Deildin bendir á að styrking ætti að leiða til verðlækkanna á bílum. Það hafi hins vegar ekki sést í verðskrám bílaumboðanna. Á móti séu tilboð orðin áberandi. **- jab**

# Tap hjá Mylan Lab

Bandaríska lyfjafyrirtækið Mylan Laboratories skilaði tapi upp á 71,3 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 4,4 milljarða króna, á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta er nokkur viðsnúningur í rekstri félagsins frá sama tíma í fyrra en þá nam hagnaðurinn 57,6 milljónum dala.

Mylan hefur staðið í miklum fyrirtækjakaupum það sem af er ári og hafði meðal annars betur í baráttunni um kaup á samheitalyfjahluta þýska lyfjarisans Merck um miðjan mánuðinn. Greiðir það 6,7 milljarða dala, 415 milljarða króna, fyrir hlutinn. Atti fyrirtækið þar kappi við mörg stórfyrirtæki í lyfjageiranum, þar á meðal Actavis.

Helsta ástæðan fyrir taprekstri Mylan eru kaup á indverska lyfjafyrirtækinu Matrix Labs á fjórðungnum og afskriftir eigna upp á 147 milljónir dala, rúman 9,1 milljarð króna. **- jab**



**ÚR RANNSÓKNASTOFU MERCK** Bandaríska lyfjafyrirtækið Mylan, sem keypti samheitalyfjahluta Merck í mánuðinum, skilaði taprekstri á fyrstu þremur mánuðum ársins. MARKAÐURINN/AFP

# Hvetur Íslendinga að kaupa

Landstjórn Færeyja hefur ákveðið að einkavæða Føroya Banka, stærsta banka Færeyja. Frá og með hinum 11. júní verða 66 prósent hlutabréfa hans til sölu. Er áætlað að útboðinu ljúki hinn 19. júní en í fyrsta lagi hinn 13. júní klukkan 15 að íslenskum tíma.

Heildarfjöldi útgefinna hluta er tíu milljónir og er hver þeirra tuttugu danskar krónur að nafnvirði. Í útboðinu eru í boði sex milljónir hluta. Að auki er heimild til umframúthlutunar 600 þúsund hluta. Er áætlað að verð hlutanna muni liggja á bilinu 162 til 189 danskra króna.

Hlutabréf bankans verða skráð í Kauphöll Íslands og í kauphöllinni í Kaupmannahöfn. Íslenska kauphöllin verður aðalskráningarstaður bréfanna. Áætlað er að viðskipti með bréf í bankanum hefjist í kauphöllunum í kringum 21. júní.

Janus Petersen, forstjóri Føroya Banka, segir mikils áhuga hafa gætt á einkavæðingarferli bankans, ekki síst meðal íslenskra fjárfesta. Hann segist eiga von á að færeyskur almenningur taki þátt í útboðinu og hvetur íslenskan almenning til að gera slíkt hið sama. **- hhs**



**FRÁ ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM** 66 prósent af hlutafé Føroya Banka eru til sölu frá og með 11. júní.

# Yfirtaka enn á döfinni

Baugur Group hefur enn í hyggju að leggja fram yfirtökutilboð í Mosaic Fashions í nafni Newco, nýstofnaðs dótturfélags. Stjórn Mosaic greindi frá því í gær að hún hefði fengið staðfestingu frá Baugi þess efnis og viðræður væru í gangi á milli hennar og fulltrúa Baugs.

Um mánuður er liðinn síðan tilkynnt var að viðræður ættu sér stað um að Baugur og fleiri fjárfestar legðu fram formlegt tilboð í Mosaic upp á 17,5 krónur á hlut. Miðað við það er virði Mosaic um 51 milljarður króna.

Síðasta viðskiptagengi Mosaic, sem er móðurfélag nokkurra tískuverslanakeðja, var 16,8 sem er um fjórum prósentum undir væntanlegu tilboðsverði. **- eþa**



**Á LEIÐ INN Í GÖNGIN** Spölur hagnaðist um 89 milljónir króna á rekstri Hvalfjarðarganga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Afkoman í takt við spár

Spölur, rekstrarfélag Hvalfjarðarganga, skilaði hagnaði upp á 89 milljónir króna á fyrri helmingi síðasta rekstrarárs, sem stóð frá 1. október í fyrra til 31. mars í ár. Þetta er talsvert betri afkoma en í fyrra þegar félagið skilaði tapi upp á 83 milljónir króna.

Sjö prósentum fleiri ökutæki fóru um Hvalfjarðargöng á tímabilinu en í fyrra. Þau voru 790 þúsund talsins nú og tók Spölur inn 399 milljóna króna veggjald á tímabilinu, sautján milljónum meira en fyrir ári.

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir í tilkynningu afkomuna í takt við áætlanir. **- jab**


# Hlutabréf til sölu í ört vaxandi banka

FØROYABANKI

### Norræn banki í örum vexti

Føroya Banki er einn stærsti banki Færeyja með 44% markaðshlutdeild í útlánum og 39% hlutdeild á innlánamarkaði. Bankinn er með 20 útibú í Færeyjum og viðskiptavinum, jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum og stofnunum, fjölgar óðum. Stöðugt býðst betri þjónusta, fagmennska og sérþekking á ýmsum sviðum starfseminnar.

Að bankanum standa reyndir stjórnendur og stefnan er sú að Føroya Banki verði leiðandi í fjármálastarfsemi í Færeyjum og geti boðið valda fjármálaþjónustu á alþjóðlegum vettvangi.

### Traustar tekjur

Á árinu 2006 var hagnaður Føroya banka fyrir afskriftir útlána og skatta 125 milljónir danskra króna, lánastarfsemi jókst um 33% og var 5,4 milljarðar danskra króna. Hagnaðurinn hélt áfram að aukast á fyrsta ársfjórðungi ársins 2007 og nam fyrir afskriftir útlána og skatta 49 milljónum danskra króna. Bankinn áætlar að hagnaður fyrir afskriftir útlána og skatta á árinu 2007 verði alls um 145–165 milljónir króna.

Helstu markmið bankans eru 10% samfelldur meðalvöxtur á ári hvað varðar hreinar vaxtatekjur og þóknanir og 12% langtímahagnaður eftir skatta af hlutafjáreign.

### Hlutabréfakaup

Føroya Banki er nú í eigu færeysku landsstjórnarinnar í gegnum sérstakan sjóð frá 1992 sem kallast Fíggingargrunnurin eða Financing Fund of 1992.

Landsstjórn Færeyja hefur ákveðið að einkavæða bankann og allt að 66% af hlutafé hans er nú til sölu. Sótt hefur verið um skráningu hlutabréfa Føroya Banki í Kauphöll Íslands (ICEX) og hjá Copenhagen Stock Exchange (CSE) í Danmörku.

Heildarfjöldi útgefinna hluta er 10.000.000, hver hlutur er 20 danskar krónur að nafnverði, og eru 6.000.000 hlutir boðnir til sölu í útboðinu. Að auki er heimild til umframúthlutunar 600.000 hluta. Áætlað er að verð liggi á bilinu 162 og 189 danskar krónur á hlut, verð ákvarðast með áskriftarverðlagningu (e. book-building).

Tímabil útboðs stendur yfir frá og með 11. júní 2007 og er reiknað með að því ljúki 19. júní. Útboðinu lýkur í fyrsta lagi 13. júní 2007 kl. 15.00 að íslenskum tíma. Hægt er að loka fyrir áskriftir að andvirði 2.000.000 danskra króna og minna í almennum hluta útboðsins óháð öðrum hluta útboðsins. Skráning á ICEX og CSE undir auðkenninu FO-BANK er fyrirhuguð 21. júní 2007.

Hægt er að nálgast lýsingu á slóðunum www.landsbanki.is, www.handelsbanken.dk eða á vefsetri Føroya Banka www.foroya.fo frá 4. júní 2007 og þar til útboðstímabili lýkur. Hægt er að óska eftir prentútgáfu af lýsingu í útibúum Landsbankans. Fjárfestar sem hafa áhuga á að leggja fram tilboð þurfa að fylla út rafrænt eyðublað á www.landsbanki.is.

Þórshöfn 5. júní 2007

FØROYA BANKI · Húsagøta 3 · P.O. Box 3048 · FO-110 Þórshöfn · Færeyjum
Sími +298 330 330 · Fax +298 330 001 · Netfang info@foroya.fo · www.foroya.fo

www.foroya.fo

REPROZ



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Elín Sigurðardóttir

Fögrukinn 9, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu aðfaranótt sunnudags 3. júní. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 8. júní og hefst kl. 15.00.

**Trausti Ó. Lárusson**
**Auður Traustadóttir** **Guðmundur Á. Tryggvason**
**Anna Kristín Traustadóttir**
**Sigrún Traustadóttir**
**Óskar Lárus Traustason** **Guðrún Pálsdóttir**
**Elín Ósk, Trausti, Svava Dís, Bjarni, Tryggvi, Páll Arnar og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

## Elís Stefán Andrésson

vélstjóri, Bogahlíð 14, Eskifirði,

lést á heimili sínu föstudaginn 1. júní. Útförin fer fram laugardaginn 9. júní kl. 14.00 í Eskifjarðarkirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Aðalheiður Ingimundardóttir**
**Ingimundur Elísson** **Halla Jóhannesdóttir**
**Guðni Þór Elísson** **Lára Metúsalemsdóttir**
**Andrés Elísson** **Svana Guðlaugsdóttir**
**Njóla Elísdóttir** **Jón G. Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

## Guðlaug Sigurjónsdóttir

Borgarbraut 16, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 7. júní kl. 14.00.

**Úlfar Gunnar Jónsson** **Charlotta Þórðardóttir**
**Lára Jónsdóttir** **Magnús Guðbrandsson**
**Rannveig Jónsdóttir** **Steinar Guðbrandsson**
**Sigurjón Jónsson** **Elísabet Guðnadóttir**
**Ásta Jónsdóttir** **Páll Hjaltalín**
**Anna Jónsdóttir** **Guðmundur Pétursdóttir**
**Jóna Jónsdóttir** **Guðbrandur Guðbrandsson**
**Baldur Jónsson** **Jóhanna Skúladóttir**
**Ragnar Jónsson**
**Hulda Jónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

## Klementína Margrét Klemenzdóttir

lést á heimili sínu Hagamel 31 miðvikudaginn 30. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Margrét Björgvinsdóttir** **Þráinn Viggósson**
**Magdalena Björgvinsdóttir**
**Kolbrún Björgvinsdóttir**
**Dröfn Björgvinsdóttir** **Þorgeir Jónsson**
**Mjöll Björgvinsdóttir** **Ólafur Stefánsson**
**Drífa Björgvinsdóttir** **Benedikt Þ. Gröndal**
**Hrönn Björgvinsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

## Egill Egilsson

vélvirki, Furugrund 75, Kópavogi,

lést að heimili sínu föstudaginn 25. maí 2007. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 5. júní kl. 13.00.

**Elin Egilsdóttir Phifer og fjölskylda**
**Jón Andrésson og fjölskylda**
**Anna Þóra Sigurþórsdóttir og fjölskylda**
**og aðrir aðstandendur.**

**RONALD REAGAN LÉST 5. JÚNÍ ÁRIÐ 2004, 93 ÁRA AÐ ALDRI**

*„Stjórnvöld leysa ekki vandamál, þau einfaldlega endurraða þeim.“*

***Ronald Reagan var bandarískur leikari og forseti Bandaríkjanna frá 1981 til 1989.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. JÚNÍ 1968

# Bobby Kennedy myrtur

Robert Kennedy, öldungadeildarþingmaður og bróðir hins myrta forseta John F. Kennedy, var skotinn á Ambassador-hótelinu í Los Angeles þennan dag árið 1968. Skotárásin átti sér stað stuttu eftir að Kennedy hélt þrumandi sigurræðu yfir stuðningsmönnum sínum en hann hafði þá unnið áfangasigur í forkosningum í Kaliforníuríki. Kennedy var á leið út um bakdyr á hótelinu þegar hinn 22 ára palestínski Sirhan Sirhan vatt sér upp að honum með upprúllað kosningaplakat þar sem hann faldi byssu sína. Hann var aðeins í nokkurra skrefa fjarlægð þegar hann skaut nokkrum skotum að Kennedy. Sirhan var yfirbugaður en þá höfðu fimm manns særst. Sirhan játaði verknaðinn við réttarhöld og var dæmdur til dauða. Dómurinn var afturkallaður árið 1972 og hefur Sirhan setið í fangelsi síðan.



ROBERT KENNEDY



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hafliði Ottósson

Aðalstræti 4, Patreksfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík sunnudaginn 3. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ragnar Hafliðason** **Áslaug Sveinbjörnsdóttir**
**Rafn Hafliðason** **Anna Gestsdóttir**
**Torfey Hafliðadóttir**
**Ottó Hafliðason**
**Guðrún Hafliðadóttir**
**Ari Hafliðason** **Guðrún Leifsdóttir**
**Róbert Hafliðason** **Sigurósk Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,*

## Jón Ólafsson

skipstjóri, Hellisgötu 34, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala fimmtudaginn 31. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 7. júní kl. 15.00.

**Snorri Jónsson**
**Stella Leifsdóttir** **Davíð Ingibjartsson**
**Páll Th. Markan** **Alfa Lind Markan**
**Viktoría Valgerður Ólafsdóttir**
**Jóhanna Oddný Ólafsdóttir**
**barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Arndís Þórðardóttir

frá Akranesi,

sem lést á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, laugardaginn 2. júní 2007 verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 8. júní kl. 14.00.

**Ragnheiður Björgvinsdóttir Villaverde** **Manuel Villaverde**
**Valdimar Björgvinsson** **Jóhanna L. Jónsdóttir**
**Þórður Björgvinsson** **Sigfríð Stefánsdóttir**
**Ólöf Björgvinsdóttir** **Guðjón Þ. Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn og faðir okkar,*

## Þórir Kristjánsson

matreiðslumaður,

sem lést á Kanaríeyjum 28. janúar sl. verður jarðsunginn frá kirkju Óháða safnaðarins fimmtudaginn 7. júní kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hugarafl kt. 460204-2240 b. 0303-13-000429

**Guðrún Vernharðsdóttir**
**Nanna Þórisdóttir**
**Ragnar Þórisson**



*Systir mín og frænka okkar,*

## Margrét Guðný Tómasdóttir „Gógó“

Hringbraut 50, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 29. maí, verður jarðsungin miðvikudaginn 6. júní kl. 15.00 frá Kapellu Hafnarfjarðarkirkjugarðs.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bryndís Tómasdóttir**
**Tómas Guðnason**
**Þórarinn Guðnason**
**Eiríkur Eiríksson**
**Auðunn Eiríksson**



*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

## Þórður G. Finnbjörnsson

flugstjóri

lést 3. júní.

**Elísabet Elíasdóttir**
**Sigríður Þórðardóttir** **Pétur K. Hlöðversson**
**Viðar Bragi Þórðarson**
**Þorbjörg Auður Þórðardóttir**
**Ragnheiður Bára Þórðardóttir** **Timo Jenssen**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Lilja Guðmundsdóttir

Drekagili 14, Akureyri,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð aðfaranótt laugardagsins 26. maí. Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13:30.

**Gunnar Bergur Árnason**
**Guðmundur Örn Gunnarsson** **Helena Gunnlaugsdóttir**
**Jóhanna Arnleif Gunnarsdóttir** **Vilbergur Kristinsson**
**Erna Hildur Gunnarsóttir** **Gunnar Magnús Guðmundsson**
**og barnabörn**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242** • **Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



**ANNA MARÍA PÁLSDÓTTIR** Leiðir fólk í allan sannleikann um grasafræðinginn Carl von Linné. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

CARL VON LINNÉ: 300 ÁRA AFMÆLI BRAUTRYÐJANDA

# Ganga, fræðsla, tedrykkja og terta

Grasagarðurinn í Laugardal fagnar 300 ára fæðingarafmæli grasafræðingsins Carls von Linné í kvöld með gönguferð, fræðslu, tedrykkju og tertu. Mæting er við lystihúsið klukkan 20.00 og allir eru velkomnir endurgjaldslaust.

Anna María Pálsdóttir garðyrkjukandidat ætlar að leiða gönguna og fræða fólk um líf og störf hins sænska læknis, dýra-og grasafræðings Carls von Linné. Hann var uppi frá 1707 til 1778 og var afkastamikill fræðimaður. Það sem haldið hefur nafni hans á lofti er sá grunnur sem hann lagði að flokkunarfræði dýra og jurta því hann bjó til svokallað tvínafnakerfi tegundanna. Hann gaf til dæmis hverri plöntutegund tvö latnesk nöfn. Skipaði einnig ættkvíslum saman í flokka eftir fjölda og gerð fræfla og skipti flokkunum í ættbálka eftir gerð fræva. Sem dæmi má nefna að íslenska ilmbjörkin (birkið) heitir Betula pubescens. Betula er ættkvíslin og pubescens tegundarheitið. Um fjörutíu tegundir eru til innan Betula ættkvíslarinnar og fyrir utan ilmbjörkina er ein þeirra hér á landi. Það er fjalldrapinn sem nefnist Betula nana.

Carl von Linné var prófessor við Uppsalaháskóla og hafði fjölda lærlinga. Hann var duglegur kennari og nemendur hans




**GRASAFRÆÐINGUR** Hinn sænski læknir Carl von Linné fann upp tvínafnakerfið í jurta- og dýraríkinu.

héldu merki hans hátt á lofti. Þeir voru líka iðnir við að fara í rannsóknarleiðangra og senda honum sýnishorn af plöntum. Einnig fékk hann gömul plöntusöfn frá fyrri tíð og notaði upplýsingar úr þeim til að nefna plönturnar. Síðar tók hann dýrin fyrir. Hann var meira að segja sá sem gaf manninum nafnið Homo sapiens.

Þetta mun Anna María eflaust rifja upp í kvöldgöngunni í Grasagarðinum. Þar er frjáls mæting og eftir gönguna verður boðið upp á afmælisköku og te af piparmyntu sem vex í garðinum.

gun@frettabladid.is



**HLÝNUN JARÐAR** Bráðnun íss – brennandi mál? er yfirskrift alþjóðadags umhverfisins.

# Bráðnun íss rædd á degi umhverfisins

Alþjóðadagur umhverfisins er haldinn hátíðlegur í yfir hundrað löndum í dag 5. júní. Yfirskrift dagsins í ár er Bráðnun íss – brennandi mál? Á það vel við enda er Alþjóða heimskautsárið 2007-2008 haldið hátíðlegt um þessar mundir.

Sameinuðu þjóðirnar standa að alþjóðadegi umhverfisins og hafa gert frá 1972. Tilgangur hans er að minna almenning og stjórnvöld á mikilvægi umhverfisins og til að gera umhverfismál sýnileg.

Á hverju ári er ein borg valin til að vera í fararbroddi fyrir alþjóðaumhverfisdeginum og helgast áherslurnar að nokkru leyti af staðsetningu hennar í heiminum. Í ár er það Tromsö í Noregi. Þar var í nýlega kynnt skýrsla sjötíu vísindamanna um ógnvekjandi framtíðarsýn um áframhaldandi hlýnun jarðar.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

35-60%
afsláttur

Lagersala



HELLUBORÐ
ÍSSKÁPAR
ÞURRKARAR
OFNAR
HÁFAR
GASELDAVÉLAR
SMÁVÖRUR
RYKSUGUR

vilborg@centrum.is

Lagersala Eirvíkur að Suðurlandsbraut 20

Opið frá kl. 10:00 til kl. 18:00 mánudaga til föstudaga, lokað á laugardögum í sumar

Missið ekki af þessu einstaka tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.

smeg hönnun og gæði | elica COLLECTION | General Electric | Roblin | LIEBHERR | Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is



# 80 ára

Í dag 5. júní verður

## Geir Valdimarsson

Sandabraut 10, Akranesi,

áttræður.

Þau hjónin taka á móti vínum og vandamönnum laugardaginn 9. júní kl. 17 í félagsheimilinu Miðgarði.

# STUÐ MILLI STRÍÐA: Einföld heimsmynd

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** UPPLIFÐI UNDARLEGA STJÓRNMÁLASKÝRINGU



Það getur oft verið nauðsynlegt að einfalda heimsmyndina fyrir börnum svo þau skilji að minnsta kosti hluta þess flókna samspils sem hún er. Ég og kona mín höfum stundum gripið til þessa ráðs þegar sonur okkar hefur spurt spurninga þar sem svörin eru, að okkar mati, of flókin fyrir hann. Slík einföldun getur þó stundum flækt málin enda eru börn oftast mun skýrari en foreldrar þeirra.

Stjórnmál eru eitt heitasta umræðuefni fjölskyldunnar. Í raun er það svo að stórfjölskyldan dreifir sér vítt og breitt yfir hið pólitíska litróf. Fjölskylduboðin geta því oft á tíðum orðið ansi heit.

Þegar sveitarstjórnarkosningarnar stóðu sem hæst fyrir um ári fylgdust við grannt með úrslitunum á netinu. Sáum minnstóra súlur í öllum regnbogans litum birtast á skjánum og blótuðum eða fögnuðum eftir því sem við átti. Sonur okkar fylgdist forviða með æsingnum og spurði að lokum hvað væri um að vera. Svörin létu ekki á sér standa. „Sko. Fólkið er að kjósa um hverjir eigi að stjórna og stóru súlurnar sýna hverjir eru að vinna. Bláu og grænu litirnir tákna vondu kallana. Þeir hugsa bara um peninga,“ var svar móðurinnar, sem hélt ótrauð áfram sinni skeleggu stjórnmálaskýringu: „Rauðu og appelsínugulu litirnir eru hins vegar góðu kallarnir. Þeir vilja að öll börn geti farið á leikskóla og svo hugsa þeir líka um gamla fólkið.“

Vissulega voru þessi svör ekki til að einfalda lífið fyrir þeim stutta. Einn afa hans var jú í græna liðinu, annar í því rauða, sá þriðji í því appelsínugula og guðfaðir hans í því bláa.

Sá stutti var engu að síður fljótur að átta sig á þessum leik enda uppfullur af baráttunni á milli góðs og ills, sögunni af Zorro, Hróa hetti og öðrum hetjum. Það liðu enda ekki nema örfáar mínútur þar til hann varð ósáttur við stjórnmálaskýrandann sinn sem hafði neitað honum um sælgæti og sagði: „Ojjj....hvað þú ert vond mamma. Þú hugsar bara um peninga.“







## Súpersól til Búlgaríu

11., 18. og 25. júní

frá **kr. 39.995**

Allra síðustu sætin

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú frábært tilboð til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Verð kr. 39.995**
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi í viku Aukavika kr. 10.000. Ath. Súpersólar tilboð 25. júní kr. 5.000 aukalega á mann.

**Verð kr. 44.990**
Netverð á mann m.v. tvíbýli með morgunverði í viku. Aukavika kr. 10.000. Ath. Súpersólar tilboð 25. júní kr. 5.000 aukalega á mann. aukalega á mann.

TERRA NOVA – SPENNANDI VALKOSTUR
Skógarhlíð 18 – 105 Reykjavík – sími 591 9000
Akureyri – sími 461 1099 • Hafnarfirði – sími 510 9500
www.terranova.is


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott






# Lyginni líkast!

Á einungis hálfu ári hefur Titan skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á sviði upplýsingatækni.

Titan hefur beinan aðgang að sérhæfðum þjónustu- og sölumönnum HP og öðrum samstarfsaðilum HP.

Starfsmenn Titan eru samtals með 46 prófgráður frá HP sem tryggir þekkingu, fagmennsku og áreiðanleika í sölu og þjónustu á HP búnaði.

## Í hópi þeirra allra bestu

„Þú getur treyst á þekkingu þeirra og getu því aðeins þeir allra bestu standast kröfur HP og hljóta titilinn HP Preferred Partner.“*

✓ **HP Sales and Support Partner**
Titan er sölu- og þjónustuaðili á HP vörum.

✓ **HP Preferred Partner**
Titan hefur beinan aðgang að afsláttarkerfi HP með sérhæfðar og/eða stærri lausnir.

✓ **HP Computer System Specialist**
Titan er sölu- og þjónustuaðili á HP Enterprise vörum (HP SAN, HP Blade og Itanium serverum).

*www.hp.com

AIS // Master ASE // APP // APC // ASP // ASE // ASC // CSA // CSE

UPPLÝSINGATÆKNI
TITAN
Hlíðasmári 2 - 201 Kópavogur - www.titan.is

2007
**Preferred Partner**
hp ®
invent

ATHYGLI

**! Kl. 20.00**
*Söngtónleikar í Hafnarborg. Kór Öldutúnskóla, Kvennakór Öldutúnssóknar, Kammerkór Hafnarfjarðar og Karlakórinn Þrestir flytja lög Friðriks Bjarnasonar undir yfirskriftinni Enn er oft í koti kátt.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Ópera úr útrýmingarbúðum*

Óperetta sem samin var í útrýmingarbúðunum í Ravensbrück í Þýskalandi verður flutt í fyrsta sinn í París nú í vikulokin. Þýska vefritið Deutsche Welle greinir frá þessu.

Óperettan „Le Verfügbar aux enfers“, sem gæti útlagst sem „Hinir handhægu í helvíti“ á íslensku, samdi franski mannfræðingurinn Germaine Tillion árið 1943 þegar hún var einn þeirra 150.000 fanga sem haldið var í fyrrgreindum útrýmingarbúðum í Norður-Þýskalandi á árunum 1939-1945. Tillion starfaði með frönsku andspyrnuhreyfingunni á sínum tíma og var send í búðirnar árið 1942 ásamt móður sinni, sem dó í gasklefanum.

Í verkinu blandast áhrif frá þjóðlagatónlist, óperum og óperettum ásamt textum og kóreógrafíu Tillion en verkið var upphaflega ekki ætlað til sýninga. Viðfangsefni þess er lífið í útrýmingarbúðunum og dagleg niðurlæging þess.



**MANNFRÆÐINGURINN OG ÓPERUSMIÐURINN** Germaine Tillion varð hundrað ára í vikunni.

Tillion varð hundrað ára í vikunni en hún hefur skrifað fjölda bóka og ritgerða um Ravensbrück-útrýmingarbúðirnar og andspyrnuhreyfinguna.



## >Dustaðu rykið af...

**Stúlkunni í skóginum.** Ævintýralegri sögu um flótta og vald í skóglendi hugans þar sem annarlega **brúðugerðarkvendið** Hildur er mikill örlagavaldur. Skáldaga **Vigdísar Grímsdóttur** kom út hjá forlaginu **Iðunni** árið 1992.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI
MÝRAMAÐURINN
7/6 kl. 20 - 8/6 kl. 20 uppselt - 14/6 kl. 20 síðasta sýning,
MR. SKALLAGRÍMSSON
Júní: 9. kl 15, 9. kl 20, 15. kl 18 (ath.br. sýningart.) 20. kl 20 uppselt, 29. kl 20, Júlí: 1. kl 20, 5. kl 20, 13. kl. 20, 14. kl. 20, Ágúst: 11. kl. 20, 12. kl. 20, 18. kl. 20, 19. kl. 20, 30. kl. 20, 31.kl. 20
SVONA ERU MENN (KK og Einar)
Aukasýning 16. júní kl. 20
Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


# Rekstur fyrrum

Benedikt Eyþórsson sagnfræðingur heldur í kvöld fyrirlestur í bókhlöðu Snorrastofu sem ber titilinn „Guðsorð og gegningar: af búskaparháttum og annarri umsýslu staðarhaldara í Reykholti á fyrri tíð“. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni Fyrirlestrar í héraði, sem styrkt er af Menningarsjóði Borgarbyggðar.

Benedikt lauk MA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands fyrr á árinu. Fyrirlestur sinn mun Benedikt byggja á rannsóknum sínum á staðnum Reykholti, enda fjölluðu báðar lokaritgerðir hans um Reykholt og sögu staðarins. Þær voru hluti af hinu viðamikla Reykholtsverkefni og unnar undir leiðsögn Helga Þorlákssonar, prófessors við Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn hefst kl. 20.30.





**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS KEMUR FRAM ÁSAMT FJÖLDA SÖNGVARA** Þátttakendur á árlegri Kórastefnu við Mývatn verða um tvöhundruð og fimmtíu talsins.

# Söngveröld við Mývatn

Árleg kórastefna fer fram við Mývatn nú í vikunni og stefnir fjöldi söngfólks þangað til að stilla saman sína tónlistarstrengi. Að þessu sinni liggja fyrir tvö stór verkefni auk þess sem þátttökukórarnir munu syngja fjölbreytt efni á þrennum tónleikum. Hátíðin stendur yfir frá 7.-10. júní.

Á fimmtudaginn verða tónleikar í félagsheimilinu Skjólbrekku en þar syngja Kvennakór Akureyrar og Kammerkór Norðurlands. Daginn eftir verða tónleikar á harla óvenjulegum stað; þá syngja kórarnir Sálubót, Uppsveitasystur, Vestfirsku valkyrjurnar og Kvennakór Akureyar í hvelfingu Laxárstöðvar í Aðaldal en þar er víst afbragðs hljómburður. Lokatónleikarnir fara síðan fram í íþróttahúsinu í Reykjahlíð á sunnudaginn en þá verður frumflutt messan „Mass of the Children“ eftir tónskáldið John Rutter. Þátttakendur verða um áttatíu söngvarar úr blönduðum kórum víðs vegar af landinu, Stúlknakór Akureyrarkirkju og einsöngvarnir Halla Dröfn Jónsdóttir og Ásgeir Páll Ágústsson. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands leikur undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

Sérstakur gestur stefnunnar að þessu sinni er bandaríski kórstjórnandinn Lynnel Joy Jenkins en hún mun stýra rúmlega hundrað félögum úr kvennakórum landsins sem flytja munu heimstónlist úr öllum áttum á lokatónleikunum. Lögin verða öll flutt á frummáli sínu en þau eru meðal annars frá Kína, Rússlandi og Suður-Afríku.

Listrænn stjórnandi kórastefnunnar er Margrét Bóasdóttir.


Í samstarfi við Vesturport
ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
7. júní kl. 20 Uppselt
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ







Kúlan, Lindargötu 7 kl. 20:00
LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar!
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fim 7/6 kl. 20 UPPS.
Lau 9/6 kl. 20
Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Þri 12/6 kl. 20 AUKAS.
Mið 13/6 kl. 20 UPPS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.
Aðeins þessar sýningar

DAGUR VONAR
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin
Síðasta sýning í vor

LÍK Í ÓSKILUM
Í kvöld kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


## NÝJAR BÆKUR

Bókaútgáfan Hólar hefur sent frá sér bókina **Nýjar sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum** og er hún eftir hinn kunna húmorista og sagnaþul **Sigurgeir Jónsson**. Hún hefur að geyma 150 gamansögur af Eyjamönnum og eru margir kallaðir til. Guðjón líkkistusmiður á Oddsstöðum slær máli á látna – og lifandi, Mundi í Draumbæ ekur með prestsfrúna og fleira drasl, góðtemplarinn Tóti í Berjanesi fær sér einn lítinn, Ingibjörg Johnsen geymir jólaveltuna á óvenjulegum stað, Þórarinn í Geisla leitar að Óskari á Háeyri á hverri strippbúllunni á fætur annarri, Óli Gränz fer í fermingarmyndartöku á fertugsaldri, séra Bára Friðriksdóttir veldur vonbrigðum, Binni í Gröf glímir við Landhelgisgæsluna og Bogi í Eyjabúð fær gos – og það stærri skammt en hann hugði. Um þetta fólk og margt fleira er fjallað í bókinni, sem er 96 blaðsíður að lengd.



JPV útgáfa sendir eftir helgi frá sér bókina **Ný sýn á heilabilun – einstaklingurinn í öndvegi** eftir breska prófessorinn **Tom Kitwood.** Bókin markaði þáttaskil þegar hún kom fyrst út árið 1997 og hefur haft gífurleg áhrif á það hvernig staðið er að umönnun sjúklinga með heilabilun og ekki síður hvernig komið er fram við þá sem persónur. Með útkomu þessarar bókar eru kenningar Kitwoods í fyrsta skipti aðgengilegar á íslensku en það er Svava Aradóttir sem þýðir. Í bókinni eru sett fram ný viðhorf til umönnunar fólks með heilabilun.



Kenningar Toms Kitwoods byggja á því að heilabilun feli ekki bara í sér skerðingu á andlegri og líkamlegri færni vegna rýrnunar á heilavef heldur sé hún flókið samspil fleiri þátta, meðal annars persónuleika viðkomandi, lífssögu, líkamlegs heilbrigðis og ekki síst áhrifa frá umhverfinu. Hann nálgast efnið á þverfaglegan hátt; með kenningum sínum sýnir hann fram á hvernig taugafræðilegir, félagssálfræðilegir og menningarlegir þættir skipta máli fyrir skilning okkar á heilabilun og hvernig þessir þættir hafa áhrif á umönnun fólks sem fær heilabilunarsjúkdóm. Það sem er einstakt við hugmyndafræði og vinnu Kitwoods er að hjá honum er einstaklingurinn með sjúkdóminn miðpunktur allrar umræðu og umönnunar. Hann leggur ríka áherslu á mikilvægi persónulegrar færni og faglega þekkingu þeirra sem gegna umönnunarhlutverkinu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

2 3 4 **5** 6 7 8

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 **Kammerkórinn Carmina** heldur tónleika í **Þjóðmenningarhúsinu**. Á tónleikunum verða flutt lög úr íslenska sönghandritinu **Melódíu**, sem var ritað um 1660 og hefur að geyma yfir 220 gömul lög af ýmsum toga. Stjórnandi er **Árni Heimir Ingólfsson**. Aðgangur á tónleikana er ókeypis og allir velkomnir.

### LEIKLIST

☐ 21.00 **Leikfélag Hafnarfjarðar** sýnir **Limbo** í leikstjórn **Jóns Inga Hákonarsonar** í gamla **Lækjarskóla** í **Hafnarfirði**. Sýningin samanstendur af sjö stuttverkum sem flest eru eftir félaga í LH.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 **Sigríður Ágústsdóttir** sýnir í nýju sýningarrými **Handverks og hönnunar** í **Aðalstræti 10**. Á sýningunni eru handmótaðir og reykbrenndir vasar. Sýningin stendur til 28. júní.

☐ 14.00 **Baldur Sigurjónsson** heldur málverka- og sölusýningu á verkum sínum að **Norðurbrún 1**, 2. hæð, milli kl. 14 og 17. Sýningin stendur til 10. júní.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Nú er allt hægt hratt

## – á Seltjarnarnesi

Ljósleiðari er fjarskiptatenging framtíðarinnar. Með ljósleiðaratengingu eru möguleikarnir til afþreyingar og fjarskipta næstum endalausir – allt á hraða ljóssins.

Við óskum Seltjarnarnesi til hamingju með að vera fyrsta ljósleiðaravædda sveitarfélagið í heiminum! Þar er nú allt hægt – hratt.



**Kostir ljósleiðarans**

- Margfaldur hraði miðað við ADSL
- Sami nethraði til og frá notanda
- Óþarfi að greiða fyrir símalínu
- Ekkert loftnet, ekkert vesen
- Fjöldi sjónvarpsrása
- Myndleiga
- Sjónvarpið truflar ekki hraða Internetsins
- Ljósleiðarinn ræður við marga myndlykla
- Tilbúinn fyrir háskerpusjónvarp

**Nú eru þúsundir heimila á höfuðborgarsvæðinu tengd með ljósleiðara. Er þitt heimili eitt þeirra?**

Kannaðu málið á www.gagnaveita.is

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

Til að kaupa þjónustu um ljósleiðarann hafið samband við eftirfarandi þjónustuaðila:

| digital ísland | vodafone | Hive | Hringiðan internetþjónusta |
|---|---|---|---|
| S. 515 6100 | S. 1414 | S. 414 1616 | S. 525 2400 |

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Heimsþekktur dansdómari til landsins



Dansgúrúinn Dan Karaty, sem hefur öðlast heimsframa með dómarastörfum sínum í þættinum So You Think You Can Dance, er væntanlegur til Íslands í sumar. Helgina 28.-29. júlí mun hann kenna upprennandi dönsurum hér á landi á dansfestivali Dansstúdíó World Class.

**HÁPUNKTUR HELGARINNAR** Nanna Ósk Jónsdóttir segir Dan Karaty verða hápunkt dansfestivals Dansstúdíó World Class í júlí.

„Það verður mikið um að vera þessa helgi og Dan er hápunkturinn í því,“ sagði Nanna Ósk Jónsdóttir, deildarstjóri dansstúdíósins. „Hann er náttúrlega mjög þekktur sem dómari úr So You Think You Can Dance, og hefur getið sér góðs orðs úti sem danshöfundur. Hann hefur samið dansa fyrir þessar stóru stjörnur; Britney Spears, Kylie Minogue og Jessicu Simpson,“ sagði Nanna. Hún hefur áður fengið þekkta danshöfunda til að koma til Íslands og kenna hjá DWC. Darren Henson sótti DWC til dæmis heim árið 2005.

Koma Karaty hingað til lands á ábyggilega eftir að kveikja danslöngun í einhverjum, enda kveðst Nanna verða vör við gríðarlegar vinsældir þáttanna í starfi sínu. „Allir sem stunda dans hérna fylgjast með honum,“ sagði hún sposk. Námskeiðið verður opið öllum, en skipt verður í hópa eftir getu. „Ég legg mikla áherslu á það að þetta er fyrir alla,“ sagði Nanna. - sun



**HEIMSFRÆGUR DANSHÖFUNDUR** Dan Karaty hefur samið dansa fyrir margar stærstu stjörnurnar í Hollywood og öðlast frægð og frama sem dómari í So You Think You Can Dance.



**KOSSINN ENDURTEKINN** Will Ferrell og Sacha Baron Cohen kysstust vel og lengi á MTV-hátíðinni í Los Angeles.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# Sigursælir sjóræningjar

MTV-kvikmyndaverðlaunin voru afhent í Los Angeles um helgina. Eins og venjan er vantaði ekki stórstjörnurnar á hátíðina. Johnny Depp, Cameron Diaz, Victoria Beckham og Paris Hilton voru á meðal gesta.

Framhaldsmyndin Pirates of the Caribbean: Dead Man´s Chest vann tvenn verðlaun, annars vegar sem besta myndin og hins vegar var Johnny Depp valinn besti aðalleikarinn fyrir túlkun sína á sjóræningjanum Jack Sparrow.



**BESTI LEIKARINN** Hjartaknúsarinn Johnny Depp fékk verðlaun fyrir túlkun sína á sjóræningjanum Jack Sparrow.

Sacha Baron Cohen, sem lék Borat svo eftirminnilega á síðasta ári, fékk tvenn verðlaun. Hann var valinn besti gamanleikarinn og fékk verðlaun fyrir besta kossinn, sem var í myndinni Talladega Nights. Þar kyssti hann Will Ferrell og endurtóku þeir félagar leikinn á hátíðinni við mikil hlátrasköll viðstaddra.

# Fótboltabullan biður Dani afsökunar

**Hataðasti maður Danmerkur um þessar mundir, fótboltabullan sem hljóp inn á Parken undir lok leiks Dana og Svía í undankeppni EM og réðst á dómarann, hefur beðist afsökunar á athæfi sínu og biður dönsku þjóðina um fyrirgefningu.**



**HATAÐASTI MAÐUR DANMERKUR** Ljóst þykir að margir vilja vinna honum mein, manninum sem ruddist inn á völlinn í leik Svía og Danmerkur um helgina. Hann hefur flúið í sumarhús á afskekktum stað í Danmörku.
NORDICPHOTOS/AFP

Hataðasti maður Danmerkur um þessar mundir, fótboltabullan sem hljóp inn á Parken undir lok leiks Dana og Svía í undankeppni EM og réðst á dómarann, hefur beðist afsökunar á athæfi sínu og biður dönsku þjóðina að fyrirgefa sér.

Maðurinn, sem kallaður er „R“ í dönskum fjölmiðlum, segist miður sín vegna framkomu sinnar, sem hann man þó ekkert eftir vegna ölvunar. Yfirvöld hafa skipað fjölmiðlum að gefa nafn mannsins ekki upp af ótta við hefndaraðgerðir almennings. Aðeins er vitað að árásarmaðurinn er 29 ára gamall Dani sem býr í Svíþjóð.

„Ég vill biðja alla Dani afsökunar. Ég eyðilagði stórkostlegt kvöld fyrir mörgum löndum mínum og ég eyðilagði möguleika landsliðsins á að komast á lokakeppni EM. Ég er miður mín,“ sagði maðurinn í samtali við Ekstrabladet í Danmörku, en hann réðst á dómarann Herbert Flandel á síðustu mínútu leiks Dana og Svía um helgina, þegar staðan var 3-3. Flandel flautaði leikinn af í kjölfarið og Svíum var dæmdur 3-0 sigur.

„Fólk í Danmörku hatar mig. Í Svíþjóð er ég álitinn vitleysingur. Mér líður ömurlega,“ segir maðurinn enn fremur. Hann vill þó meina að hann hafi aldrei ætlað að ganga eins langt og hann gerði. „Ég man að ég reiddist við ákvörðun dómarans og æstist upp. Síðan er allt svart. Ég man ekki eftir atvikinu og ég trúi varla að ég hafi gert þetta. Ég hef aldrei hagað mér svona og allir sem þekkja mig geta vottað það.“

**Óttast um líf mannsins**

Dönsk yfirvöld hafa miklar áhyggjur af öryggi mannsins og telja að bitrir stuðningsmenn landsliðsins muni leggja ýmislegt á sig til að vinna honum mein. Því hefur allt kapp verið lagt á að halda nafni hans og öðrum persónulegum upplýsingum leyndum.

Sá fjölmiðill sem birtir nafn mannsins á yfir höfði sér þunga refsingu, að því er yfirvöld í Danmörku hafa ákveðið, en þó þykir líklegt að gerð verði grein fyrir manninum á netinu innan tíðar. Og þá er fjandinn laus, að því er maðurinn segir. Hann hefur þegar fengið nokkrar morðhótanir frá aðilum sem gátu borið kennsl á hann af sjónvarpsmyndunum.

„Ég er mjög hræddur og vil ekki að fólk finni mig,“ segir maðurinn, sem tekið hefur sumarhús á leigu á afskekktum stað og mun halda sig þar næstu vikur og jafnvel mánuði.

„Ég hef varpað kjarnorkusprengju á sjálfan mig. Allir í kringum mig þjást vegna heimskupara minna en ég finn stuðning. Kærastan mín segir að hún elski mig jafn mikið og áður.“
vignir@frettabladid.is

Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins
Krabbameinsfélagið
www.krabb.is
Glæsilegir vinningar:
1 Ford Escape Limited 3,0i V6 sjálfskiptur. Verðmæti 3.850.000 kr.
1 Bifreið eða greiðsla upp í íbúð. Verðmæti 1.000.000 kr.
169 Úttektir hjá ferðaskrifstofu eða verslun. Hver að verðmæti 100.000 kr.
Vertu með og styrktu gott málefni!
Dregið 17. júní 2007
171 skattfrjáls vinningur að verðmæti 21.750.000 kr.

Upplýsingar um vinningsnúmer í símum 540 1918 (símsvari) og 540 1900 og á heimasíðunni www.krabbameinsfelagid.is/happ
Fjöldi útgefinna miða: 130.000
Ford



**COBAIN** Kurt Cobain, söngvari Nirvana, lést árið 1994.

# Þekkt nöfn heiðra Kurt

Stór nöfn á borð við R.E.M., David Bowie, Iggy Pop og Leadbelly eiga lög á plötu sem verður gefin út í tengslum við nýja kvikmynd um ævi rokkarans Kurt Cobain úr Nirvana.

Myndin heitir About a Son og byggir á viðtölum sem blaðamaðurinn Michael Azerrad átti við Cobain. Ben Gibbard, forsprakki Death Cab for Cutie, semur kvikmyndatónlistina ásamt framleiðandanum Steve Fisk, auk þess sem Gibbard á ný frumsamin lög á plötunni. Er hún væntanleg í búðir 11. september.




Róbert Bjarni Bjarnason er 19 ára. Hann varð stúdent 2005 og lauk flugmannsprófi frá Oxford Aviation Training nýlega. Hann hefur nú hafið störf sem flugmaður hjá einu stærsta flugfélagi Evrópu, Ryanair.



Margrét Kara Sturludóttir er 17 ára. Hún er að ljúka stúdentsprófi og er á sérstökum heiðurslista yfir úrvalsnemendur Hraðbrautar. Hún er í landsliðinu í körfubolta og var nýlega valin í 5 manna lið ársins ásamt því að vera valin efnilegasti ungi leikmaðurinn.

## Hefur þú það sem til þarf ?

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 6 - 10 | |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE REAPING | kl. 8:10 - 10:10 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| ROBINSON FJ... ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| GOAL 2 | kl. 3:50 - 6 | 7 |

Nánari upplýsingar á www.SAMbio.is

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl 6 - 9 | 10 |
| MR. BEAN | kl 6 | L |
| ZODIAC | kl. 8 | 16 |

KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBEAN 3 kl. 6:15 - 7:20 - 8:15 - 10:15 - 10:30 | | DIGITAL | 10 |
| ROBINSON F.. M/- ÍSL TAL | kl. 6 | DIGITAL-3D | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 8 | 7 |
| THE REAPING | kl. 10 | 16 |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 8 | L |

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DELTA FARCE | kl. 6, 8 og 10 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 og 8 | 10 |
| SEVERANCE | kl. 8 | 16 |
| SHOOTER | EKKI SÝND Í DAG | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 6 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10.45 | 10 |
| PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS | kl. 5 - 9 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 10.50 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.40 - 8.20 | 10 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PATHFINDER | kl. 6 - 8 | 16 |
| THE HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10 | 16 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS


# Upptökur hefjast í júlí

Hljómsveitin Sprengjuhöllin ætlar að gefa út sína fyrstu plötu í haust og hefjast upptökur að öllum líkindum í júlí. Ekki hefur verið ákveðið hvar platan verður tekin upp en Danmörk hefur verið nefnd sem einn af mögulegum upptökustöðum.

Nýjasta lag Sprengjuhallarinnar, Verum í sambandi, hefur fengið afar góðar viðtökur að undanförnu og er söngvarinn Bergur Ebbi vitaskuld hæstánægður með viðtökurnar. „Okkur finnst við vera með fullt hús. Þetta eru eiginlega allt þriggja stiga körfur. Við setjum markið hátt og allt það en kannski er þetta út af því að það eru svo fá lög komin frá okkur,“ segir Bergur, hógværðin uppmáluð.“ -fb



**SPRENGJUHÖLLIN** Hljómsveitin Sprengjuhöllin ætlar að gefa út sína fyrstu plötu í haust.



**TÓNLEIKAR Á IÐNÓ** Thomas Morr stendur fyrir Morr Music-kvöldi í Iðnó í kvöld.

# Morr ánægður á Íslandi

**Þýska útgáfufyrirtækið Morr Music heldur tónleika í Iðnó í kvöld. Fyrirtækið er eitt virtasta raftónlistarfyrirtæki heims og er með þrjár íslenskar hljómsveitir á sínum snærum. Thomas Morr, eigandi fyrirtækisins, er staddur hér á landi af þessu tilefni.**

„Mér finnst alveg ótrúlegt að vera hér á þessum tíma ársins og sjá hvað það er bjart. Ég hef líka komið hingað um vetur og verð að viðurkenna að ég er hrifnari af þessum tíma,“ segir Thomas Morr, eigandi tónlistarútgáfunnar Morr Music.

Með Thomasi í för eru hljómsveitirnar Isan, Tar Water og The Go Find sem spila allar á tónleikunum í kvöld. Fyrri tónleikarnir voru á Akureyri á föstudaginn og stóð til að hópurinn notaði tímann á milli tónleika til að ferðast um landið. Einn af viðkomustöðum hópsins var heimili móður Benna Hemm Hemm, þar sem öllum var boðið til veislu að íslenskum sið. Thomas segir að sú heimsókn, eins og annað sem hann hefur gert hér á landi, hafi verið mjög eftirminnileg.

### Vinalegt fyrirtæki

Thomas Morr er þungamiðjan í Morr Music. Hann velur allt sem gefið er út og er það eingöngu tónlist sem hann sjálfur er mjög hrifinn af. Thomas vill að allir sem tengist Morr séu eins og ein stór fjölskylda. Sá sem hannar nær öll plötuumslögin fyrir Morr er til að mynda æskuvinur Thomasar.

Þó að fyrirtækið hafi verið starfandi í rúman áratug er Thomas nýbyrjaður að gera skriflega samninga við listamennina. „Að skrifa undir samning færir áhersluna óbeint á mögulegan enda samstarfsins, hvenær samningurinn renni út. Ég var vanur að gera bara samninga með handabandi og svo lengi sem allir væru ánægðir héldi samstarfið áfram.“ Hann neyddist þó að byrja með skriflega samninga fyrir um tveimur árum vegna þrýstings frá samstarfsfyrirtækjum Morr.

Meðal listamanna sem eru á mála hjá Morr-útgáfunni eru Lali Puna, The Notwist, B. Fleischmann, Ms. John Soda og Isan, sem kemur einmitt fram á tónleikunum í kvöld.

### Íslendingar hjá Morr

Morr Music hefur gefið út íslensku hljómsveitirnar múm og Benna Hemm Hemm. Sú þriðja bætist í hópinn í haust þegar fyrsta plata Seabear kemur út hjá fyrirtækinu.

Thomas kynntist tónlist múm í gegnum hinn þýska kynningarfulltrúann hljómsveitarinnar og hafði samband við sveitina um að gera eitthvað saman. Hann kynntist svo Benna Hemm Hemm í gegnum Múm. „Örvar er alltaf að láta mig vita af góðri tónlist sem hann vill að ég hlusti á. Miklu af tónlistinni sem ég gef út kynnist ég einmitt í gegnum listamenn sem eru að gefa út hjá okkur.“ Thomas fær líka óheyrilegt magn af demóum í hverri viku en segist vera orðinn svo þjálfaður í að vita hvað hann vill að oftast þurfi hann ekki að hlusta í nema nokkrar sekúndur til að vita hvort hann sé hrifinn eða ekki.

Benni Hemm Hemm og Seabear koma fram á tónleikunum í kvöld auk Isan, Tarwater og The Go Find. Tónleikarnir verða í Iðnó og fer forsala fram í 12 Tónum á Skólavörðustíg.

jara@frettabladid.is

# Húðflúrhátíð á Grand Rokk

Íslensk húðflúrhátíð verður haldin dagana 8. til 10. júní á skemmtistaðnum Grand Rokk. Á hátíðinni munu húðflúrmeistarar frá Bandaríkjunum, Danmörku og Íslandi bjóða upp á húðflúr fyrir gesti og gangandi en þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin.

„Ég og maðurinn minn erum gífurlegir áhugamenn um húðflúr og við kynntumst svona hátíðum fyrir nokkru. Við ákváðum að prófa að halda svona hátíð í fyrra og hún gekk vonum framar – það komust færri að en vildu svo við ákváðum að endurtaka leikinn,“ segir Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, einn af aðstandendum húðflúrhátíðarinnar.

Meðal gesta á hátíðinni verða útsendarar frá Prick-tímaritinu, en sem tileinkað húðflúrlistinni. „Útsendarar frá þeim komu í fyrra og skifuðu um atburðinn og svona,“ segir Linda.

Að sögn Lindu hefur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur veitt samþykki sitt fyrir því að skemmtistað sé breytt í húðflúrstofu. „Heilbrigðiseftirlitið er búið að taka út stöðuna og við verðum með sótthreinsunaraðstöðu í tattústofunni hjá Sverri á Laugaveginum,“ útskýrir Linda en maður hennar vinnur nú hörðum höndum við að smíða vaska sem komið verður upp á Grand Rokk. „Í fyrra breyttum við Gauknum í eina risastóra húðflúrstofu og nú held ég að við verðum með um fimmtán bása.“ - kh




**FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Það var margt um manninn á síðustu húðflúrhátíð og margt skrýtið að sjá, til að mynda menn sem voru húðflúraðir frá toppi til táar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frábærir dómar



HELGI JÓNSSON Helgi fékk góða dóma í Gaffa rétt eins og Pétur Ben og Reykjavík! FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pétur Ben, Helgi Jónsson og hljómsveitin Reykjavík!, sem tóku þátt í Spot-tónlistarhátíðinni í Árósum um helgina, fengu öll fimm stjörnur af sex mögulegum í tónlistartímaritinu Gaffa fyrir frammistöðu sína.

Gaffa er eitt mest lesna tónlistartímarit Dana og birti dóma um alla tónleika hátíðarinnar á vef sínum samdægurs. Reykjavík! reið á vaðið í Ridehuset síðastliðið föstudagskvöld og fékk góðar viðtökur, rétt eins og Pétur Ben sem fékk staðfest boð um að koma á tvær aðrar hátíðir strax að tónleikum loknum.

Helgi, sem spilaði á einum af sínum fyrstu sólótónleikum, komst einnig virkilega vel frá sínu. Í dómnum í Gaffa sagði að fyrrverandi básúnuleikari Sigur Rósar væri hæfileikaríkt sjarmatröll. „Helgi er góður í að túlka tilfinningar og nota þær í tónlistinni sinni. Hann nær að koma manni í opna skjöldu og fyrir utan einstaka lag leiddist manni aldrei í nærveru hans. Bravo!“

# Roth kastaði upp yfir Alien



ALIEN Geimveran ógeðfellda í Alien hafði mikil áhrif á sálartetur Eli Roth.

Íslandsvinurinn Eli Roth ákvað að gerast kvikmyndagerðarmaður eftir að hafa farið með foreldrum sínum að sjá hryllingsmyndina Alien, þá sjö ára gamall. Roth kastaði upp yfir hryllingnum sem hann varð vitni að en ákvað um leið að hann vildi starfa við að láta aðra upplifa viðlíka hrylling.

„Um leið og ég kastaði upp vissi ég hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. Kvikmyndalistin tók yfir líf mitt,“ segir Roth, en hann leikstýrir einmitt kvikmyndinni Hostel 2, sem var að hluta til tekin upp hér á landi og verður frumsýnd um næstu helgi.

Hostel 2 hefur fengið ágæta dóma ytra en þykir ógeðfelld í meira lagi og hafa nokkur sýnishorn úr myndinni verið tekin úr sýningu í sjónvarpi í Bandaríkjunum. - vig



ELI ROTH Frumsýnir Hostel 2 um næstu helgi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Bruce Willis** passar vel upp á dætur sínar, ekki síst þar sem þær eru nú komnar á þann aldur að kærastar eru kynntir fyrir pabba gamla. Willis á þrjár dætur með fyrrum eiginkonu sinni **Demi Moore**. Þær eru Rumer, 18 ára, hin 15 ára Scout og hin 13 ára Tallulah. „Ég passa upp á að hitta alla strákana og er mjög kurteis. Svo sendi ég þeim augnaráð þar sem þeim er gert ljóst að þeir verða að haga sér,“ segir Willis, sem enn fremur gerir alltaf einn drengjanna ábyrgan fyrir öllum vinahópnum. Willis segir við þann dreng að hann verði drepinn ef allt gangi ekki að óskum.




**Törfa tæki**



vilborg@centrum.is

Magimix matvinnsluvélin léttir þér lífið

Magimix matvinnsluvélin er óvenjulega stílhreint, kraftmikið og endingargott töfratæki fyrir alla þá sem kunna að meta gæði og góðan mat. Vélin er sérstaklega auðveld í notkun og hárbeittir stálhnífar tryggja fullkominn skurð.

**Verð frá: kr. 21.500 stgr.**

magimix

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**Aðrir söluaðilar:** Kokka, Laugavegi, Egg, Smáratorgi og Líf og list, Smáralind






Dagsetningar: júlí: 05.-08. | 12.-15. | 19.-22. | 26.-29. ágúst: 02.-05. | 09.-12. | 16.-19. | 23.-26.

*Ferðaklúbbur MasterCard*
*- hvert langar þig?*

GB Ferðir bjóða félögum í Ferðaklúbbi MasterCard glæsilegar helgarferðir til Berlínar á frábæru verði allar helgar í júlí og ágúst. Í boði eru tvö af glæsilegustu hótelum Berlínar; glæsihótelið Ritz Carlton Berlin og Marriott Berlin, bæði 5 stjörnur þó verðið sé með eindæmum gott. Hótelin eru bæði í nýlegum byggingum á besta stað í borginni, við Potzdamer Platz.

**Marriott Berlin**
Almennt verð kr. 69.900-
MasterCard verð kr. 59.900-

**Ritz Carlton Berlin**
Almennt verð kr. 79.900-
MasterCard verð kr. 69.900-

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

Bókanir á www.gbferdir.is og í síma 534 5000. Takmarkað framboð.
Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar gisting í 3 nætur með morgunverði og aðgengi að heilsulind hótelsins. Ekki innifalið: Ferðir til og frá flugvelli.

### > Eiður fylgdi strákunum í fríhöfnina

Eiður Smári Guðjohnsen var með íslenska landsliðinu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gærmorgun en samverustundin náði þó ekki lengra en inn í fríhöfn því landsliðsfyrirliðinn var á leiðinni til Spánar á meðan hinir íslensku leikmennirnir flugu til Stokkhólms. Eiður Smári fékk eins og kunnugt er gult spjald á móti Liechtenstein og er í banni í leiknum á móti Svíum á miðvikudaginn.



# sport

sport@frettabladid.is

ANDERS SANDQUIST BLAÐAMAÐUR: LEIKMENN OG ÞJÁLFARI SVÍA VARA VIÐ VANMATI

## *Ótvíræð krafa um sigur Svía gegn Íslandi*



Mikil ólga er í Svíþjóð þessa dagana vegna hneykslisins í leik Dana og Svía um helgina. Þá hljóp dönsk bulla inn á völlinn og réðst að dómara leiksins. Í kjölfarið var leikurinn blásinn af og Svíum dæmdur sigur, 3-0.

Það er því erfitt fyrir Svía að gleyma þessum leik og einbeita sér að þeim næsta, gegn Íslandi á morgun. Anders Sandquist, blaðamaður Expressen, tekur undir þetta.

„Það er erfitt að ætla einfaldlega að gleyma Danaleiknum og öllu sem honum fylgdi. Knattspyrnusamband Evrópu mun ekki taka endanlega ákvörðun um úrslit leiksins fyrr en á föstudag og því mun þetta mál hanga yfir mönnum alla þessa vikuna," sagði Sandquist.

Hann segir þó að krafa almennings og fjölmiðla í Svíþjóð sé sigur gegn Íslandi og ekkert annað. „Sigur í leiknum gæti tryggt okkur umspilssæti um sæti á EM 2008 og þar sem Ísland hefur að engu að keppa og vantar þar að auki sinn sterkasta leikmann er búist við öruggum sigri. Ef þetta væri fyrsti leikur keppninnar væri kannski búist við erfiðum leik."

Sandquist segir þó að fjarvera Eiðs Smára Guðjohnsen landsliðsfyrirliða, sem verður í banni í leiknum, gæti haft jákvæð áhrif á aðra leikmenn liðsins. „Mér sýnist oft að aðrir leikmenn bíði eftir því að hann geri eitthvað og spili þess vegna ekki jafn vel. Það gæti nú breyst."

Sandquist segir þó að Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari (á mynd) vari við vanmati. „Hann bendir á að Ísland tapi aldrei stórt og að oft gangi liðinu illa með veikari andstæðinga. Spánn skoraði seint gegn Íslandi á heimavelli og minntist Lagerbäck á það. Leikmenn tóku í svipaðan streng."

Sænska landsliðið æfði ekki í gær eins og áætlað var þar sem Lagerbäck tók þá ákörðun að sínir menn þyrftu á hvíldinni að halda eftir mikinn baráttuleik á móti Dönum á laugardaginn. „Þar sem Danaleikurinn reyndi mikið á liðið ákvað ég að liðið færi bara á töflufund og mínir menn fengju tækifæri til þess að hlaða batterín," sagði Lagerbäck í viðtali við sænska blaðið Aftonbladet. Mikið er um meiðsli í sænska liðinu en ekki er þó búist við öðru en að allir lykilmenn sænska liðsins verði með.



**BARÁTTA** Aðstæður í Kópavogi í gær voru ekki sem bestar en baráttan var svo sannarlega til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsbankadeild kvenna:

## Jafnt í Kópavogi

**FÓTBOLTI** Þrír leikir fóru fram í Landsbankadeild kvenna í gær. Harpa Þorsteinsdóttir kom Stjörnunni yfir í Kópavoginum gegn Blikastúlkum en Greta Mjöll Samúelsdóttir jafnaði metin í fyrri hálfleik. Greta misnotaði svo vítaspyrnu þegar skot hennar small í stönginni og hvorugt liðið náði að bæta við marki í litlausum síðari hálfleik.

Keflavík burstaði ÍR 7-0 þar sem Guðný Þórðardóttir og Vesna Smiljkovic skoruðu báðar þrennu. Danka Podovac skoraði eitt mark. Þá vann KR lið Fylkis í Árbænum 4-2. Hrefna Jóhannesdóttir skoraði þrennu fyrir KR og og Edda Garðarsdóttir eitt en Anna Björg Björnsdóttir skoraði bæði mörk Fylkisstúlkna. - hþh

# Hafa ávallt komist yfir á Råsunda

**Íslenska karlalandsliðið mætir Svíþjóð í Stokkhólmi á miðvikudagskvöldið. Þetta verður þriðji leikur liðsins á þjóðarleikvangi Svía í Solna. Fyrri leikirnir byrjuðu báðir vel en enduðu á ólíka vegu.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið hefur spilað vel í tveimur heimsóknum sínum á Råsunda, heimavöll AIK í Solna í Stokkhólmi. Leikurinn á miðvikudaginn verður sá þriðji í röðinni en hinir tveir enduðu með 1-1 jafntefli 1995 og með 1-3 tapi tíu árum síðar. Þetta eru alls ekki slæm úrslit, ekki síst fyrir þær sakir að íslenska liðið hefur tapað síðustu þremur heimaleikjum sínum á móti Svíum með markatölunni 2-7.

Ísland lék sinn fyrsta leik á Råsunda í undankeppni EM 1996 en þjóðirnar mættust þá 1. júní 1995 á Råsunda. Þetta var fjórði leikur Íslands af átta í riðlakeppninni. Svíar höfðu náð í brons á HM í Bandaríkjunum sumarið á undan og unnið 1-0 sigur í fyrri leiknum sem fram fór á Laugardalsvellinum í september árið á undan. Leikurinn byrjaði frábærlega þegar Arnar Gunnlaugsson skoraði glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu eftir aðeins þriggja mínútna leik. Svíar náðu reyndar að jafna leikinn úr vafasamri vítaspyrnu þrettán mínútum síðar en íslenska vörnin hélt út og jafnteflið er ein bestu úrslit íslenska landsliðsins á útivelli í sögu Evrópukeppninnar. Stigin tvö sem Svíar sáu eftir spiluðu líka rullu í að Svíar komust ekki í úrslitakeppnina.



**LJUNGBERG HÆTTULEGUR** Freddie Ljungberg verður væntanlega í eldlínunni gegn Íslandi á morgun. Hér reynir Pétur Marteinsson að verjast honum í landsleik í fyrra. NORDIC PHOTOS/AFP

Þjóðirnar mættust aftur á Råsunda rúmum tíu árum seinna eða nákvæmlega 12. október 2005 í lokaleik Íslands í undankeppni HM 2006. Svíar voru í harðri baráttu við Króata um sigur í riðlinum en komust á endanum beint á HM vegna góðs árangurs í 2. sæti. Leikurinn byrjaði á svipaðan hátt og áratug áður því Kári Árnason kom íslenska liðinu yfir á 25. mínútu leiksins. Það tók Svía nú aðeins fjórar mínútur að jafna leikinn og var þar að verki snillingurinn Zlatan Ibrahimovic, sem lagði einnig upp annað mark Svía sem Henrik Larsson skoraði rétt fyrir hálfleik. Svíar skoruðu síðan þriðja markið í blálokin og tryggðu sér 3-1 sigur.

Råsunda er sögulegur leikvangur því aðeins einn annar völlur hefur hýst bæði úrslitaleik karla og kvenna á HM. Sá völlur er Rósarskálin í Pasadena í Kaliforníu í Bandaríkjunum (karlar 1994 og konur 1999). Úrslitaleikur kvenna fór fram á Råsunda-leikvanginum 1995 en 37 árum áður hafði Pele, þá 17 ára, breytt knattspyrnusögunni á vellinum með því að skora tvö mörk í 5-2 sigri Brasilíumanna á Svíum í úrslitaleik karla. Þetta var fyrsti heimsmeistaratitill Brasilíu.

Þetta gæti orðið síðasti landsleikur Íslands á vellinum því Svíar eru að byggja sér nýjan fimmtíu þúsund manna völl í Solna og í kjölfarið verður Råsunda-völlurinn rifinn. Nýi völlurinn ætti að verða tilbúinn upp úr árinu 2010 en þangað til er Råsunda heimavöllur sænska landsliðsins og þar bíður íslenska liðsins erfitt verkefni á miðvikudagskvöldið.



SVÍÞJÓÐ-ÍSLAND
**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
*skrifar frá Stokkhólmi.*
ooj@frettabladid.is

Ert þú efni í afreksíþróttamann?
Viltu verða meðal þeirra bestu?
Þá er nám í afreksíþróttum í FB eitthvað fyrir þig.



Frá haustönn 2007 verður skipulagt nám fyrir afreksíþróttafólk framtíðarinnar í handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik í boði við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.
Kjörið tækifæri fyrir afreksíþróttafólk að tengja saman nám og íþróttir.
Nemendurnir munu fá þrjár æfingar á viku á skólatíma undir stjórn frábærra þjálfara.
Eingöngu verður um einstaklingsþjálfun að ræða, en þú munt æfa áfram og keppa með þínu íþróttafélögi.

Afreksíþróttanemendur geta stundað nám á öllum brautum skólans.

www.fb.is



**FYRIRLIÐINN** Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki með í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Báðir leikirnir síðan 1999 tapast án Eiðs Smára:

## Án Eiðs í þriðja sinn

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið hefur aðeins tvisvar sinnum verið án Eiðs Smára Guðjohnsen í keppnisleik undanfarin átta ár en stjarna íslenska landsliðið verður fjarri góðu gamni í næsta landsleik.

Íslenska landsliðið mætir því aðra undankeppnina í röð til Stokkhólms án fyrirliða síns en Eiður Smári fékk sitt annað gula spjald í undankeppninni í jafnteflinu á móti Liechtenstein um síðustu helgi. Eiður Smári var einnig í banni í útileiknum á móti Svíum í undankeppni HM 2006.

Eiður Smári er búinn að fá fjögur gul spjöld í síðustu tíu leikjum, öll fyrir mótmæli eða að sparka boltanum í markið eftir að búið var að dæma hann rangstæðan.

Markaleysi fyrirliðans er farið að dragast á langinn og það verður fróðlegt að sjá hvernig sóknarleikurinn verður gegn Svíum í Solna. Eiður Smári hefur ekki skorað í síðustu fimm landsleikjum og er án marks í samtals 503 mínútur.

Líklegast er að Hannes Þ. Sigurðsson komi inn í byrjunarliðið í hans stað enda er hann sterkur í loftinu og góður í að halda boltanum uppi á toppnum. - óój

Zlatan ekki í byrjunarliðinu:

## Næ kannski hálftíma

**FÓTBOLTI Sænski landsliðsmaðurinn Zlatan Ibrahimovic vísaði því á bug á blaðamannafundi í gær að hann yrði í byrjunarliði Svíþjóðar gegn Íslandi á morgun. Hann hefur átt við meiðsli að stríða.**

**„Ég hef ekki spilað í einn og hálfan mánuð. Ég gæti hugsanlega spilað í 20-30 mínútur," sagði Zlatan. „Ég er allur að koma til og get tekið þátt í æfingum af fullum krafti. En það er stór munur á æfingum og leikjum."**

**Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari sagði alls óvíst hvort Zlatan myndi spila. „Endanleg ákvörðun verður ekki tekin fyrr en annað kvöld," sagði hann í gær. - esá**

Birkir Ívar Guðmundsson:

## Með í Serbíu

**HANDBOLTI** Landsliðsmarkmaðurinn Birkir Ívar Guðmundsson verður með í báðum umspilsleikjunum gegn Serbum. Þýska handknattleikssambandið færði leik liðs hans, TuS N-Lübbecke, fram en hann átti að fara fram daginn fyrir Serbaleikinn ytra. Því var óvíst um þáttöku hans fyrr en í gær þegar málið leystist farsællega. - hþh



QUENTIN TARANTINO KYNNIR
ELI ROTH'S
HOSTEL PART II
HEIMSFRUMSÝND 8. JÚNÍ
STRANGLEGA BÖNNUÐ
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
HOSTEL PART II
BÍÓMIÐI
SENDU SMS JA H02
Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR,
DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

**Jeremy Irons**
Þessi enski herramaður státar af hátt í fjörutíu kvikmyndum á ferilskrá sinni og er margverðlaunaður fyrir frammistöðu sína. Irons er kannski einna þekktastur fyrir hlutverk Skara í Lion King, en jafnframt fyrir myndir á borð við Reversal of Fortune, Elizabeth I og nú einna síðast Eragon. Irons er búsettur í smábæ á Englandi ásamt konu sinni og tveimur sonum. Rödd hans og andlit má sjá og heyra í The Fourth Angel á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR BÍÐUR EFTIR ÍSLENSKUM LÆRLINGI.

## *Óraunverulegir raunveruleikaþættir*





Sem fyrr eru raunveruleikaþættir í mestu uppáhaldi hjá mér. Ný syrpa af Bachelor er hafin á Skjá einum. Í þetta skiptið keppa stelpurnar um hylli alvöru prins og þáttaröðin gerist í Róm. Ég elska þessar seríur og ætla að fylgjast vel með í sumar og er meira að segja komin með uppáhalds. Það getur að vísu breyst þegar hið „rétta“ eðli stelpnanna kemur í ljós. Ég vildi samt að þættirnir væru sýndir á virkum dögum því maður er sjaldnast heima hjá sér um helgar, allavega ekki á sumrin. Í kvöld er úrslitaþátturinn af The Apprentice. Val Donalds Trump stendur á milli fágaða Bretans og pólitíkusins. Þetta er þáttur sem ætti að íslenska, þátturinn smellpassar við íslenskan raunveruleika. Ef Björgólfur Thor myndi leita af sínum lærlingi myndu líklega allir horfa. Heimsbyggðin saup hveljur þegar Hollendingar auglýstu nýjan raunveruleikaþátt þar sem nýrnasjúklingar ætluðu að berjast um nýra dauðvona konu. Í lok fyrsta þáttarins kom í ljós að um gabb var að ræða. Um þennan eina þátt yrði að ræða og tilgangur hans hafði verið að vekja fólk til umhugsunar um skort á gjafalíffærum. Ég er ekki hissa að margir hafi gleypt við fréttinni enda ganga framleiðendur raunveruleikaþátta sífellt lengra í von um að heilla áhorfendur. Kannski eru svona þættir það sem koma skal. Fyrir tuttugu árum hefði líklega engum dottið í hug að þáttur eins og Extreme Makeover ætti eftir að slá í gegn svo hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** The Firm STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Arrested Development SIRKUS



▶ **21.00** Innlit/Útlit SKJÁREINN



▶ **21.10** Shark STÖÐ 2



▶ **22.25** Spooks SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (1:16)
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (77:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Everwood** (16:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.
**20.50 Lithvörf** (1:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Í fyrsta þættinum er rætt við Gunnlaug St. Gíslason vatnslitamálara. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson. e.
**20.55 Atvinnumenn í póker** (Pokerhajerne) Mynd um danska fjárhættuspilara sem ferðast um heiminn og spila póker.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Njósnadeildin** (7:10) (Spooks) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones, Hermione Norris, Nicola Walker, Raza Jaffrey og Miranda Raison. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Víkingasveitin** (4:4) e.
**00.20 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Firm**
**08.30 Hildegarde**
**10.00 Jersey Girl**
**12.00 Triumph of Love**
**14.00 Hildegarde**
**16.00 Jersey Girl**
**18.00 Triumph of Love**
▶ **20.00 The Firm** Spennumynd eftir metsölubók Johns Grisham. Lögfræðingur ræðst til fyrirtækis og uppgötvar að ekki er allt með felldu. Með aðalhlutverk fer Tom Cruise.
**22.30 Extreme Ops**
**00.00 Narc**
**02.00 The Ring 2**
**04.00 Extreme Ops**

## STÖÐ 2

**08.00 Myrkfælnu draugarnir** (48.90) (e)
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (62.114)
**10.15 Numbers** (24.24)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (19.23)
**14.40 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.05 Veggfóður**(20.20)
**15.50 Shin Chan**
**16.13 Batman**
**16.38 Horance og Tína**
**17.03 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Simpsons** (6.21)
**20.05 The Apprentice** (16.16) Donald Trump leitar að lærlingi fyrir Trump-fyrirtækjaveldið.
▶ **21.10 Shark** (22.22) Í lokaþættinum um lögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark er góðkunningi hans sakaður um morð á ungri konu.
**21.55 Human Trafficking** (2.2) Seinni hluti framhaldsmyndar með Donald Sutherland og Miru Sorvino í aðalhlutverkum. Myndin segir frá baráttu útlendingaeftirlitsins til að stemma stigu við kynlífsþrælkun.
**23.25 Twenty Four** (20.24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin.
**00.10 Cold Case** (18.24)
**00.55 The Fourth Angel** Spennumynd um blaðamanninn Jack Elgin, sem er drifinn áfram af hefndarþorsta. Hryðjuverkamenn sem myrtu eiginkonu hans og dóttur leika lausum hala og Jack ætlar að svara þeim í sömu mynt.
**02.30 Inside Out**
**04.05 Shark** (22.22)
**04.50 Simpsons** (6.21)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight** Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum úr bransanum.
▶ **20.10 Arrested Development** (12.18) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára. Michael heldur áfram að rembast við að reka fjölskyldufyrirtækið og halda um leið saman geggjuðustu fjölskyldu sem um getur.
**20.40 Kitchen Confidential** (3.13) Gamanþættir um kokkinn Jack Bourdain.
**21.10 Young Blades** (5.13) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum.
**22.00 Grey´s Anatomy** (24.25) Vinsælir þættir sem gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg. Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar, en einkalíf þeirra á það til að þvælast fyrir þeim.
**22.45 Pirate Master** (1.14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvörusjóræningjaskipi. Keppendur þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að verða sendir burt. Eftir margra vikna baráttu mun einn standa uppi sem sjóræningjameistari og hljóta milljón dollara í verðlaun.
**23.35 Pussycat Dolls Present: The Search** (5.8) (e) Stúlknasveitin heimsfræga Pussycat Dollsleitar að nýjum meðlim í hljómsveitina. Þúsundir stúlkna sóttu um starfið en aðeins níu þeirra voru valdnar til áframhaldandi þátttöku.
**00.25 Entertainment Tonight** (e)
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.30 Vörutorg**
**17.30 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Still Standing** (e) Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu. Lokaþáttur þriðju þáttaraðar. Bill
**20.00 On the Lot** Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Nú reynir á leikstjórana og þeir þurfa að sanna sig á öllum sviðum kvikmyndagerðar.
▶ **21.00 Innlit / útlit - Lokaþáttur** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**22.00 Angela's Eyes** (2.13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.05 Heroes** (e) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika.
**01.05 Jericho** (e) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríkjum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandaríska borgir
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Vörutorg**
**03.40 Óstöðvandi tónlist**


GOTT FÓLK McCANN



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

*Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli*

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**The Apprentice**



Í kvöld sýnir Stöð 2 hörkuspennandi lokaþátt The Apprentice. Slagurinn hófst með 18 keppendum sem allir voru ákveðnir í því að heilla Donald Trump og fá stöðu lærlings í fyrirtækjaveldi hans. Í hverri viku hafa keppendur þurft að leysa flókin verkefni og í lok hennar var einn þeirra sendur heim. Nú eru aðeins tveir keppendur eftir og þeir hafa eitt tækifæri til þess að sanna sig fyrir Trump, sem er vægðarlaus í gagnrýni sinni. Í úrslitakeppninni fá tveir síðustu keppendurnir aðstoð fyrrverandi keppenda til að ljúka við þrautina. Það er til mikils að vinna en tíminn er að renna út. Ekki missa af úrslitaslagnum.

**▶ Við mælum með**

**KITCHEN CONFIDENTIAL**

**Sirkus kl. 20.40**

Þáttaröðin um kokkinn Jack Bourdain er byggð á bók matreiðslumeistarans Anthony Bourdain, þar sem hann lítur yfir farinn veg og minnist ýmissa uppákoma sem setja mark sitt á lífið á bak við tjöldin á veitingastöðum. Í þáttaröðinni fær Jack Bourdain, sem var eitt sinn þekktur kokkur, tækifæri lífs síns. Honum er boðin staða yfirkokks á virtu veitingahúsi í New York, en hefur einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn að elda fyrir 300 manns – þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Valsakóngurinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna
**20.00** Sagnaþættir Jóns Helgasonar
**20.40** Kvöldtónar
**21.00** „En gættu þess, að Kleppur er víða"
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.00 Formula One behind the scenes** Hvað gerist á bakvið tjöldin í Formúlu 1 kappasktrinum?

**18.50 Vináttulandsleikur** (England - Brasilía)

**20.30 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**21.00 Kaupþings mótaröðin 2007** Þáttur um síðasta mótið á Kaupþingsmótaröðinni í golfi árið 2007.

**22.00 Heimsmeistaramótið í póker** Heimsmeistaramótið 2006 í póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust, þar sem Íslendingar tóku þátt í fyrsta sinn.

**22.55 Sænsku nördarnir** Hvað gerist þegar 15 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?

**23.45 PGA Tour 2007 - Highlights** Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.

**00.40 Heimsmótaröðin í póker 2006** Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden 6.15 Brum 6.30 Rabatten 7.00 Gr¢n glæde 7.30 Et lykkeligt eventyr 8.00 Med kys og krav på Nordgårdskolen 8.30 Græsr¢dder 9.00 Den 11. time 9.30 S¢ren Ryge direkte 10.00 TV Avisen 10.10 Horisont 10.35 Ud i naturen 11.00 Genbrugsguld 11.25 Aftenshowet 11.55 Aftenshowet 12.20 Min store dr¢m 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Shin Chan 14.35 Ninja Turtles: Tidsrejsen! 15.00 21 dage i Amazon-junglen 15.30 Lille N¢rd 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd 18.00 Hokus Krokus 18.30 Smag på Danmark - med Meyer 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Maskarade 20.50 Maskarade 21.00 The Big Blue 4.30 Den hvide sten 5.00 Rasmus Klump 5.10 Morten 5.30 Kaj og Andrea 6.00 Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Norsk på norsk 7.40 Sydvendt 8.10 Puls 8.35 Faktor: Jakten på meteoritten 9.05 Oddasat - Nyheter på samisk 9.20 Distriktsnyheter 9.40 Fra Nordland 10.00 Siste nytt 10.05 Distriktsnyheter 10.20 Fra M¢re og Romsdal 10.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 11.00 Siste nytt 11.05 Lunsjtrav 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Oslo og Akershus 12.40 Fra ¥stfold 13.00 Siste nytt 13.05 Anne fra Bj¢rkely 13.50 Biodiversity 14.00 Siste nytt 14.03 Sinbads fantastiske reiser 14.30 Sj¢uhyrer 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Fra loft og kjeller 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Lille Prinsesse 16.15 Robotgjengen 16.25 Splittelsen 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Gr¢nn glede 17.55 Nigellas kj¢kken 18.25 Autofil 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Standpunkt 20.15 Extra-trekning 20.30 Magnet i symfoni 21.00 Kveldsnytt 21.20 Hva skjedde med Diane? 23.00 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin 5.30 Jukeboks: Autofil

## SVT 1

**7.30** Den globala miljöhistorien 8.00 Barnet och orden - om språk i förskolan 8.30 De skapade historia 9.00 Vetenskap - människan avslöjad 9.30 Välfärd från vagga till grav 10.00 Rapport 10.05 Planet Earth 10.55 Djurvän på smittojakt 12.25 Lille Fridolf och jag 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Poniente 15.25 Quirks 15.30 Krokomax 16.00 Emil i Lönneberga 16.25 Känsliga bitar 16.30 Sagoberättaren 17.00 Ett magiskt träd 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Hunter 20.00 Miss Very Wagner 21.00 Rapport 21.10 Kulturnyheterna 21.20 Six Feet Under 22.10 Sändningar från SVT24




# Gísli með lag í mynd Luc Besson

Tónlistarmaðurinn Gísli Kristjánsson á lag í kvikmynd franska leikstjórans Luc Besson, Angela-A, sem var tekin til sýninga í Bandaríkjunum þann 25. maí síðastliðinn.

„Ég var að vinna með stelpu í Noregi, Anja Garbaric, sem þekkir Besson vel. Þegar hann heyrði lögin sem við lögin sem við sömdum saman fyrir plötuna hennar vildi hann endilega nota þau í myndina sem hann var að byrja á þá. Við gerðum eiginlega plötuna og bíómyndina á svipuðum tíma. Hún flaug alltaf til Frakklands til að spila fyrir hann lögin,“ segir Gísli, sem er búsettur í London en var áður í Noregi. Lagið sem Besson notaði nefnist Can I Keep Him en auk þess notaði Besson í myndinni búta úr öðrum lögum eftir þau Gísla og Anja. Samdi Anja jafnframt restina af tónlistinni í myndinni.

Gísli varð þess heiðurs aðnjótandi að hitta Besson einu sinni. „Hann er stórhættulegur,“ segir hann og hlær. „Fólk sem hefur komist langt veit hvað það vill og hvernig það vill hafa hlutina. Það getur verið þægilegt að vinna með svona fólki og maður þarf ekkert að efast um að það segi það sem það meinar.“ Á meðal kvikmynda Besson eru The Fifth Element, Leon, Nikita, The Big Blue og Subway.

Gísli, sem er á samningi hjá útgáfurisanum EMI, er um þessar mundir að undirbúa sína aðra sólóplötu. Sú fyrsta, How About That, kom út árið 2004 við góðar undirtektir. - fb



**GÍSLI** Gísli Kristjánsson á lag í kvikmynd Luc Besson, Angel-A.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég held ég verði að segja Vín og skel. Sjávarfangið heillar.“*

Hugrún Árnadóttir verslunarkona í Kronkron.



**LÁRÉTT**
**2.** fimi, **6.** í röð, **8.** impra, **9.** veiðarfæri, **11.** hróp, **12.** rusl, **14.** kompa, **16.** málmur, **17.** smátt lausagrjót, **18.** þunnur vökvi, **20.** til dæmis, **21.** einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nálægð, **3.** tveir eins, **4.** spariföt, **5.** ósigur, **7.** sjúkdómur, **10.** mál, **13.** er, **15.** súrefni, **16.** spíra, **19.** grískur bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mýkt, **6.** áb, **8.** ýja, **9.** net, **11.** óp, **12.** drasl, **14.** klefi, **16.** ál, **17.** möl, **18.** lap, **20.** td, **21.** aría.
**LÓÐRÉTT: 1.** nánd, **3.** ýý, **4.** kjólföt, **5.** tap, **7.** berklar, **10.** tal, **13.** sem, **15.** ildi, **16.** ála, **19.** pí.



**HÓTAÐ LÖGBANNI** 365 miðlar saka Egil Helgason um að standa ekki við samninga sína við fyrirtækið og hóta lögbanni á fyrirhuguð störf hans hjá Ríkisútvarpinu.

ARI EDWALD: SLEPPIR EKKI HENDINNI AF AGLI HELGASYNI

# Deilt um tugmilljónasamning

„Við vorum að gera tugmilljóna króna samning við Egil svo þetta er engin smá samningur,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, sem hefur farið þess á leit við sjónvarpsmanninn Egil Helgason að hann efni ráðningarsamning sem hann telur að þeir hafi gert.

Málið hefur vakið mikla athygli síðustu daga en á föstudaginn tilkynnti Egill, sem stýrt hefur Silfri Egils á Stöð 2 undanfarin ár, að hann hefði ákveðið að færa sig um set yfir á RÚV. Það telur Ari vera brot á samningi þeirra og hefur fyrirtækið leitað réttar síns vegna málsins. Allir aðilar standa fast á sínu og svo virðist sem málið verði leitt til lykta í gegnum lögfræðinga eða jafnvel dómstóla.

„Ef við myndum snúa þessum samskiptum við, það er að ég hefði ráðið hann til starfa og svo dregið það til baka, hefði ég aldrei komist upp með það. Hvernig myndi það samfélag líta út þar sem enginn stendur við sín orð?“ spyr Ari og vísar í tölvupóstsamskipti hans og Egils sem fram koma í bréfi sem lögfræðingur 365 hefur sent þeim síðarnefnda.

Ari segir að ef Egill hefði viljað losna undan samningi sínum við 365 miðla hefði hann átt að koma hreint fram. „Það sem mér sárnar mest er að Egill neitaði því hinn 22. maí að vera að semja við RÚV og sagði að allt stæði eins og stafur á bók í okkar samskiptum,“ útskýrir Ari.



**ARI EDWALD** Hvikar hvergi frá sinni afstöðu.

Afstaða Egils er óbreytt en hann á þá ósk heitasta að farsæl lausn fáist á málinu og allir geti verið vinir á endanum. Egill er hins vegar við öllu búinn og hefur ráðið sér lögfræðing. „Við munum funda á morgun [í dag] en ég veit hins vegar ekkert hvernig framhaldið verður. Ég hef aldrei áður þurft að leita til lögfræðinga á minni ævi,“ segir Egill.

Páll Magnússon útvarpsstjóri telur viðbrögð 365 við brotthvarfi Egils afar sérkennileg en ítrekar að það sé ekki Ríkisútvarpsins að velta því fyrir sér hvað hafi farið á milli Egils og forstjóra 365 í aðdraganda málsins. Páll skilur ekki þegar fólk er þvingað til vinnu með fógetavaldi.

„Mér finnst afskaplega sérkennilegt þegar fólk vill hætta í vinnu sinni, að vinnuveitandi skuli hanga á því fólki eins og hundur á roði. En menn þurfa auðvitað að fljúga eins og þeir eru fiðraðir,“ segir Páll.

Spurður hvort Ríkisútvarpið muni styðja við bakið á Agli í þeirri deilu sem upp er komin sagði Páll að stofnunin styddi alltaf sitt starfsfólk. - kh/vig



**PÁLL MAGNÚSSON** Skilur ekki hvernig fyrirtæki sjá hag sinn í að þvinga fólk til að vinna hjá því.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarmennirnir **Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson** og **Dr. Gunni** sáust báðir á göngum Sjónvarpsins um daginn og er talið líklegt að þeir séu að vinna að nýju verkefni saman þótt hvorugur hafi viljað staðfesta það. Dr. Gunni segir þó á heimasíðu sinni að hann hafi verið á áríðandi fundi í Ríkisútvarpinu en megi ekki segja „múkk“. Talið er að Þorvaldur og Gunni séu að fara byrja með nýjan þátt í anda „Rock School“ sem Gene Simmons úr Kiss stýrði en í þeim þáttum tók hann unga og óharðnaða unglinga og kenndi þeim allt um það hvernig alvöru rokkstjörnur bera sig. Þótt Þorvaldur og Gunni teljist seint vera jafn harðir rokkarar og Simmons gæti þetta orðið áhugaverð tilraun.



Sjónvarpsstjörnurnar **Sveppi** og **Auddi** skelltu sér út á lífið með vini sínum **Eiði Smára Guðjohnsen** eftir landsleikinn á laugardagskvöld. Þeir félagar skemmtu sér hið besta og létu ekki jafnteflið við Liechtenstein hafa af sér gott kvöld. Á ferð sinni um miðborgina heilsuðu þremenningarnir upp á **Jójó** götuspilara í Austurstrætinu sem tók að venju lagið Traustur vinur að beiðni sjónvarpsmannanna. Götuspilarinn kannaðist aftur á móti ekkert við landsliðsfyrirliðann og spurði þá Sveppa og Audda, eftir að þeir höfðu lagið með honum, hvort þeir væru komnir með rótara með sér.



-kh / hdm

# Skáldin guggnuðu á bátnum

„Við lentum því miður á báti sem hafði aldrei áður verið róið á. Hann var ekki þannig búinn að við næðum okkar besta hraða og þær færeysku höfðu því betur sem fyrr,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri bókaútgáfunnar JPV, sem þurfti ásamt liði sínu að láta í minni pokann fyrir færeyska saumaklúbbnum Stokkunum í hinni árlegu róðrarkeppni sem haldin er á sjómannadaginn.

Egill og félagar í JPV fengu þó ágætis tíma, tvær mínútur og níu sekúndur. En það dugði ekki til. Færeyski saumaklúbburinn var tuttugu sekúndum á undan.

Lið JPV átti upphaflega að vera skipað skáldum en svo fór að aðeins eitt mætti til leiks, Hugleikur Dagsson. „Skáldin guggnuðu á bátnum þannig að við þurftum að reiða okkur á eigin starfsmenn, sem var í fínu lagi. Við áttum sigurinn vísan þar til við fengum vitlausan bát,“ segir Egill Örn. Þó var valinn maður í hverju rúmi hjá JPV. Auk Hugleiks og Dags reri Hrafn Margeirsson, fyrrverandi landsliðsmarkvörður, þýski ljósmyndarinn Thorsten Henn, Kristín Gunnarsdóttir, Ýr Gísladóttir og Anna Guðrún, sem allar starfa hjá útgáfufyrirtækinu. Sú síðastnefnda hreppti þó stýrimannshlutverkið.

Egill hefur síður en svo lagt árar í bát þótt keppnin hafi ekki farið eins og hann óskaði sér. „Við mætum tvíefld til leiks á næsta ári og hefjum stífar æfingar í sumar,“ segir Egill Örn, sem hefur ekki enn náð að landa róðrarbikarnum eftirsótta. - kh



**STOKKARNIR** Ósigrandi saumaklúbbur í róðrarkeppninni á sjómannadaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







Úr herstöð í háskólasamfélag:

# Nýjar stúdentaíbúðir í gömlu herstöðinni!

**Lúxusstúdentaíbúðir fyrir fjölskyldur og einstaklinga til leigu á sérstöku kynningarverði fyrir fyrstu íbúana í nýju háskólasamfélagi. Íbúðirnar eru leigðar út til háskólanema.**



**Þessi mynd er tekin á gömlu herstöðinni í fimm herbergja fjölskylduíbúð sem er nú leigð út til háskólanema.**

## Dæmi um íbúðir

**2 herbergja paraíbúð/tvíbýli**

Forstofa, setustofa, eldhúskrókur með ísskáp og eldavél. Baðherbergi með baðkari. Sérstakt fataherbergi og geymsla. Í sameign er setustofa, stórt sameiginlegt eldhús, þvottahús og fullbúin líkamsræktarstöð.
Stærð: **55 m²**

**3 herbergja íbúð**

Tvö svefnherbergi, stór stofa með borðstofu og baðherbergi með baðkari. Eldhúsi fylgir eldavél, bakarofn, ísskápur og uppþvottavél. Þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Í sameign er stór setustofa. Verönd/Svalir.
Stærð: **94 m²**

## Dæmi um íbúðir

**4 herbergja íbúð**

Þrjú svefnherbergi, stór stofa með borðstofu og tvö baðherbergi. Eldhúsið er rúmgott og því fylgir eldavél, bakarofn, uppþvottavél og ísskápur. Þvottahús með þvottavél og þurrkara. Í sameign er stór setustofa. Verönd/svalir.
Stærð: **120–140 m²**

**Innifalið í hagstæðu leiguverði er nettenging og strætisvagnar milli svæðisins og háskóla á höfuðborgarsvæðinu.**

Upplýsingar um leiguverð á **www.keilir.net**

## Merki

**Keilir**
Atlantic Center of Excellence

**Keflavíkurflugvelli** **Sími: 578 40 00** **www.keilir.net**

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




BAKÞANKAR

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

# *Velgjörðarmenn fátækra stúlkna*

Um súludans og vændi virðist oft ekki mega tala um án þess að sjálfskipaðir verndarar frelsis stígi fram. Þeir vilja vernda þessar atvinnugreinar og hafa jafnan bent á, máli sínu til stuðnings, að vændi sé til að mynda ein elsta atvinnugrein heims. Fólk eigi að hafa rétt til að gera það sem það vill við líkama sinn. Ég hef aldrei áttað mig á því að það sé einhver rökstuðningur að vændi hafi lengi verið til í mannlegu samfélagi. Margt fleira hefur lengi verið til sem ekki líðst nú á tímum. Nefnum sem dæmi þrælahald. Ekki verjum við frelsi til þrælahalds. Boðberi frelsis myndi líklega hlaupa til og segja að vændi og þrælahald séu ekki sambærileg. Því næst myndu þeir benda á að stúlkurnar sem hingað koma til lands til að dansa sæju oft fjölskyldu sinni farborða í heimalandinu þar sem ekkert væri fyrir þær að hafa.

**EF** þræl yrði gefið frelsi en hann teldi sig ekki hafa í neitt hús að vernda annað en hjá húsbónda sínum væri frelsi hans lítils virði. Ef stúlka telur sig ekki hafa nein önnur úrræði í veröldinni en að selja líkama sinn, hvert er þá frelsi hennar?

**Á** Íslandi eru margir sem dálæti hafa á listdansi, eins og súludans hefur oft verið kallaður. Til að fá listrænni þrá sinni fullnægt eru menn tilbúnir að eyða tugum og hundruðum þúsunda í að kaupa drykki handa listamönnunum og til að fá að horfa á þá framkvæma gjörning sinn í einrúmi. Miðað við þann mikla fjölda listunnenda sem tilbúnir eru að veita háum fjárhæðum í að fylgjast með ómenntuðum dönsurum næturklúbbanna segir mér hugur að sýningar menntaðra dansara hjá Dansflokknum gangi vel.

**ÞAÐ** vita allir að vændi fer fram á Íslandi og að hægt er að kaupa konur inni á dansstöðunum. Þeir sem það gera fría sig samt jafnan allri ábyrgð með því að telja sér trú um að með þúsundköllunum með þeir rétta stúlkunum geti þær borgað leigu, brauðfætt fjölskyldur sínar og kostað sig í nám. Þannig sannfæra þeir sig um að þeir séu velgjörðarmenn stúlknanna. Ægilega góðir.

**FRÆGASTI** danshaldari á Íslandi hefur oft greint frá því að hann viti ekkert um vændi. Auðvitað segir hann það, hvað annað. Við höfum svo oft heyrt danshaldara halda þessu fram, þvert ofan í allar aðrar upplýsingar. Þegar blaðamenn Ísafoldar sögðu aðra sögu en þá sem við vorum orðin vön að heyra frá eigendum staðanna og bentu á að lánsömu stúlkurnar eru jafnan kallaðar druslur og hórur varð fólk hissa. Jafnvel þótt það hefði aldrei haldið neitt annað.

**GREININ** markaði viss tímamót því loksins voru orð stúlknanna tekin fram yfir orð yfirmanns þeirra. Þær voru sjálfar spurðar hvort hægt væri að kaupa kynlíf og þær voru sjálfar spurðar hvort þeim þætti þetta gaman. Þær höfðu aðra sögu að segja en yfirmaður þeirra.


HVÍTA HÚSIÐ/SIA -

NÚ ER
RÉTTI TÍMINN
TIL AÐ SKIPTA

Keyrðu inn í sumarið á nýjum Sorento



KIA Sorento – fullbúinn alvörujeppi

**3.445.000 kr.**

**KIA Sorento** með ríkulegum staðalbúnaði

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið og þokuljós
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)*
- þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

**Sumarpakki**
**Dráttarbeisli, sumar- og vetrardekk innifalin í verði**

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**Sorento 2,5 EX dísil, beinskiptur 3.445.000 kr.**
**Sorento 2,5 EX dísil, sjálfskiptur 3.645.000 kr.**

* á við um sjálfskipta bíla

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu HEKLU.

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS The Power to Surprise™